



22.10 Brugghús
Hafnargata 11
Grindavík

Grindavík, 04.03.2021

Umsögn vegna erindis nr. 504: áfengislög

22.10 brugghús er lítið handverksbrugghús staðsett í Grindavík. Við höfum hafið framleiðslu á bjór og á næstu misserum mun bætast við starfsemi okkar lítil bruggstofa. Við komum til með að markaðssetja okkur á þann hátt að laða til okkar ferðamenn og litla hópa í bjórsmakk. Einnig munum við selja bjórin okkar á veitingastaði í nágrenni við okkur. Við sjáum það ekki sem hagkvæman kost fyrir okkur að selja okkar bjór í verslanir ÁTVR, sökum smæðar framleiðslunnar. Við fögnum því að frumvarp nr. 504 hafi verið lagt fram þar sem við sjáum fyrir okkur að það styrki fyrirtæki okkar að geta selt okkar bjór beint til okkar viðskiptavina án milliliðs. Ef leyfilegt yrði að selja bjór beint frá brugghúsinu býður það upp á þann möguleika að afhenda drykkina í margnota umbúðum, sem er frábært fyrir umhverfið. Okkar hugsjón sem handverksbruggarar og eigendur brugghúss er að auðga menningu bæjarins og skapa notalegt og skemmtilegt umhverfi fyrir viðskiptavini. Í framleiðslu okkar á bjór leggjum við áherslu á gæði, fullnýtingu hráefnis og frumlegheit.

Fyrir hönd 22.10 Brugghúss

Steinþór Júlíusson og Hjörtur Pálsson, eigendur.

Austri Brugghús er lítið brugghús á Egilsstöðum. Félagið hefur starfað við framleiðslu á öli síðan 2017 og gert tugi mismunandi bjórstíla og með því vakið áhuga Austfirðinga á smáframleiðslu og nýtingu hráefna úr heimabyggð við matvælagarð. Einnig hefur framleiðslan vakið mikinn áhuga erlendra ferðamanna og við brugghúsið er rekinn gestastofa þar sem heimamenn og ferðalangar koma títt og gæða sér á góðu úrvali af bjórum frá Austra.

Fyrir lítið brugghús eins og Austra myndi skipta miklu máli að geta selt vöruna beint til neytanda. Dreifingarmiðstöð ÁTVR er staðsett hinu megin á landinu og því mikill kostnaður sem fylgir því að flytja allar vörur til Reykjavíkur áður en þær fara í dreifingu og almenningi gefst kostur á að kaupa þær. Það myndi því minnka kostnað og hægt væri að líta til umhverfisvænni lausna í málum tengdum sölu til almennings.

Austri brugghús fagnar því að þetta frumvarp sé komið fram. Verði það samþykkt mun það vera lyftistöng fyrir rekstur smárra framleiðenda um land allt og skipta sköpum fyrir þau svæði þar sem byggð er brothætt og hvert starf mikilvægt. Einnig mun það hafa það í för með sér að neytandi getur fengið ferskari vörur og í smærra upplagi og umhverfisvænni pakkningum en hefur tíðkast með núverandi formi.

Fyrir hönd Austra Brugghús ehf.

Friðrik Bjartur Yfirbruggari

Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), 504. mál 151. löggjafarþings.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), sem er 504. mál 151. löggjafarþings, á þskj. nr. 850.

Með frumvarpinu er lagt til að veitt verði undanþága frá einkaleyfi ÁTVR til smásölu áfengis hér á landi og brugghúsum gert kleift að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað í því skyni að styðja við starfsemi minni áfengisframleiðenda og jafna samkeppnisstöðu þeirra við stærri framleiðendur. Gerð er tillaga um að þeir handhafar áfengisframleiðsluleyfa, sem framleiða minna en 500.000 áfengislíttra á ári, geti með tilteknum skilyrðum fengið framleiðslusöluleyfi sem ná til áfengs öls, gerjaðs úr möltuðu eða ómöltuðu korni, sem inniheldur ekki meira en 12% af hreinum vínanda. Frumvarpinu er ekki ætlað að hrófla við hlutverki Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, eftir því sem fram kemur í greinargerð með því. Þar segir jafnframt að tilgangur frumvarpsins sé að styðja við smærri brugghús, sérstaklega á landsbyggðinni.

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að gera þau tölulegu viðmið sem frumvarpið byggir á að sérstöku umfjöllunarefni, þ.e.a.s. að veita megi handhöfum framleiðsluleyfa sem framleiða innan við **500.000 áfengislíttra á ári** heimild til þess að selja í smásölu öl, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni, til og með **12% hámarksstyrkleika**. Þetta eru sömu stærðir og byggt er á í Finnlandi, en í greinargerð með fyrirleggjandi frumvarpi segir einmitt að við mótun tillagna þess hafi sérstaklega verið horft til nýlegrar lagasetningar þar í landi. Rétt er að benda á að þegar tilvitnuð lög voru sett á árinu 2017 töldu Finnar sig ekki geta veitt viðtækari undanþágu frá einkarétti ríkisins til smásölu áfengis án þess að eiga á hættu að brjóta gegn Evrópurétti. **Nauðsynlegt er að undirstrika að útilokað er að álykta án frekari könnunar að sömu viðmið geti gilt hér á landi án þess að farið verði á svig við kröfur Evrópuréttar.** Ef stærð brugghúsa er sett í samhengi við fjölda landsmanna jafngildir 500.000 lítra viðmið Finna, sem eru ca. 5.550.000 talsins, rétt ríflega **31.000 lítra** ársframleiðslu hér á landi, miðað við að fjöldi Íslendinga sé ca. 345.000. Til þess að setja framleiðslumagnið í samhengi við stærð

bjórmarkaðarins hér á landi skal jafnframt bent á að á árinu 2020 nam heildarsala á öli að framangreindum styrkleika 20.581.691 lítrum í öllum vínbúðum ÁTVR. Eftir því sem fram kemur í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi eru á þriðja tug brugghúsa aðilar að Samtökum íslenskra handverksbruggshúsa. Ef tuttugu þeirra myndu á einu ári selja allt að 500.000 lítra eigin framleiðslu í smásölu á grundvelli undanþáguheimildarinnar næmi heildarsala þeirra allt að 10.000.000 áfengislítrum, sem samsvarar hátt í helmingi allrar bjórsölu ÁTVR síðastliðið ár. Því getur varla talist um þrönga undanþágu frá ríkiseinkasölu að ræða.

Að því er 12% styrkleikaviðmiðið varðar eru forsendur einnig gerólíkar hér og í Finnlandi. **Í Finnlandi takmarkast einkasala ríkisins við áfengi sem inniheldur að rúmmáli meira en 5,5% af hreinum vínanda á meðan allt áfengi fellur undir einkasölu hér.** Einkaaðilar, framleiðendur og aðrir, geta þar fengið leyfi til smásölu áfengis sem inniheldur til og með 5,5% af hreinum vínanda miðað við rúmmál. Sé miðað við sölutölur ÁTVR á árinu 2020 nam heildarfjöldi seldra lítra af áfengu öli, gerjuðu úr möltuðu eða ómöltuðu korni, til og með 5,5% að styrkleika 14.675.742 lítrum, sem er ríflega 71% af heildarsölu öls í vínbúðunum. **Það gefur því auga leið að miðað við tillögur frumvarpsins myndi smásala áfengis á framleiðslustað skarast verulega meira við einkasölu ríkisins hér á landi en á við um finnska fyrirkomulagið.** Þá verður að benda á að mun ítarlegri skorður eru settar varðandi leyfisveitingar og eftirlit með áfengissölu framleiðenda í Finnlandi en gert er ráð fyrir í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Nánar verður farið yfir framangreinda þætti síðar í umsögninni.

Þrátt fyrir að fyrirbyggjandi frumvarp láti e.t.v. lítið yfir sér við fyrstu sýn yrði höggvið stórt skarð í rótgróna einkasölu íslenska ríkisins á áfengi með því að heimila hér hagnaðardrífna smásölu áfengra drykkja. Með þeirri undanþágu sem frumvarpið gerir ráð fyrir myndu forsendur fyrir rekstri ÁTVR að öllum líkindum breyta. Til þess að gera langa sögu stutta er áfengissala beint frá býli afar flókið lögfræðilegt viðfangsefni og svigrúm til þess að heimila áfengisframleiðendum smásölu áfengis á framleiðslustað að öllum líkindum mjög þröngt. Þó er rétt að taka fram að slíkt fyrirkomulag er ekki endilega útilokað. ÁTVR telur hins vegar nauðsynlegt að stjórnvöld ráðist ekki í svo afdrífamiklar lagabreytingar nema að vel ígrunduðu máli. Kjósi löggjafinn að heimila sölu áfengis á framleiðslustað þarf að gæta þess vandlega að útfærsla fyrirkomulagsins byggi á traustum lögfræðilegum grunni og mun ítarlegri greiningu á aðstæðum og afleiðingum en fyrirbyggjandi frumvarp byggir á. Í því samhengi þurfa lýðheilsusjónarmið að vera í algjörum forgrunni.

Evrópuréttur setur ríkiseinkasölum strangar skorður sem gæta þarf að. Líklegt er að lagabreytingar um undanþágu frá einkarétti íslenska ríkisins til smásölu áfengis þyrfti að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA, enda má ætla að opnun nýrrar leiðar til smásölu áfengis sem aðeins næði til innlendrar framleiðslu hefði neikvæð áhrif á frjálst vöruflæði og viðskipti milli aðildarríkja EES – því meiri eftir því sem umfang undanþágunnar frá einkasölu væri.

Þá telur ÁTVR að á meðal þess sem þarfnist frekari skoðunar sé nánari skilgreining þeirrar vöru sem undanþiggja ætti einkasölu, magn þess áfengis sem selja mætti á framleiðslustað og skilgreining þeirra framleiðenda sem undanþágunni er ætlað að ná yfir, m.a. til þess að fyrirbyggja sniðgöngu við heimildina. Að auki þyrfti að huga vel að almennum skilyrðum leyfisveitinga, s.s. varðandi sjálfstæði framleiðenda, sölutíma, afmörkun sölustaða, eftirlit, öryggiskröfur og fleira af þeim toga. Þá blasir að mati Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins við að skoða þurfi samkeppnissjónarmið í þessu samhengi. Í þessari umsögn verður leitast við að varpa ljósi á suma þessa þætti en umfjöllunin er langt í frá tæmandi.

Í inngangsorðum frumvarpsins er fullyrt að í nágrannalöndum Íslands sé smærri brugghúsum almennt heimilt að selja áfengi öl í smásölu, þó með mismunandi takmörkunum. Þetta er rangt, eða í það minnsta mikil einföldun, og því óhjákvæmilegt að rekja í umsögn þessari í meginatriðum helstu reglur sem þar gilda um umfang ríkiseinkasölu með áfengi, þær undanþágur sem gerðar eru vegna smásölu á framleiðslustað og forsendur fyrir þeim. Eigin smásala áfengisframleiðenda, eða sala beint frá býli, hefur verið talsvert í deiglu hjá nágrannaþjóðunum undanfarin ár og vandaðar og ítarlegar greiningar verið gerðar á réttarumhverfinu. Greinargerð þessari fylgja hlekkir á áfengislöggjöf Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, frumvarp til breytinga á norsku áfengislögunum frá árinu 2016, frumvarp til nýrra áfengislaga í Finnlandi frá 2017, tengill á úttektina *EØS-rettslig vurdering av om salg av alkohol fra nisjeprodusenter kan tillates uten å svekke dagens monopolordning*, sem unnin var fyrir norsk stjórnvöld árið 2014 og ítarleg rannsókn sem sænsk stjórnvöld létu framkvæma á árinu 2010 um sölu beint frá býli, *Gårdsförsäljning*. Auk þess fylgir hlekkur á beiðni sænsku ríkisstjórnarinnar frá því í nóvember 2020 um ítarlega greiningu á forsendum fyrir smásölu áfengis á framleiðslustað, *Gårdsförsäljning av alkoholhaltiga drycker*. Loks fylgja hlekkir á tvo dóma Evrópudómstólsins. Annars vegar í máli nr. C-198/14, *Visnapuu*, frá 12. nóvember 2015 og hins vegar í máli C-189/95, *Franzén*, sem kveðinn var upp 23. október 1997. Vísað er til þessara gagna til fyllingar umfjöllun í greinargerð þessari, sem skiptist í eftirfarandi þætti:

- I. Tilefni og nauðsyn lagasetningar
- II. Umfang ríkiseinkasölu
- III. Kröfur til rekstrar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, útsölastaðir, opnunartímar o.fl.
- IV. Forsendur Evrópuréttar fyrir ríkiseinkasölu
- V. Gildissvið EES-samningsins
- VI. Smásala áfengis á framleiðslustað í Noregi
- VII. Smásala áfengis á framleiðslustað í Finnlandi
- VIII. Smásala áfengis á framleiðslustað í Svíþjóð
- IX. Tölulegar upplýsingar
- X. Einstök atriði frumvarpsins
 1. Skilgreining þess áfengis sem selja má
 2. Skilgreining framleiðenda og framleiðslustaðar, hættu á sniðgöngu o.fl.
 3. Samkeppnissjónarmið, verðlagning o.fl.
 4. Lýðheilsusjónarmið og samfélagsleg ábyrgð
 5. Leyfisveiting og eftirlit
- XI. Niðurstöður

I. Tilefni og nauðsyn lagasetningar

Fyrir liggur að nauðsyn kallar ekki á þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar. Tilefni þeirra er hins vegar fjölgun smærri brugghúsa og aukinn áhugi á innlendri áfengisframleiðslu, einkum á því sem kalla má handverksöl. Í frumvarpinu er rakin stofnun Samtaka íslenskra handverksbrugghúsa á árinu 2018 og vísað til þess að ferðamennska hafi síðustu ár byggst upp í kringum smærri brugghús, sem eigi sérstaklega við á landbyggðinni. Frumvarpið styðji því við þá stefnu stjórnvalda að efla atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Borið hafi á því að smærri brugghús hafi átt erfitt með að fá vörur sínar seldar í verslunum ÁTVR og frumvarpinu sé ætlað að auðvelda þessum aðilum að nálgast neytendur. Þannig sé leitast við að jafna samkeppnisstöðu þeirra við stærri áfengisframleiðendur. ÁTVR telur rétt að benda á að allir áfengisframleiðendur og –birgjar hafa jafna möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðunum. Dreifing vöru ræðst af söluframlegð en söluferlið er nákvæmlega útlistað í reglugerð nr. 1106/2015, um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (vöruvalsreglugerð). Framleiðslumagn getur þó vissulega haft áhrif og takmarkaðar heimildir eru til þess að rýmka til fyrir sölu handverksöls í nærumhverfi framleiðenda þess, eins og kallað hefur verið eftir. Þó getur ÁTVR ákveðið á grundvelli heimildar í 27. gr.

vöruvalsreglugerðarinnar að tiltekna vínúðir hafi staðbundið vöruúrval umfram grunnvöruúrval vegna staðbundinnar eftirspurnar eftir ákveðnum vörum. Þessi heimild getur t.a.m. nýst smærri brugghúsum með framleiðslu á landsbyggðinni.

Umræða um það hvort og með hvaða hætti mætti koma til móts við framangreind sjónarmið smærri brugghúsa, einkum utan helstu þéttbýlissvæða, er ekki ný af nálinni og engan veginn bundin við Ísland. Allar nágrannaríkjóðir okkar sem búa við fyrirkomulag ríkiseinkasölu á áfengi hafa fengist við sama úrlausnarefni á síðasta áratug, eins og áður segir. Það er að mati ÁTVR mikilvægt að leitað sé í reynslubrunn þeirra ef útfæra á heimild til smásölu áfengis á framleiðslustað - en um leið þarf að huga vandlega að þeim þáttum sem greina einkasölur þessara ríkja að og hafa afgerandi áhrif á svigrúm til sölu beint frá býli.

II. Umfang ríkiseinkasölu

Einkaréttur ríkisins til smásölu áfengis hefur um langt skeið verið hornsteinn íslenskrar áfengisstefnu. Sama gildir um nágrannalöndin Noreg, Svíþjóð og Finnland. Að gildandi lögum er kveðið á um einkaréttinn í 10. gr. áfengis laga nr. 75/1998, en þar segir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi einkaleyfi til smásölu áfengis. Í 7. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak er nánar tiltekið að einkaleyfi ÁTVR nái til þess að selja og afhenda áfengi í smásölu.

Einkaréttur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins nær til alls áfengis, þ.e.a.s. hvers neysluhæfs vökva sem í er að rúmmáli meira en **2,25%** af hreinum vínanda, sbr. 1. mgr. 2. gr. áfengislaganna. Efni þau sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika skal fara með sem áfengan drykk. Til samanburðar er nauðsynlegt að benda á að einkasala norska ríkisins, Vinmonopolet, tekur aðeins til áfengis sem í er að rúmmáli meira en **4,7%** af hreinum vínanda. Í Svíþjóð er öl, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni sem í er allt að **3,5%** af hreinum vínanda undanþegið einkasölu ríkisins í verslunum Systembolaget. Loks nær einkasala finnska ríkisins, Alko, ekki til annarra áfengra drykkja en þeirra sem innihalda að rúmmáli meira en **5,5%** af hreinum vínanda. Í þessum nágrannalöndum okkar hefur löggjafinn ákveðið að lýðheilsusjónarmið kalli ekki á að smásala áfengis sem er að styrkleika undir framangreindum mörkum skuli vera háð einkasölu ríkisins og bundin því aðhaldi sem slíku fyrirkomulagi fylgir.

Ótvírætt er að eigin smásala áfengisframleiðenda er í dag að öllu óheimil samkvæmt íslenskum rétti. Tekið skal fram að áfengisframleiðendur, stórir sem smáir, geta hins vegar *veitt* áfengi á

framleiðslustað að fengnu vínveitingaleyfi í samræmi við ákvæði laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

III. Kröfur til rekstrar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, útsölastaðir, opnunartímar o.fl.

Starfsemi ÁTVR er markaður rammi í lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak, sem áður var getið, en þeim er samkvæmt markmiðsákvæði 2. gr. laganna m.a. ætlað að

- skilgreina umgjörð um smásölu áfengis sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð,
- takmarka og stýra aðgengi að áfengi og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu og
- vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og takmarka framboð á óæskilegum vörum.

Verðlagning á áfengi er fastákveðin í 9. gr., en vöruverð í verslunum ÁTVR skal vera það sama alls staðar á landinu. Álagning á áfengi með 22% eða lægra hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 18% en álagning áfengis með meira en 22% hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 12%. Álagningin leggst á verð vöru að viðbættum öllum gjöldum nema virðisaukaskatti.

ÁTVR skal skv. 10. gr. áfengislaga og sömu lagagrein laganna um verslun með áfengi og tóbak sækja um leyfi til rekstrar áfengisverslunar til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

Smásöluleyfi sem gefið er út vegna áfengissölu í fyrsta sinn gildir í eitt ár, sbr. 1. mgr. 10. gr. áfengislaga. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó afturköllun leyfis skv. 24. gr., en leyfisveitandi skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt áfengislögunum ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.

Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal hún skv. 11. gr. áfengislaganna leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölastaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu verslunar, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði. Loks skal sveitarstjórn tilkynna viðkomandi sýslumanni um leyfi sem hún veitir til rekstrar áfengisútsölu og um þau skilyrði sem leyfið er bundið.

ÁTVR skal skv. 2. mgr. 10. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak og 1. mgr. 12. áfengislaganna ábyrgjast fullnægjandi öryggis- og eftirlitsbúnað þess húsnæðis sem hýsa á útsölastaðinn, afmörkun og aðgreiningu húsnæðis og rekstrar frá öðrum verslunarrekstri, sem og hámarksafgreiðslutíma. Ráðherra hefur í 3. gr. reglugerðar nr. 177/1999 um smásölu og veitingar áfengis kveðið á um að afgangi útsölastaða áfengis skuli aldrei vera lengri en frá klukkan 8.00 til klukkan 23.00. Þá segir í 2. mgr. 12. gr. áfengisлага að áfengisútsölastaðir skulu vera lokaðir á helgidögum Þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

Verslanir ÁTVR eru nú fimmtíu talsins, auk vöruhúss þar sem pantanir úr vefverslun eru afgreiddar. Þrettán vínbúðanna eru á höfuðborgarsvæðinu og 37 á landsbyggðinni. Á síðustu tíu árum hefur vínbúðunum aðeins fjölgað um eina, sem er útibú ÁTVR á Kópaskeri. Opnunartíminn er lengstur í verslununum á Dalvegi, Skeifunni og Skútuvogi: Kl. 10-20 frá mánudegi til föstudags og kl. 11-18 á laugardögum. Allar verslanir ÁTVR eru lokaðar á sunnudögum. Algengast er að opið sé milli kl. 11 og 18 mánudaga til fimmtudaga, kl. 11-19 á föstudögum og kl. 11-16 eða 11-18 á laugardögum.

Eins og áður hefur komið fram ber ÁTVR að gæta að jafnræði við val á vöru og ákvörðun um sölu og dreifingu áfengis, skv. 1. mgr. 11. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak. Í 2. mgr. ákvæðisins er ÁTVR heimilað að hafna áfengi ef varan sjálf, umbúðir hennar eða markaðssetning:

- a. höfðar sérstaklega til barna eða ungmenna yngri en 20 ára, m.a. hvað varðar texta, myndmál eða form,
- b. sýnir börn eða ungmenni yngri en 20 ára,
- c. gefur til kynna að áfengi auki líkamlega, andlega, félagslega eða kynferðislega getu,
- d. gefur til kynna að áfengi hafi lækningaeiginleika,
- e. felur í sér happdrætti, tilboð eða kaupauka,
- f. hvetur til óhóflegrar neyslu áfengis,
- g. tengist aðstæðum þar sem neysla áfengis skapar slyshættu eða er refsiverð,
- h. skírskotar eða hvetur til refsiverðrar háttsemi,
- i. skírskotar eða hvetur til neyslu ólöglegra ávana- og fíkniefna.

ÁTVR er skv. 3. mgr. ákvæðisins heimilt að hafna áfengi ef umbúðir þess líkjast svo annarri vöru sem boðin er til sölu eða auglýst á almennum markaði hér á landi að neytendur geta ekki auðveldlega greint á milli þeirra. Þá er ÁTVR heimilt að hafna áfengi sem inniheldur koffeín

og önnur örvandi efni, sbr. 4. mgr. 11. gr. Í samræmi við reglugerðarheimild 5. mgr. hefur ráðherra sett reglugerð nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, sem vikið var að í kafla I.

Í 12. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak er gerð sú krafa að ÁTVR skuli veita viðskiptavinum góða og vandaða þjónustu sem byggist á fagmennsku og hlutleysi. Veita skuli viðskiptavinum ítarlegar upplýsingar um þá vöru sem er á boðstólum, allt eftir því sem samrýmist lögnum, áfengislögum og öðrum lagafyrirmælum og reglum á hverjum tíma. Upplýsingarnar eiga að fela í sér almenna fræðslu um áfengi, uppruna þess, meðferð og notkun. Þá á ÁTVR að standa fyrir eða veita upplýsingar um mögulega skaðsemi vörunnar og þá áhættu sem getur fylgt neyslu áfengis.

ÁTVR er gert að starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skaðlegri neyslu áfengis, sbr. 1. mgr. 12. gr. laganna. Þegar ástæða er til að ætla að kaupandi hafi ekki náð aldri til að kaupa áfengi samkvæmt áfengislögum skal ÁTVR skv. 2. mgr. ákvæðisins ávallt láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt. Samkvæmt 3. gr. er ÁTVR heimilt að neita að selja eða afhenda áfengi ef viðkomandi er áberandi ölvaður.

Sérstakur stjórnarsýslukafla er í lögnum um verslun með áfengi og tóbak, en í 1. mgr. 4. gr. er áréttað að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé sérstök stofnun undir stjórn fjármála- og efnahagsráðherra. ÁTVR skal m.a. haga starfsemi sinni í samræmi við áfengislög og stefnu stjórnvalda á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Starfsemin skal miðuð við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila hæfilegum arði til ríkissjóðs, m.a. með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri ÁTVR, sbr. 3. mgr.

Kveðið er á um skipan forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í 5. gr. laganna, en ráðherra skipar forstjóra ÁTVR til fimm ára í senn. Forstjórinn skal hafa lokið háskólaprófi sem nýtist honum í starfi. Hann fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og ræður aðra starfsmenn. Hann ber ábyrgð á gerð ársskýrslu um rekstur og starfsemi ÁTVR og skal kynna hana fyrir ráðherra árlega. Í 18. gr. reglugerðar um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins nr. 756/2011 er tekið fram að reikningsár sé almanaksárið. Um bókhald, gerð ársreiknings og endurskoðun gilda lög nr. 145/1994, um bókhald, og eftir því sem við geta átt lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og lög nr. 86/1997, um ríkisendurskoðun. Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning að lokinni endurskoðun.

IV. Forsendur Evrópuréttar fyrir ríkiseinkasölu

Lýðheilsusjónarmið eru grundvöllur heimildar norrænu ríkjanna Íslands, Noregs, Finnlands og Svíþjóðar til starfrækslu ríkiseinkasölu með áfengi, en þessi ríki hafa ákveðið að þeim lýðheilsuþætti sem þau stefna að verði ekki náð með vægari hætti að því er snertir áfengi af þeim styrkleika sem einkaréttur hvers ríkjanna tekur til. Áfengiseinkasalan hefur nokkrum sinnum komið til kasta stofnana Evrópusamstarfsins. Af umfjöllun þessara aðila verður sú ályktun dregin að einkasalan sé m.a. háð því að samkvæmni sé gætt í framkvæmd áfengisstefnu hvers ríkis. Þá skulu aðildarríki gæta meðalhófs við val á leið að markmiðum sínum um heilsuvernd og takmarka þannig áhrif á viðskipti innan evrópska efnahagssvæðisins. Þetta kemur m.a. fram í dómi Evrópudómstólsins í máli C-189/95, *Franzén*, sem kveðinn var upp 23. október 1997.

Ítrekað hefur verið bent á að með því heimila áfengissölu beint frá býli sé hætt við að litið yrði svo á samkvæmnin væri rofin. Erfitt gæti reynst að réttlæta slíka sölu samhliða ríkiseinkasölu með sams konar vörur; hvort tveggja út frá sjónarmiðum um samkvæmni og vegna banns Evrópuréttar við mismunun. Þar koma til skoðunar annars vegar 11. gr., sbr. 13. gr. EES-samningsins og hins vegar 16. gr. samningsins og samsvarandi ákvæði Rómarsáttmálans.

Í 11. gr. EES-samningsins segir að magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, séu bannaðar milli samningsaðila en í 13. gr. eru svo rakin þau tilvik sem geta réttlætt undanþágu frá því banni. Þar segir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaoöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft megi þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila. Í Evrópuréttinum er litið svo á að lagaákvæði einstakra aðildarríkja sem fela í sér takmarkanir á frjálsu vörufærni skuli vera hæfileg til þess að tryggja þá lögmætu hagsmuni sem þeim er ætlað að tryggja og ekki sé gengið lengra en nauðsyn krefur.

Með 16. gr. EES-samningsins er aðildarríkjum gert að tryggja að ríkiseinkasölur geri engan greinarmun milli ríkisborgara á svæðinu hvað varðar skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar vara.

Evrópudómstóllinn fjallaði í fyrsta sinn um það hvort og þá að hvaða marki undanþága frá ríkiseinkasölu áfengis til sölu á framleiðslustað gæti samræmst Evrópurétti þegar dæmt var í máli C-198/14, *Visnapuu*, þann 12. nóvember 2015. Þar var undanþáguákvæði 2. mgr. 14. gr. þágildandi finnskra áfengislaga nr. 1143/1994, sem heimilaði áfengisframleiðendum í þröngt afmörkuðum tilvikum sölu á eigin vörum, á meðal þess sem dæmt var um. Þegar Finnar gengu í ESB á árinu 1995 hafði áfengislöggjöf þeirra að geyma þrönga heimild fyrir framleiðendur til smásölu áfengis á framleiðslustað. Rökin fyrir þessari undanþágu frá ríkiseinkasölu voru m.a. efling landbúnaðar og ferðaþjónustu, en heimildin takmarkaðist við gerjað áfengi að styrkleika að hámarki 13%. Finnska velferðarráðuneytið hafði með heimild í lagaákvæðinu sett þröng og ítarleg skilyrði fyrir leyfisveitingu á grundvelli undanþáguheimildarinnar. Krafa var gerð um að áfengisframleiðslan tengdist atvinnuvegum landsbyggðarinnar og heimildin takmarkaðist við gerjað ávaxta- og berjavín og hefðbundinn finnskan drykk sem á þarlandu máli kallast sahti. Vín gerjað úr þrúgum og korni féll utan heimildarinnar. Mikilvægt er að undirstrika að **einkaréttur ríkisins og salan beint frá býli skaraðist þannig aðeins þegar um var að ræða gerjað áfengi sem uppfyllti framangreind skilyrði ráðuneytisins og innihélt að rúmmáli meira en 4,7% af hreinum vínanda til og með 13%**. Smásala framleiðendanna var ýmsum frekari skilyrðum háð. Hver framleiðandi mátti þannig að hámarki selja 100.000 lítra á ári, salan mátti ekki tengjast vínveitingastarfsemi, hana mátti aðeins stunda á tilteknum tíma sólarhringsins, eftirlit var virkt o.s.frv.

ESB gerði ítrekað athugasemdir við finnska fyrirkomulagið á grundvelli meintrar mismununar gagnvart innflytjendum sambærilegrar vöru. Þegar finnska þingið hugðist á árinu 2009 víkka heimildina út þannig að hún tæki einnig til tiltekinnar tegunda áfengis upp að 22% styrkleika vínanda miðað við rúmmál lét framkvæmdastjórnin í ljós þá afstöðu sína að lagabreytingin stríddi gegn Evrópurétti og reglum um frjálst vöruflæði þar sem heimildinni væri einungis ætlað að ná til innlendrar framleiðsluvöru en ekki sambærilegrar vöru frá öðrum aðildarríkjum. Finnar féllu í kjölfarið frá fyrirhugaðri útvíkkun undanþágunnar frá smásölueinkaleyfi ríkisins.

Í dómi Evrópudómstólsins í *Visnapuu* málinu, var mál sem rekið var fyrir áfrýjunardómstólnum í Helsinki, *Helsingfors hovrätt*, tekið til forúrskurðar. Í umfjöllun Evrópudómstólsins um smásölu áfengisframleiðenda á framleiðslustað var m.a bent á að fyrirkomulagið sem að framan var lýst útilokaði framleiðendur frá öðrum aðildarríkjum og væri þannig til þess fallið að hygla innlendum framleiðendum þeirrar vöru sem heimildin næði til á kostnað framleiðenda annarra aðildarríkja. Fyrir hendi kynnu þó að vera réttlætningarástæður skv. 36. gr. Rómarsáttmálans,

sem er hliðstæð ákvæði 13. gr. EES-samningsins. Finnsla ríkisstjórnin vísaði til þess í málflutningi sínum fyrir Evrópuþómstólum að fyrirkomulag heimildarinnar til sölu beint frá býli væri í samræmi við sjónarmið um allsherjarreglu og heilsuverndarsjónarmið, en réttlættist auk þess af stuðningi við ferðaþjónustu. Undanþágan frá einkasölu ríkisins næði til takmarkaðs fjölda áfengisframleiðenda sem notuðust við hefðbundnar aðferðir og handverk. Heimild þeirra væri bundin við sölu á framleiðslustaðnum, en finnsk stjórnvöld gætu eðli máls samkvæmt ekki heimilað aðilum með framleiðslu í öðrum aðildarríkjum sölu utan finnsks yfirráðasvæðis.

Evrópuþómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í *Visnapuu* málinu að það væri í höndum innlenda dómstólsins að meta á grundvelli aðstæðna í málinu, sérstaklega í ljósi takmarkaðs umfangs undanþáguheimildarinnar og kröfunnar um hefðbundnar aðferðir og handverk við framleiðsluna, hvort sjónarmiðum um allsherjarreglu og heilbrigðisvernd hefði verið beitt til ólögmetrar mismununar gagnvart framleiðsluvörum annarra aðildarríkja og verndar innlendra vara á þeirra kostnað.

Áfrýjunardómstóllinn í Vasa í Finnlandi, *Vaasa hovrätt*, túlkaði í kjölfarið niðurstöðu Evrópuþómstólsins í dómi sem kveðinn var upp 25. maí 2016, VaaHo:2016:3. Málið sem þar var til umfjöllunar laut fyrst og fremst að lögmetri rekstrar einkaaðila á vínklúbbi. Á meðal þess sem kom í verkahring dómsins var að leggja mat á það hvort undanþága finnsku áfengislaganna til áfengissölu beint frá býli fæli í sér mismunun í skilningi Evrópuréttarins. Niðurstaðan dómstólsins var sú að áfengissala framleiðenda á grundvelli heimildarinnar væri smávægileg. Við framleiðslu þeirra væri beitt hefðbundnum aðferðum og handverki og starfsemin væri gjarnan tengd ferðaþjónustu. Heimildin hefði engin afgerandi áhrif á áfengismarkaðinn í Finnlandi og fæli því ekki í sér duldar hömlur á viðskipti milli aðildarríkja.

Tekið var mið af framangreindri réttarframkvæmd þegar heimild finnskra áfengisframleiðenda til sölu beint frá býli var útvíkkuð við gildistöku nýrra áfengislaga árið 2018, eins og nánar verður rakið í kafla VII.

V. Gildissvið EES-samningsins

Auk þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin skiptir máli við mat á svigrúmi íslenska ríkisins til þess að heimila undanþágu frá einkasölu ríkisins á áfengi að gera greinarmun á þeim áfengu drykkjum sem EES-samningurinn tekur til og því áfengi sem fellur utan við gildissvið hans.

Ólíkt því sem á við innan ESB fellur aðeins það áfengi sem er sérstaklega getið í bókunum við EES-samninginn undir gildissvið hans. Í bókun 3 er tiltekið það áfengi sem fellur undir tollflokkana 22.03 (öl gert úr malti), 22.05 (vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum) og 22.08 (ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur). Áfengi sem tilheyrir tollflokki 22.04 (vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í nr. 2009) fellur ekki beint undir gildissvið samningsins en skv. bókun 8 gildir 16. gr. hans, þ.e. ákvæðið sem fjallar um skilyrði til starfrækslu ríkiseinkasölu, hins vegar um þennan flokk áfengis. Áfengi í tollflokki 22.06 (aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður, hrísgrjónavín); blöndur gerjaðra drykkjarvara svo og blöndur gerjaðra drykkjarvara og óáfengra drykkjarvara) fellur hins vegar alfarið utan við gildissvið samningsins.

VI. Smásala áfengis á framleiðslustað í Noregi

Í norsku áfengislögunum, LOV-1989-06-02-27, *Lov om omsetning av alkoholholdig drikk m.v. (alkoholoven)*, er áfengi skipað í þrjá flokka, sbr. ákvæði § 1-3. Í flokki 1 eru drykkir sem innihalda frá 2,5% til og með 4,7% af hreinum vínanda miðað við rúmmál. Flokki 2 tilheyrir drykkir sem innihalda að rúmmáli meira en 4,7% en minna en 22% af hreinum vínanda. Í flokki 3 er svo skipað drykkjum sem í er 22% af hreinum vínanda miðað við rúmmál eða meira. Lögin fylgja umsögninni. Einkaréttur norska ríkisins til smásölu áfengis nær til drykkja í flokkum 2 og 3, eins og fram hefur komið, en aðrir geta að uppfylltum almennum skilyrðum áfengislaganna, s.s. varðandi bakgrunn fyrirsvarsmanna umsækjanda, opnunartíma, húsnæði, eftirlit, öryggi o.s.frv., fengið leyfi úr hendi sveitarstjórnar til smásölu áfengra drykkja í flokki 1, þ.e.a.s. sem áfengis sem inniheldur til og með **4,7%** af hreinum vínanda miðað við rúmmál.

Hér verður engin skörun við einkasölu ríkisins.

Áfengisframleiðendur í Noregi geta að tilteknum skilyrðum uppfylltum fengið leyfi til sölu tiltekinna tegunda áfengis á framleiðslustað. Heimildin er miklum takmörkunum háð en hana er að finna í § 3-1b í norsku áfengislögunum. Leyfi til sölu áfengis beint frá býli má skv. ákvæðinu að öllum skilyrðum uppfylltum veita:

- Annars vegar til smásölu drykkja í flokki 1, þ.e. til sölu á áfengi sem fellur utan einkaleyfis norska ríkisins. Þessi heimild kom inn í norsku áfengislögin árið 2012.

- Hins vegar til smásölu framleiðenda *tiltekinna* drykkja í flokki 2 sem falla utan við gildissvið EES-samningsins. Um afar þrönga heimild er að ræða sem veitt var haustið 2016.

Leyfisveitingin er í höndum sveitarstjórna, en auk þeirra skilyrða sem handhafar leyfa til sölu áfengis í flokki 1, þ.e. áfengi að styrkleika 4,7% að rúmmáli og veikara, þurfa almennt að uppfylla, hefur ákvæði § 1-7f að geyma tiltekin viðbótarskilyrði vegna smásölu framleiðenda. Þannig þarf sala á eigin framleiðslu ávallt að fara fram á framleiðslustaðnum og framleiðslan og salan að vera einkennandi eða „*utgjøre en del av stedets helhetlige karakter og salgstilbud*“. Þá mega vínveitingar og smásala ekki fara fram í sama rými, sbr. ákvæði § 3-1. og § 4-1.

Varðandi vörur í flokki 2, þ.e. áfengi sem inniheldur að rúmmáli meira en 4,7% en minna en 22% af hreinum vínanda, er hámarkssala hvers framleiðanda 15.000 lítrar á ári og **heimild er aðeins veitt til sölu áfengis sem fellur undir tollflokk 22.06 og er þar með utan gildissviðs EES-samningsins**. Hér er t.d. um að ræða eplavín, peruvín, mjöð og hrísgrjónavín, eins og fram kom í umfjöllun í kafla V. Eins má ekki blanda í drykkina sterku áfengi, *brennevin*, eða öðru áfengi sem ekki fellur undir tollflokk 22.06. Þá er skilyrði að einn þriðji einkennandi innihaldsefna áfengisins skuli vera eigin framleiðsla.

Aðdragandann að útvíkkun heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað til ákveðinna drykkja í flokki 2 á árinu 2016 má rekja til stefnuyfirlýsingar sitjandi ríkisstjórnar Noregs frá því í október 2013, þar sem vilja var lýst til þess að heimila minni áfengisframleiðendum takmarkaða smásölu á eigin afurðum, eða „*Åpne for produktprøver og begrenset alkoholsalg direkte fra nisjeprodusenter*“. Á grundvelli stefnuyfirlýsingarinnar kallaði norska velferðarráðuneytið eftir lögfræðilegri úttekt á því hvort Evrópuréttur gæfi svigrúm til þess að heimila slíka sölu á áfengi sem félli undir smásölueinkarétt ríkisins, þ.e.a.s. með meira en 4,7% styrkleika, án þess að veikja grundvöll einkasölunnar. Niðurstaða greiningarinnar, *EØS-rettslig vurdering av om salg av alkohol fra nisjeprodusenter kan tillates uten å svekke dagens monopolordning*, sem fylgir umsögn þessari var sú að svigrúmið ylti á því hvort áfengið félli undir gildissvið EES-samningsins eða ekki. Allar líkur væru á því að fyrirkomulag sem heimilaði innlendum framleiðendum smásölu á áfengi sem samningurinn tekur til fæli í sér ólögsmætá mismunun og bryti í bága við 11. grein hans um magntakmarkanir á innflutningi og/eða 16. gr. um skilyrði til starfrækslu ríkiseinkasölu. Að því er varðaði áfengi utan við gildissvið samningsins væri hins vegar að öllum líkindum svigrúm til þess að heimila sölu á framleiðslustað þó ekki væri hægt

að útiloka að EFTA dómstóllinn kæmist að annarri niðurstöðu ef á reyndi. Því takmarkaðri sem heimildin væri, þeim mun minni væru þó líkurnar á því.

Að auki var það niðurstaða úttektarinnar að smásala beint frá býli á áfengi sem annars er andlag einkasölu ríkisins myndi draga úr samkvæmni í framkvæmd áfengisstefnu stjórnvalda og veikja þar með grundvöll áfengiseinkasölnnar.

Frumvarp til þeirra laga sem útvíkkuðu heimildir framleiðenda til sölu áfengis á framleiðslustað var byggt á framangreindum niðurstöðum lögfræðigreiningarinnar. Frumvarpið ásamt lögskýringagögnum fylgir umsögn þessari. Þar er lögð rík áhersla á samkvæmni í framkvæmd áfengisstefnu og lagt til grundvallar að heimild til sölu beint frá býli skuli ekki hafa áhrif á einkasölu ríkisins.

VII. Smásala áfengis á framleiðslustað í Finnlandi

Ný áfengislög tóku gildi í Finnlandi árið 2018, *Alkohollag (1102/2017)*. Lögin fylgja umsögninni ásamt frumvarpi til laganna og ítarlegri greinargerð. Við gildistöku laganna var heimild til smásölu áfengis á framleiðslustað útvíkkuð frá því sem áður var og lýst hefur verið í kafla IV. Heimildin tekur nú einnig til handverksöls, *hantverksöl*, sem er ítarlega skilgreint í lögnum. Þá er þar að finna önnur skilyrði sem heimild til sölu handverksöls beint frá býli. Við mat á umfangi undanþágu finnsku áfengislaganna frá einkarétti ríkisins til smásölu áfengis er nauðsynlegt að hafa í huga að einkasalan nær einungis til áfengis sem inniheldur að rúmmáli meira en **5,5%** af hreinum vínanda. **Innihaldi áfengi, þ.m.t. handverksöl 5,5% eða minna af hreinum vínanda miðað við rúmmál verður engin skörun við ríkiseinkasöluna.**

Óhjákvæmilegt er að gefa finnska fyrirkomulagi áfengissölu beint frá býli sérstakan gaum, enda er margt tekið hrátt upp þaðan í frumvarpið sem hér er til umfjöllunar –þrátt fyrir gjörólíkar og ósamanburðarhæfar forsendur, hvort tveggja að því er markaðsstærð og umfang ríkiseinkasölu varðar.

Í 15. tl. 3. gr. finnsku áfengislaganna segir að handverksöl sé áfengur drykkur sem inniheldur að hámarki 12% af hreinum vínanda og sé framleiddur með gerjun úr möltuðu eða ómöltuðu korni. Við framleiðsluna hafi ekki verið notast við önnur framleiðsluefni en korn af öðrum plöntum, sykri, humlum og öðrum plöntuhlutum og kryddum sem felast í gerjuninni. Ölið þarf að vera framleitt í brugghúsi

- sem í lögfræðilegu og efnahagslegu tilliti er óháð öðrum áfengisframleiðendum,
- sem stundar rekstur sinn aðskilið frá öðrum áfengisframleiðendum,
- sem framleiðir ekki á grundvelli nytjaleyfis (licens) og
- sem framleiðir að hámarki 500.000 lítra af áfengi á hverju almanaksári.

Í 2. mgr. 15. gr. laganna kemur fram að leyfi til smásölu handverksöls taki til sölu innanhúss á einum smásölustað. Leyfið sé veitt framleiðanda ölsins og gildi um smásölu á framleiðslustað, þ.e.a.s. þar sem gerjun þess fer fram, eða í næsta nágrenni. Á smásölustaðnum megi einnig selja áfengi sem inniheldur 5,5% eða minna af hreinum vínanda miðað við rúmmál, þ.e.a.s. er undanþegið einkasölu finnska ríkisins.

Það skilyrði er einnig sett fyrir smásöluleyfi að leyfishafinn hafi gert ítarlega áætlun um eigið eftirlit, sbr. 3. mgr. 15. gr. svo og 56. gr. finnsku áfengislaganna. Þá getur leyfisveitandi á grundvelli 4. mgr. 15. gr. sett nánari skilyrði, s.s. um staðsetningu, eftirlit og öryggi. Áætlun um innra eftirlit skal m.a. innihalda eftirfarandi:

- Upplýsingar um leyfishafann.
- Upplýsingar um starfsstöð leyfishafans.
- Dagsetningu áætlunarinnar og dagsetningu samþykkis leyfisveitandans.
- Upplýsingar um þá sem skulu 1) tilkynna um breytingar á áætluninni, 2) sjá um tilkynningar og upplýsingar og afhenda leyfisveitanda þær og 3) innleiða og fylgja áætluninni.
- Hvernig gengið er úr skugga um hæfni starfsfólks.
- Hvernig haldið er utan um skráningu menntunar og hæfni starfsfólks.
- Hvernig leyfishafinn og þeir sem bera ábyrgð á áætluninni skuli fylgja því eftir að eigin eftirliti tilskipunum til starfsfólks sé fylgt.
- Greinargerð um lagerhald.
- Greinargerð um skipulag smásölunnar og sjóðvélar.
- Greinargerð og upplýsingar um þá sem ábyrgð bera á starfsemi.
- Áætlun um eftirlit með áfengissölu og skipulagi hennar.
- Hvernig gengið er úr skugga um að reglum um hámarksafgreiðslutíma sé fylgt.

Leyfi til smásölu áfengis eru veitt einstaklingum og lögaðilum á grundvelli umsóknar, að uppfylltum ítarlegum almennum skilyrðum sem lúta m.a. að því að umsækjandi skuli ekki vera gjaldþrota og sé fær um að standa við efnahagslegar skuldbindingar sínar. Þannig geta

skattskuldir t.d. staðið í vegi fyrir leyfisveitingu. Leyfisveitandi áskilur sér rétt til þess að leita upplýsinga hjá öðrum yfirvöldum, s.s. lögreglu og skattyfirvöldum.

Leyfishafi ber ábyrgð á því að afgreiðslufólk sé ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuegja. Á smásölu skal ávallt vera starfsmaður sem náð hefur átján ára aldri. Þeir sem náð hafa sextán ára aldri geta afgreitt áfengi í smásölu undir eftirliti sjálfráða starfsmanns.

Hámarksafgreiðslutími áfengis í smásölu er frá kl. 9 að morgni til kl. 9 að kvöldi og áfengi má ekki selja þeim sem eru yngri en átján ára. Ekki má afgreiða þá sem eru augljóslega undir áhrifum um áfengi í smásölu. Ekki má heldur selja þeim áfengi í smásölu sem grunur leikur á um að ætli sér að kaupa fyrir ölvaðan einstakling eða einhvern undir lögaldri.

Bannað er að gefa magnafslátt á áfengi sem selt er í smásölu. Þannig er t.a.m. bannað að bjóða tvær eða fleiri pakkningar af áfengi á niðursettu verði. Ýmsar takmarkanir gilda að auki um markaðssetningu áfengis sem selt er beint frá býli sem og annars áfengis í smásölu.

Tilkynna þarf svæðisstofnun ef til stendur að taka á móti áfengisþöntunum á Netinu. Vörur sem þannig eru pantaðar má aðeins afhenda á smásölu staðnum á hefðbundnum hámarksopnunartíma.

Leyfishafa ber árlega að skila leyfisveitanda upplýsingum um sölu ársins.

VIII. Smásala áfengisframleiðenda í Svíþjóð

Í Svíþjóð hefur umræða um það hvort heimila eigi áfengissölu beint frá býli verið áberandi síðustu ár. Árið 2010 lét sænska þingið framkvæma ítarlega greiningu á því hvort raunhæft væri og/eða æskilegt að heimila slíka starfsemi, sem væri einkum réttlætt út frá sjónarmiðum um eflingu landsbyggðarinnar og ferðamennsku. Skilyrði var að undanþáguheimildin samræmdist Evrópurétti og einkasölufyrirkomulaginu og hefði ekki neikvæð áhrif á lýðheilsu. Niðurstaða þessarar greiningar, *Gårdsförsäljning, Statens Offentliga Utredningar, SOU 2010:98*, sem fylgir umsögn þessari var að til þess að sala beint frá býli gæti mögulega staðist skilyrði Evrópuréttar þyrfti að heimila jafnt erlendum sem innlendum aðilum slíka starfsemi.

Haustið 2012 ákvað þáverandi ríkisstjórn Svíþjóðar að láta af öllum fyrirætlunum um áfengissölu beint frá býli, þar sem hún mat það svo að slíkt fyrirkomulag væri í andstöðu við Evrópurétt og myndi grafa undan og ógna ríkiseinkasölnunni. **Smásala framleiðenda á áfengi sem háð er einkarétti sænska ríkisins, þ.e.a.s. inniheldur að rúmmáli meira en 3,5% af hreinum vínanda, hefur því ekki verið heimiluð í Svíþjóð.**

Í kjölfar útvíkkunar finnsku heimildarinnar til áfengissölu á framleiðslustað árið 2018 ákvað sænska ríkisstjórnin að tilefni væri til nýrrar úttektar á forsendum sölu beint frá býli. Því var ákveðið á ríkisstjórnarfundum þann 12. nóvember 2020 að óska eftir ítarlegri greiningu, sem skila á ekki seinna en 7. desember 2021. Grundvallarforsenda greiningarinnar er að ekki verði haggð við einkarétti ríkisins til smásölu áfengis í verslunum Systembolaget. Beiðni ríkisstjórnarinnar fylgir umsögn þessari. Greiningaraðilinn á m.a. að

- gera úttekt á skilyrðum Evrópuréttar og gera tillögu um mögulegt fyrirkomulag eigin smásölu áfengisframleiðenda,
- leggja mat á það hvort smásala sem væri aðeins leyfð á landsbyggðinni, aðeins tæki til sænskra áfengisframleiðenda eða einungis til handverksframleiðslu smærri framleiðenda gæti staðist kröfur Evrópuréttarins,
- leggja mat á það hvort binda þurfi sölustarfsemina við einn framleiðslustað eða einn ræktunarstað og hvort nauðsynlegt sé að heimila netsölu samhliða eða heimsendingu áfengis,
- skila tillögum um form eftirlits, opnunartíma og verðlagningu,
- greina þær efnahagslegu afleiðingar sem vænta má fyrir atvinnulífið, landsbyggðina og smærri atvinnustarfsemi,
- greina hugsanleg áhrif á lýðheilsu,
- skila nauðsynlegum lagafrumvörpum.

Beiðni sænsku ríkisstjórnarinnar hefur að geyma ítarlega lýsingu á aðdraganda hennar og forsendum, viðskiptalegs eðlis og lýðheilsusjónarmiðum, auk nánari útlistunar á þeim þáttum sem greina á.

IX. Tölulegar upplýsingar

Heildarmagn áfengra drykkja sem seldir voru í vínbúðum ÁTVR á árinu 2020 var **26.810.077 lítrar**. Þar af seldust **20.581.691 lítrar** af öli, gerjuðu úr möltuðu eða ómöltuðu korni, til og

með 12% styrkleika. Þar af seldust **14.675.742 lítrar** af öli, gerjuðu úr möltuðu eða ómöltuðu korni, með 5,5% eða minna af hreinum vínanda miðað við rúmmál.

Þannig nam sala á öli til og með 12% styrkleika **77%** af heildarsölu ÁTVR á öllu áfengi í líturum talið. Sala á öli 5,5% og vægara að áfengisinnihaldi nam **55%** af heildarsölunni en **71%** af sölu á öli, gerjuðu úr möltuðu eða ómöltuðu korni, að rúmmáli ekki meira en 12% af hreinum vínanda. Lausleg skoðun á áfengissölu framleiðenda sem eiga aðild að Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa í verslunum ÁTVR bendir til þess að sala þeirra skiptist með hliðstæðum hætti eftir styrkleika.

Ástæðan fyrir því að öl er hér greint í þessa tvo flokka er tilvísun frumvarpsins í finnsku áfengislöggjöfina, þaðan sem magnviðmiðin eru sótt. Þar á skörun eigin smásölu framleiðanda á handverksölu aðeins skörun við ríkiseinkasöluna að því er varðar vörur með áfengisinnihald meira en 5,5% að styrkleika til og með 12%, sem samsvarar einungis **29%** af heildarsölu ÁTVR á öli á síðastliðnu ári. **Það liggur í augum uppi að umfang undanþágu frá einkarétti íslenska ríkisins til smásölu áfengis yrði stórkostlega meira ef frumvarpið næði fram að ganga en finnska fyrirkomulagið hefur í för með sér.**

Þá er rétt að ítreka að 500.000 lítra magntakmörkun frumvarpsins, sem er einnig yfirfærð beint úr finnsku áfengislögunum, hefði allt aðra og miklu meiri þýðingu fyrir áfengismarkaðinn hér en í Finnlandi. Svo notað sé nærtækt og raunhæft viðmið, þá búa ríflega sextánfalt fleiri í Finnlandi en á Íslandi og stærð markaðarins líklega eftir því.

Áhugavert er að skoða 500.000 lítra magnviðmiðið í samhengi við fimm mest seldu bjórttegundirnar í vínbúðum ÁTVR á síðasta ári:

Viking	1.793.965 lítrar
Gull Lite	1.177.958 lítrar
Tuborg Classic	1.159.995 lítrar
Stella Artois	1.136.359 lítrar
Viking Lager	1.082.905 lítrar

Óljóst er hversu margir handverksölsframleiðendur uppfylla 500.000 lítra takmörkun fyrirbyggjandi frumvarps. Upplýsingum um það er hvergi safnað saman eða haldið til haga. Í greinargerð með frumvarpinu virðist gengið út frá því að framleiðendurnir gætu verið á þriðja tug. Ef miðað er við að tuttuguogfimm uppfylltu skilyrðin og hver þeirra gæti selt allt að 500.000 lítra hver gæti samanlögð sala þeirra numið allt að **12.500.000 lítrum** af öli á almanaksári. **Að því gefnu að smásala á framleiðslustað leiði ekki til aukinnar áfengissölu samsvarar þessi sala allt að 61% af heildarsölu ÁTVR á öli með áfengisinnihald til og með 12%. Miðað við þessar forsendur gæti salan beint frá býli verið allt að 47% af heildarsölu ÁTVR á áfengi.** Undanþágan sem tillaga frumvarpsins gerir ráð fyrir frá einkarétti ríkisins er því allt annað en þröng.

X. Einstök atriði frumvarpsins

Hér verða rakin nokkur sjónarmið og spurningar sem einstök atriði frumvarpsins vekja. Að mati ÁTVR er ómögulegt að gera fullnægjandi grein fyrir flestum þeirra nema með mikilli yfirlegu, úttekt og greiningarvinnu.

1. Skilgreining þess áfengis sem selja má

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að selja megi áfengt öl, gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni, sem er að rúmmáli ekki meira en 12% af hreinum vínanda. Eina magnviðmið frumvarpsins er 500.000 lítrar, sem gefur til kynna að hver framleiðandi mætti selja alla framleiðslu sína, allt að 500.000 lítrum hver, í smásölu á framleiðslustað. Til samanburðar er skilgreining finnsku áfengislaganna þrengri. Þar miðar undanþágan frá einkasöluinni við handverksöl, sem er skilgreint sem áfengur drykkur sem inniheldur að hámarki 12% af hreinum vínanda og sé framleiddur með gerjun úr möltuðu eða ómöltuðu korni. Við framleiðsluna má ekki notast við önnur framleiðsluefni en korn af öðrum plöntum, sykri, humlum og öðrum plöntuhlutum og kryddum sem felast í gerjuninni.

2. Skilgreining framleiðenda og framleiðslustaðar, hætta á sniðgöngu o.fl.

Umfang skiptir meginmáli þegar formuð er undanþága frá einkarétti ríkisins til smásölu áfengis. Þess vegna verður m.a. að vera hægt að leggja með nokkurri nákvæmni mat á þann fjölda brugghúsa sem undanþágan tæki til. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er gengið út frá því að handhöfum framleiðsluleyfis sem framleiða minna en 500.000 lítra af áfengi á ári verði

heimilað að selja tilteknar tegundir áfengis beint frá býli. Í greinargerð með frumvarpinu segir að í Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa séu á þriðja tug framleiðenda og ítrekað er tekið fram að smásala á grundvelli undanþágunnar verði að miklu leyti bundin við ferðabjónustu. Samfélagsleg áhrif verði þannig óveruleg. Hvergi liggur hins vegar fyrir hversu mörg brugghús framleiða minna en 500.000 áfengislítra á ári. Þessar upplýsingar koma ekki fram í frumvarpinu og eru raunar hvergi aðgengilegar. Enginn opinber aðili heldur utan um þessar magntölur. Þannig er vandséð hvernig framfylgja ætti ákvæðum frumvarpsins og ómögulegt er að gera sér grein fyrir áhrifum þess.

Þar sem engar upplýsingar eru til um fjölda þeirra áfengisframleiðenda sem myndu falla undir undanþáguákvæði frumvarpsins liggur heldur ekkert fyrir um raunverulega skiptingu þeirra milli höfuðborgar og landsbyggðar eða tengsl þeirra við ferðabjónustu.

Í frumvarpinu er framleiðslusöluleyfi ekki skilyrt við sjálfstæði hvers áfengisframleiðanda eða tiltekinn fjölda sölustaða fyrir hvern og einn. Þannig hlýtur að vera mjög hætt við því að stærri brugghús sem uppfylla ekki magntakmörk skipti framleiðslu sinni einfaldlega upp þannig að hver eining falli undir undanþáguna. Eins er ekkert sem kemur í veg fyrir að hvert og eitt brugghús skipti framleiðslu sinni upp þannig að framleiðslustaðir og þar með smásölustaðir þess yrðu fleiri en einn.

Ekkert í frumvarpinu kemur heldur í veg fyrir að meginfjöldi smásölustaða verði á höfuðborgarsvæðinu, jafnvel inni í verslunarmiðstöðvum eða í næsta nágrenni við sölustaði ÁTVR. Ómögulegt er að segja til um fjölda þeirra sem myndu njóta undanþágunnar frá einkasölu. Smásölustöðum áfengis gæti allt eins fjölgað um þrjátíu á einu bretti, úr fimmtíu í áttatíu!

Hér er til samanburðar gagnlegt að rifja upp skilgreiningu finnsku áfengislaganna á þeim brugghúsum sem geta notið heimildar til smásölu á framleiðslustað til viðbótar skilyrðinu um 500.000 áfengislítra hámarksframleiðslu á hverju almanaksári, sem er varla tækt hér á landi. Brugghúsin þurfa að vera óháð öðrum áfengisframleiðendum í lögfræðilegu og efnahagslegu tilliti, stunda rekstur sinn aðskilið frá öðrum áfengisframleiðendum og áfengisframleiðsla þeirra má ekki vera á grundvelli nytjaleyfis (licens). Þá er sérstaklega tiltekið að leyfi til sölu beint frá býli taki aðeins til sölu innanhúss á einum smásölustað og þar eða í næsta nágrenni þurfi framleiðsla handverksölsins, þ.e.a.s. gerjun þess, að fara fram.

3. Samkeppnissjónarmið, verðlagning o.fl.

Undanþága frá einkasölufyrirkomulagi ÁTVR vekur upp fjölda spurninga varðandi samkeppnisstöðu, sem verða áleitnari eftir því sem undanþágan verður viðtækari. Í greinargerð með frumvarpinu segir að því sé ætlað að jafna stöðu smærri brugghúsa og þeirra stærri að því er varðar möguleika á að koma vörum sínum í smásölu. Hætt er við að stærri áfengisframleiðendur telji illa að sér vegið ef heimild til sölu á framleiðslustað verður jafn rúm og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með því er opnað á stórtæka möguleika til smásölu fyrir suma innlenda framleiðendur en ekki aðra. Hætt er við að þeir myndu bregðast við með því að skipta framleiðslu sinni upp í minni einingar til þess að eiga kost á því að njóta sömu undanþágu. Þá hljóta áfengisinnflytjendur að gera athugasemdir við fyrirkomulagið, enda gefur það þeim engan kost á að fjölga smásölukostum fyrir sambærilega erlenda drykki.

Áður hafa verið nefndar þær ströngu skorður sem Evrópurétturinn setur ef víkja á frá ríkiseinkasölum sem reknar eru í skjóli lýðheilsusjónarmiða.

Ennfremur vakna fjöldamargar spurningar um þá stöðu sem upp væri komin ef einkasala ríkisins væri komin í samkeppni við einkaaðila að því er snertir ríflega 71% vöruúrvals vínúðanna. Eins og þegar hefur verið rakið er álagning ÁTVR á áfengi lögákveðin, en skv. 9. gr. laganna um verslun með áfengi og tóbak skal áfengisverð vera eins um land allt. Álagning á öl að 12% styrkleika eða minna er 18% og leggst á verð vöru að viðbættum öllum gjöldum nema virðisaukaskatti. Hvernig verður með verðlagningu einkaaðilanna sem myndu að stórum hluta keppast um sömu viðskiptavinina? Væri þeim frjálst að bjóða áfengi á tilboði, veita magnafslátt o.s.frv. Ákveðinn „ómöguleiki“ felst í því að birgjar ákveði verðið í vínúðunum og geti á sama tíma boðið lægra verð eða verið með tilboð í sínum eigin verslunum. Rétt er að benda á að í Finnlandi eru magntilboð bönnuð.

Með því að veita einstaklingum og lögaðilum rétt á að smásölu eigin framleiðslu myndi blasa við alveg nýr veruleiki, þar sem í fyrsta skipti væri vikið af þekktri braut ríkiseinkasölu og einkahagsmunum hleypt að.

4. Lýðheilsusjónarmið og samfélagsleg ábyrgð

Rekstur ríkiseinkasölu með áfengi hefur verið einn viðamesti þáttur íslenskrar áfengisstefnu um áratuga skeið. Í greinargerð með frumvarpinu um smásölu á framleiðslustað er undirstrikað að því sé ekki ætlað að hrófla við hlutverki Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þá segir að

frumvarpið feli ekki í sér tillögur um breytingu á áfengisstefnu, áherslum í lýðheilsumálum eða tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði. Efni frumvarpsins er því miður í andstöðu við þessar staðhæfingar. Eins og rakið hefur verið er umfang undanþágunnar svo mikið að hún er til þess fallin að kollvarpa þeirri áfengisstefnu sem hér hefur verið rekin og almennt er álitid að hafi skilað góðum árangri.

Með einkasölu ríkisins hefur löggjafinn smíðað ramma utan um smásölu áfengis sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Þess sér víða stað í lögnum um verslun með áfengi og tóbak hvaða hlutverki ÁTVR er falið að gegna í því skyni að ná þessum markmiðum eins og nánar var rakið í kafla III, eins og kristallast í 9. gr. þar sem segir að ÁTVR skuli starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skaðlegri neyslu áfengis.

Í 6. kafla fyrirliggjandi frumvarps er það mat lagt á áhrif þess að smásala áfengis á framleiðslustað muni hafi óveruleg samfélagsleg áhrif, enda sé ráðgert að smásala á grundvelli framleiðslusöluleyfis verði að miklu leyti bundin við ferðaþjónustu. Tillaga frumvarpsins gengur hins vegar mun lengra, eins og fram hefur komið.

Í frumvarpinu segir að því sé ekki ætlað að stuðla að aukinni neyslu heldur einungis að gera brugghúsunum kleift að selja sína vöru, þó með skýrum takmörkunum. Þessi fyrirætlun endurspeglast hins vegar ekki í tillögum frumvarpsins. Ef frumvarpið nær fram að ganga getur útsölustöðum áfengis fjölgað umtalsvert á einu bretti og aðgengi að áfengi stóraukist, sem alla jafna leiðir til aukinnar neyslu með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lýðheilsu.

5. Leyfisveiting og eftirlit

Loks telur ÁTVR að huga þyrfti að því hvort ekki væri tilefni til að setja frekari almenn skilyrði fyrir leyfisveitingum og auka eftirlit með því að lagakröfur séu uppfylltar svo og skilyrði leyfisveitingar. Í því sambandi vísast m.a. til finnska fyrirkomulagsins þar sem strangar kröfur eru gerðar til umsækjenda sem eru m.a. fólgnar í gerð ítarlegrar áætlunar um eigið eftirlit sem fylgt er eftir með árlegri skýrslugjöf. Þá þyrfti að öllum líkindum að kveða nánar á um hámarkssölutíma, afmörkun sölustaða, ytra eftirlit, öryggiskröfur og fleira af þeim toga.

XI. Niðurstöður

ÁTVR undirstrikar að umsögn þessi felur ekki í sér tæmandi greiningu á afleiðingum þess nái frumvarpið um smásölu áfengis á framleiðslustað fram að ganga heldur er hér einungis bent á helstu þætti sem þarfnast að mati ÁTVR nánari skoðunar. Það skal tekið fram að ekki er útilokað að hægt sé að forma góða og gilda undanþágu frá einkarétti ríkisins til smásölu áfengis til þess að svara kalli um aukna möguleika minni brugghúsa, einkum á landsbyggðinni, til þess að koma handverksbjórum sem framleiddir eru í takmörkuðu magni í smásölu. Það er þó mat ÁTVR að tillagan sem frumvarp þetta mælir fyrir um sé alltof víðtæk og standist þannig t.a.m. ekki kröfur Evrópuréttar. Allar líkur væru á að fyrirkomulagið teldist magntakmörkun á innflutningi í skilningi 11. gr. EES-samningsins sem varla væri réttlætt á grundvelli 13. gr. hans. Eins gæti verið um brot á 16. gr. samningsins að ræða. Að auki eru ókönnuð ýmis sjónarmið, s.s. á sviði samkeppnisréttar, og nánar þyrfti að útfæra ýmsa þætti á grundvelli ítarlegrar úttektar og greiningar. Má í því sambandi vísa til þeirrar úttektar sem nú er verið að vinna að beiðni sænsku ríkisstjórnarinnar.

Reykjavík, 4. mars 2021,

Ívar J. Arndal



forstjóri ÁTVR

Hlekkir á ítargögn:

- Norsku áfengislögin m.s.br. *LOV 1989-06-02-27, Lov om omsetning av alkoholholdig drikk m.v. (alkoholoven)*:
https://lovdata.no/dokument/NL/lov/1989-06-02-27#KAPITTEL_1
- Frumvarp til breytinga á norsku áfengislögunum (sala á framleiðslustað) ásamt greinargerð, Prop. 116 L (2015-2016). *Proposisjon til Stortinget (forslag til lovvedtak.) Endringer i alkoholoven mv. (retten til begrenset salg av alkoholholdig drikk mv.)*:
<https://www.regjeringen.no/contentassets/d7a73145818d4ee8a0f8c4e200ac2f75/no/pdfs/prp201520160116000dddpdfs.pdf>
- Lögfræðileg greinargerð frá september 2014 um svigrúm EES ríkja til sölu áfengis á framleiðslustað. *EØS-rettslig vurdering av om salg av alkohol fra nisjeprodusenter kan tillates uten å svekke dagens monopolordning*. Unnin í tengslum við framangreint frumvarp til breytinga á norsku áfengislögunum:
https://www.regjeringen.no/contentassets/6f08eb400a884e48ad6c89ee1eace51c/utredning_nisjeprodusenter.pdf?id=2287917
- Finnsku áfengislögin. *Alkohollag (1102/2017)*:
<https://www.finlex.fi/sv/laki/alkup/2017/20171102>
- Frumvarp til finnsku áfengislaganna ásamt greinargerð. *Regeringens proposition till riksdagen med förslag till alkohollag och vissa lagar som har samband med den (RP 100/2017 rd)*:
https://www.eduskunta.fi/SV/vaski/HallituksenEsitys/Documents/RP_100+2017.pdf
- Sænsku áfengislögin m.s.br. *Alokohollag (2010:1622)*:
https://www.riksdagen.se/sv/dokument-lagar/dokument/svensk-forfattningssamling/alkohollag-20101622_sfs-2010-1622
- Ítarleg greinargerð frá árinu 2010, unnin að beiðni sænsku ríkisstjórnarinnar, um heimild til áfengissölu á framleiðslustað. *Gårdsförsäljning (SOU2010:98)*:

<http://www.regeringen.se/contentassets/1de2aa8dec134fab8c8e0893fd6bf69c/gardsforsaljning-sou-201098>

- Beiðni sænsku ríkistjórnarinnar um úttekt á áfengissölu á framleiðslustað. *Gårdsförsäljning av alkoholhaltiga drycker (Dir. 2020:118)*:
https://www.regeringen.se/4ac845/contentassets/b6c036196be94c90a622be191baf00f/dir2020_118.pdf
- Dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-189/95, Franzén g.
<http://curia.europa.eu/juris/showPdf.jsf?text=&docid=43431&pageIndex=0&doclang=EN&mode=lst&dir=&occ=first&part=1&cid=7124659>
- Dómur Evrópudómstólsins í máli nr. C-198/14, *Valev Visnapuu g. Finnlandi*:
<http://curia.europa.eu/juris/document/document.jsf?text=&docid=173541&pageIndex=0&doclang=EN&mode=lst&dir=&occ=first&part=1&cid=2158704>



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um áfengislög (Sala á framleiðslustað), (Þingskjal 850 — 504. mál, 151. löggjþ.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á áfengislögum, (sala á framleiðslustað). Mál nr. 200/2020.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa haft ofangreint mál til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við Alþingi:

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, eiga öll börn rétt á bestu mögulegu lífsskilyrðum og rétt á þeirri vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Skulu aðildaríki í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnáslu til að tryggja að svo megi verða. Að mati Barnaheilla stríðir það gegn Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna að auka frelsi varðandi áfengissölu og auðvelda aðgengi að áfengi og standa því gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Á Íslandi náðist mikill árangur í forvarnastarfi gegn áfengi og vímuefnum um árabil og líta margar þjóðir til þess hvaða leiðir voru farnar hér á landi til að stuðla að þeim. Aukið frjálsræði í áfengissölu stofnar þeim árangri í hættu að mati Barnaheilla.

Áfengisneysla er að mati Barnaheilla ekki börnum fyrir bestu og tillögur um að fjölga útsölustöðum áfengis, því andstæðar hagsmunum barna. Barnaheill telja að hagsmunir barna skuli veita þyngra en hagsmunir þeirra sem selja áfengi. Hagsmunir barna felast ekki einvörðungu í því að vera vernduð gegn því að neyta áfengis sjálf, heldur ekki síður og sérstaklega í því að vera vernduð gegn áfengisneyslu foreldra sinna.

Stjórnvöld þurfa við ákvarðanir sem varða börn að hafa það sem barni er fyrir bestu í forgrunni. Barnaheill gera athugasemdir við það að í drögum frumvarpsins er ekki að finna umfjöllun um mat á áhrifum aukins aðgengis að áfengi á börn. Af 3. grein Barnasáttmálans leiðir að slíkt hagsmunamat skuli fara fram við ákvarðanir sem haft geta áhrif á börn.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd gegn ofbeldi á börnum, bann við mismunun og að allar ákvarðanir sem varða börn séu teknar með það að leiðarljósi hvað þeim er fyrir bestu.

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogur 4. mars 2021

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp lagt fram á 151. löggjafarþing 2020–2021 af dómsmálaráðherra, Þingskjal 850 — 504. mál,^[1] um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað).

IOGT á Íslandi leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi og telur að samþykkt þess muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla áfengis veldur. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni og er fíkniefni og eiturlyf. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.^[2]

Bindindissamtökin IOGT vinna mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Frumvarp þetta er í algærri mótsögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.^{[3][4]} Frumvarpið vinnur gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna, kvenna^[5], jafnréttis og ofbeldis ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna^[6] sem er hluti íslenskra laga.

Í fyrri umsögnum IOGT á Íslandi sem lesa má á vef alþingis, hafa komið fram margar traustar heimildir sem eru gefnar út á ábyrgð viðurkenndra stofnana, innlendra og alþjóðlegra um vandann sem neysla áfengis veldur. Af þeim er ljóst að vandinn vegna neyslu áfengis er gífurlegur og mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess að halda honum í skefjum. Umfram allt eru þær þó staðfesting og áminning um að áfengi er engin venjuleg neysluvara og eðlilegt að um hana gildi um margt annað fyrirkomulag og reglur en ýmsar aðrar vörur.^[7]

Þetta frumvarp ber að skoða í ljósi undanfarna áratuga, tilburði nokkurra þingmanna sem handgengnir eru áfengisíðnaðinum, til að auka sem mest sölu á áfengi, t.d. með því að leyfa sölu áfengis í matvöruverslunum og víðar, leggja niður eða einkavæða ÁTVR, heimila áfengisauglýsingar, lækka skatta á áfengi, lækka áfengiskaupaldur, o.s.frv. - Flutningsmenn slíkra frumvarpa hafa loksins áttað sig á því að ekki er hljómgrunnur meðal Íslendinga fyrir að stórauka aðgengi að áfengi með öllum þeim lýðheilsuvandamálum og félagslegu vandamálum sem því fylgir. Nýja aðferðin er því klárlega sú að læða breytingunum að í nokkrum smærri skrefum, og byrja á skrefi sem virðist lítið en mun velta þungu hlasi.

Skrefið núna er að leyfa undanþágur frá einokun ÁTVR með því að leyfa smærri brugghúsum að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Fyrst var spyrnt saman þetta söluleyfi brugghúsa og að heimila innlendar vefverslanir með áfengi í smásölu. Í bakherbergjahrosskaupum er hætt við (í bili) með netverslunina en greinilega telja sumir stjórnámálamenn það kosningavænt nú á kosningaári að styðja brugghúsaeygendur. Væntanlega í von um digrari kosningasjóði.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni þá neyta tæp 30 % fullorðinna á Íslandi ekki áfengis. Það væri stærsti stjórnmálaflokkur á Íslandi. Um 70 % Íslendinga vilja ekki veikja stöðu áfengisforvarna.

Um 200 manns vinna í þessum brugghúsum en biðlistar hjá SÁÁ er nú yfir 500 manns.

Þetta frumvarp mun auka aðgengi að áfengi umtalsvert – a.m.k. 25 sölustaðir í viðbót. Komi þessar breytingar til framkvæmda verða þær vafalítið notaðar til að réttlæta frekari breytingar í þessa átt í næstu frumvörpum. Vakin er athygli á því að þessar áhyggjur er ekki úr lausu lofti grípnar. Og þær byggja ekki á almennum röksemdum eða getgátum. Öðru nær. Þær taka mið af fjölmörgum fyrri frumvörpum sem sett hafa verið fram til að auka aðgengi að áfengi.

IOGT félagar og vinir hafa tekið eftir hve vel yfirvöldum tókst að hefta útbreiðslu COVID-19 faraldursins á Íslandi og ber að þakka þeim fyrir fumláus viðbrögð og staðfestu. Við hvetjum yfirvöld til að standa líka svona vel að forvörnum varðandi faraldur áfengis og annara vímuefna. Á tímum COVID-19 faraldursins höfum við lært margt nýtt um skaðsemi áfengis. Við leggjum hér fram nýja skýrslu sem sýnir banvæn tengsl milli áfengis og Covid-19 faraldursins.^[8]

Þetta frumvarp gengur út á að auka aðgengi að áfengi. Með auknu aðgengi eykst neysla. Með aukinni neyslu aukast neikvæðar afleiðingar neyslunnar. Við viljum öll forðast þær afleiðingar og stysta leiðin til að bæta heiminn er að lifa vímuefnalausum lífi.

Ísland er aðili að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.^[9] Ljóst er að áfengisneysla hefur neikvæð áhrif og hindrar að minnsta kosti 14 af 17 markmiðunum og 52 af 169 undirmarkmiðum. Sjá bækling.^[10] Þeir sem styðja og samþykkja þetta frumvarp eru að vinna gegn Heimsmarkmiðunum.

Áfengi drepur 3 milljónir manna hverju ári á heimsvísu. Á 10 sekúndna fresti deyr einstaklingur af völdum áfengis.

Brugghúsin á Íslandi eru lítið tannhjól í spilverki hins alþjóðalega áfengisidnaðar, þau leggja sinn skerf fram til skaðans sem áfengi veldur bæði hér og á heimsvísu.

Áfengistengdur skaði bitnar líka á öðrum. Heilsufarstjónið er aðeins hluti af því heildartjóni sem áfengi veldur. Tjón af völdum áfengis snertir ekki aðeins þá sem nota áfengi heldur einnig þá sem eru í kringum þá, fjölskyldumeðlimi, vini og vandamenn, vinnufélaga og ókunnugt fólk á götunni. Sveitastjórnir þurfa að reikna með auknum kostnaði vegna aukinnar neyslu. Samfélagslegur kostnaður vegna áfengisneyslu á Íslandi er yfir 120 milljarðar á ári. Viljið þið auka þennan kostnað eða minnka hann?

Við viljum benda á gríðarlegt tap fyrirtækja vegna áfengisneyslu. Á heimsvísu er áfengi í fyrsta sæti yfir áhættuþætti sem valda vanheilsu og ótímabærum dauða á meðal fólks á aldrinum 15 til 49 ára, meginþorra starfandi hluta þjóðarinnar þegar efnahagsleg framleiðni fólks er hvað mest. Áfengisneysla veldur fjarvistum frá vinnu og vinnu án einbeitingar. Á Bretlandi er talið að allt að 89.000 manns mæti á hverjum degi í vinnuna með timburmenn eða undir áhrifum áfengis. Efnahagslegi kostnaðurinn er allt að 1,4 milljarði punda.

Sveitastjórnir og ríkisvaldið þurfa nú þegar bera tjónið af áfengisneyslu. T.d., ofbeldi, heimilisofbeldi, ofbeldi gagnvart börnum. Umferðarslys. Og svo framvegis. ^[11]

Áfengi er orsakavaldur í yfir meira en 200 sjúkdóma- og slysflokkum og stór áhrifaþáttur í ósmittænum sjúkdómum (NCD). Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunin staðfesti árið 1988: ”Áfengir drykkir eru krabbameinsvaldandi fyrir mannfólk.” Þetta var árið áður en bjór var leyfður á Íslandi og síðan hefur áfengisneysla aukist um **70 %**. Áfengi veldur krabbameini í munnholi, munnkoki, barkakýlishluta koks, vélinda (flöguþekjukrabbamein), ristli, endaparmi, barkakýli, lifur og gallrás lifrar, sem og í brjóstum. Ekkert magn áfengisneyslu er nógu lítið til að vera öruggt þegar kemur að krabbameini. Á heimsvísu má rekja 4,2% allra dauðsfalla af völdum krabbameins til áfengis. Um 50 % allra áfengistengdra krabbameina er hjá fólki sem drekkur ekki mikið. Nú er Mottumars. Hvað ætlar þú að leggja af mörkum til baráttunnar gegn krabbameini? ^[12]

Í Svíþjóð berst áfengisíðnaðurinn líka fyrir að leyfa sölu á framleiðslustað og reynir nota svipuð rök og koma fram í greinargerðinni. Í ljós hefur komið að í Svíþjóð stendur risaáfengisframleiðandinn Absolut að baki þessarri baráttu. Absolut ætlar nefnilega að búa til mörg lítil brugghús úti á landsbyggðinni og fara þannig fram hjá sænsku ríkiseinkasölu. Skyldi það sama vera í gangi hér á Íslandi? ^[13]



Framleiðslublöfíð ^[14]

„Við seldum þeim þetta sem „sala á framleiðslustað/beint frá býli“

Nisses nærframleiddir sterkdrykkir



Landsbyggðarblöffið^[14]

„Undirmönnuð umönnun, skortur á starfsfólki í skólanum og of fáir lögreglumenn eru aðeins nokkur vandamál sem dregur niður landsbyggð Svíþjóðar. En hér í Lingontofta telur fyrirtækið ABSOLUT sig nú hafa fullkomið svar við vandamálinu.“

„Jamm! framleiðsla áfengis á framleiðslustað!
Nærsumfélaginu hefur aldrei liðið eins vel!“

Ísland er aðili að stefnu WHO í Evrópu að minnka áfengisneyslu í Evrópu um 10 % miðað við árið 2010 fyrir árið 2025. Vegna aukinna forvarna í Austur-Evrópu þá hefur þetta markmið náðst yfir heildina. En á Íslandi hefur áfengisneyslan aukist.

IOGT á Íslandi kallar eftir að unnið verði að heildrænni stefnumótun í málaflöknum og varar viðbreytingum sem geta leitt til frekari tilslökunar án þess að fyrir liggi rammi eða umgjörð semtekur tillit til forvarna og lýðheilsu. ^[15] IOGT á Íslandi lýsir sig reiðubúin til að leggja lið við þá vinnu.

[1] <https://www.althingi.is/alttext/151/s/0850.html>

[2] http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf

[3] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skvrsur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[4] <http://www.mbl.is/media/34/10134.pdf>

[5] <https://unric.org/is/heimsmarkmid-um-sjalfbaera-throun/>

[6] <https://www.barnasattmali.is/is>

- [7] <https://www.who.int/news-room/articles-detail/global-action-plan-to-reduce-the-harmful-use-of-alcohol>
- [8] <http://iogt.is/2021/01/29/2827/>
- [9] <https://www.un.is/heimsmarkmidin/>
- [10] <http://iogt.is/wp-content/uploads/2020/08/Alcohol-and-SDGs-Movendi-2.0-ISL-2-29-06-2020-Endanleg-AG.pdf>
- [11] <https://movendi.ngo/wp-content/uploads/2019/11/9789241515368-eng.pdf>
- [12] <https://www.alcoholandcancer.eu/>
- [13] <https://www.iogt.se/vad-vi-gor/alkoholpolitik/rapporter-remisser/alkoholindustrins-trojanska-hast/>
- [14] <http://iogt.is/2021/03/04/grafalvarlegt-grin-ad-svindli-afengisidnadarins/>
- [15] <https://www.stjornarradid.is/verkefni/lif-og-heilsa/lydheilsa-og-forvarnir/>



BJÓRLAND
öldreifing

Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á áfengislögum (75,1998). Sala á framleiðslustað.

Það er gleðiefni að frumvarp um þessar mikilvægu og löngu tímabæru breytingar sé formlega komið á borð ríkisstjórnarinnar og á þingmálaskrá. Breytingar á lögum þessum munu jafna stöðu íslenskra smábrugghúsa gagnvart brugghúsum á alþjóðlegum markaði, ekki síst á EFTA svæðinu.

Bjórland styður breytingar þær sem lagðar eru til en þó með nokkrum fyrirvörum. Hér að neðan er útlísta á athugasemdum Bjórlands, grein fyrir grein.

Athugasemdir

Í 1. og 2. gr. eru lagðar til breytingar á 3. og 4. gr. áfengislaga sem leiða af því sem lagt er til í frumvarpinu að heimilt verði að veita einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásölu á áfengi á framleiðslustað.

Sú breyting hefur nú orðið á frumvarpinu frá síðasta ári að búið er að taka út vefverslun. Það er glapræði að mati Bjórlands enda má, eins og staðan er, með löglegu móti fá heimsendan bjór eða annað áfengi nú þegar. Skilyrðin eru einföld: Sendingaraðilinn má ekki vera íslenskur einstaklingur eða lögaðili. Þetta skekkir stöðu íslenskra einstaklinga og lögaðila í áfengisframleiðslu tilfinnanlega. Með þessari breytingu er þessari ójöfnu stöðu viðhaldið.

Þess má einnig geta að skilyrðin sem sett eru síðar í frumvarpinu um sölu á framleiðslustað eru einungis til þess fallin að bæta stöðu tiltekinna brugghús. Það er einungis hliðrun á óréttlætinu sem núgildandi löggjöf felur í sér, en þó þannig að það styrki þá aðila sem mest þurfa á breyttri löggjöf að halda.

Framleiðslusöluleyfi má veita handhafa framleiðsluleyfis sem framleiðir minna en 500.000 lítra af áfengi á almanaksári.

Hér er eins og horft sé framhjá skilgreiningum samtaka handverksbrugghúsa um hvað handverksbrugghús og/eða smáframleiðendur eru. Sé ætlunin að styðja við handverksbrugghús er ágætt að útiloka ekki t.d. Kalda frá leyfinu. Enn fremur, er verið að ræða um 500.000 lítra af áfengum drykkjum eða hreinum vínanda?

Þegar út í það er farið þá er þetta einmitt eitt dæmi um það hvar lagabreytingartillagan færir óréttlæti núgildandi fyrirkomulags bara til, fremur en að afnema það. Heilt yfir ætti það sama að ganga yfir öll brugghús, en ekki bara sum sem skilgreind eru af einhverskonar handahófi.

Handhafa framleiðsluleyfis er einungis heimilt að selja áfengt öl sem inniheldur ekki meira en 12% af hreinum vínanda að rúmmáli og er gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni

Það er óljóst hvaðan þessi tala, 12%, er tekin. Skilningur laganna á léttu og sterku áfengi er að áfengi sem er 21% vínandi að rúmmáli teljist til sterks áfengis, en allt þar undir sé létt áfengi (6. gr. 96/1995). Þessi tala er ekki rökstudd í frumvarpinu og virðist bara til þess gerð að útiloka án ástæðu. Ef binda ætti sölu áfengis frá brugghúsum og í vefsölu við tiltekna áfengisprósentu væri eðlilegast að nýta núgildandi skilgreiningar, nú eða breyta þeim.

Heilt yfir þá má geta þess að í dag er löglegt að kaupa sterkt áfengi, svo sem Whiskey eða Vodka, í heimsendingu, svo fremi sem seljandi er erlendur einstaklingur eða lögaðili. Enn og aftur horfum við því á hliðrun óréttlætisins fremur en lausn þess.

Þá er vísað til þess í frumvarpinu að hið áfenga öl skuli gerjað úr möltuðu eða ómöltuðu korni og er það m.a. gert til þess að eyða öllum vafa um að áfengir gosdrykkir falla ekki undir söluheimildir leyfisins.

Hvers vegna leyfið til sölu á framleiðslustað eða í vefverslun er bundið við drykki sem gerjaðir eru úr möltuðu eða ómöltuðu korni er óljóst. Þessi skilgreining virðist, líkt og aðrar í frumvarpinu, vera úr lausu lofti gripin og til þess fallin að útiloka ákveðnar tegundir og/eða framleiðendur að ástæðulausu. Þess misskilnings gætir enn fremur að síder sé áfengur gosdrykkur. Síder er það ekki frekar en bjór. Hvort tveggja eru drykkir sem kolsýrast með náttúrulegum (og/eða með innspýtingu kolsýru) hætti. Þessi skilgreining myndi einnig útiloka mjöð og berjavín sem eru framleidd t.d. af Öldur og OG Natura. Ef einhverja skilgreiningu um notkun hráefna ætti að beita þá væri hugsanlega einna helst hægt að binda leyfið við vörur sem framleiddar eru úr náttúrulegum hráefnum, s.s. eplum, perum eða öðrum ávöxtum í tilfelli síders, hunangs í tilfelli mjaðar o.s.frv.

Heilt yfir má þess einnig geta að löglegt er að kaupa síder/mjöð og fá sent heim, svo fremi sem seljandinn er ekki íslenskur einstaklingur eða lögaðili. Hliðrun óréttlætis en ekki lausn.

Bjórland er fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á íslensku handverksöli (bjorland.is)

f.h. Bjórlands

Þórgnýr Thoroddsen, thorgnyr@bjorland.is, 7700502



Alþingi

*Austurstræti 6-8
150 Reykjavík*

Reykholti, 10. mars 2021
2102039 AS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áfengislög

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar hinn 4. mars 2021:

Frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál. - 2102039

Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 22. febrúar 2021, um umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Umsagnarfrestur er til 4. mars 2021 nk.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur jákvætt að smáframleiðendum verði veitt heimild til beinnar sölu frá brugghúsum. Sveitarstjórn leggur áherslu á að breytingarnar muni ekki leiða til þess að kaupendur undir lögdri fái aukið aðgengi að áfengi enda yrði það einungis selt á stöðum þar sem fólk á löglegum áfengiskaupaaldri má koma saman.

Virðingarfyllt,

Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Góðan daginn,

Hér kemur okkar umsögn og skoðun sem viðkemur lagabreytingu á áfengislögum, mál 504.

Bruggsmiðjan Kaldi ehf er fyrsta handverks brugghúsið sem stofnað var á Íslandi, árið 2006. Brugghúsið er stofnað af okkur hjónunum Agnesi Önnu Sigurðardóttir og Ólafi Presti Ólafssyni. Okkar megin markið með því að stofna Kalda voru :

1. Koma með hágæða vöru á markað.
2. Skapa atvinnu í okkar heimabyggð, Árskógssandi. Í dag starfa hjá okkur 13 einstaklingar, þar af 11 sem eru búsett hér á Árskógssandi og erum á öllum aldri.
3. Að efla ferðapjónustu hér á Árskógssandi og í Dalvíkurbyggð. Undanfarin ár höfum við tekið á móti u.þ.b. 12,000 gestum í kynningu í Kalda á ári. Einnig má nefna að árið 2017 stofnuðum við fyrstu Björböðin á Íslandi og Norðurlöndunum sem hafa vakið mikla athygli og skapað enn fleiri störf hér í heimabyggð.
4. Okkar markmið hefur ávalt verið að stuðla að betri og heilbrigðari bjórmenningu á Íslandi.

Þar sem við erum ein af stofnendum Samtaka Íslenskra Handverksbrugghúsa, þar sem línan er dregin við eina milljón lítra framleiðslu á ári, erum við eina Íslenska bjórgerðin innan samtakanna sem fellur ekki undir breytingar á áfengis lögnum.

Þykir okkur það mjög miður, og óskum við eftir breytingu á frumvarpinu þar sem Bruggsmiðjan Kaldi myndi falla inni þessar breytingar.

Þess má geta að við framleiðum um 600.000 – 650.000 lítra á ári og teljum okkar vera handverksbrugghús, á meðan stærri framleiðendur á bjór á Íslandi framleiða fleiri milljónir lítra á ári, það gefur ákveðið samhengi á okkar skoðun á þessu frumvarpi.

Með Kveðju

Agnes Anna Sigurðardóttir



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.



Reykjavík 3. mars 2021

Umsögn um mál nr. 504, stjórnarfrumvarp um breytingar á áfengislögum

Inngangur:

Frumvarp þetta varðar reglur um sölukerfi á áfengi, einkum þó bjór. Málið er umsagnaraðilum skylt, ekki þó vegna beinna persónulegra hagsmuna heldur sem áhugamenn um bjór og íslenska bjórmarkaðinn. Umsagnaraðilar eru höfundar fræðiritsins „Bjór – umhverfis jörðina á 120 tegundum“ sem Crymogeia gaf út árið 2014. Báðir störfuðu um árabil við Bjórskóla Ölgerðarinnar, halda úti hlaðvarpsþætti um efnið og hafa haldið fjölda fyrirlestra um bjórsögu og bjórmenningu síðastliðinn rúmlega áratug.

Strax í upphafi er rétt að taka fram að umsagnaraðilar lýsa sig hlynnta samþykkt frumvarpsins og markmiðum þess. Heimild smárra áfengisframleiðenda til sölu af framleiðslustað er til þess fallin að styrkja þennan litla vaxtarsprotu í íslensku atvinnulífi. Frumvarpið er í meginatriðum gott, þótt líklega megi bæta það enn frekar með því að rýmka nokkrar af þeim takmörkunum sem inn í það hafa verið byggðar af þarfliðu.

Megintilgangur þessarar umsagnar er að leiðrétta ýmsar þær missagnir og ranghugmyndir sem haldið hefur verið fram í umræðunni í tengslum við frumvarpið. Lausasala á áfengi er fyrirbæri sem snertir veflesta borgara samfélagsins og margir hafa því skoðun á, þótt fæstir hafi áhuga eða sinnu á að kafa djúpt í uppbyggingu kerfisins.

Í fyrsta lagi telja umsagnaraðilar mikilvægt að áréttu hversu lítil áhrif frumvarpsins eru í raun og veru. Þau eru raunar óveruleg, þótt annað mætti ætla af opinberri umræðu. Þessu til stuðnings skal nú bent á nokkrar staðreyndir um íslenskan áfengismarkað og bjór þá sérstaklega:

Bjórmarkaðurinn

Bjórmarkaður á Íslandi skiptist í þrennt: sölu á veitingahúsum, börum og skemmtistöðum; sölu í Vínbúðum ÁTVR og sölu í fríhöfnum á flugvöllum eða í millilandaskipum. Af þessu þrennu eru vínbúðir ÁTVR langstærsti liðurinn. ÁTVR birtir ítarlegri sundurliðun á sölutölum sínum en tíðkast á nokkrum öðrum sviðum verslunar og viðskipta. Út frá þeirri tölfræði er hægt að öðlast afar skýra mynd af íslenska áfengismásölumarkaðnum niður í minnstu smáatriði.

Árleg sala á bjór í ÁTVR nam um 20 milljónum lítra árið 2020. Sú tala kann að virðast tilkomumikil en er lítilræði í alþjóðlegu samhengi vegna smæðar landsins. Talan óx að vísu um rúm 16% frá árinu á undan en þar gætti áhrifa COVID þar sem bæði veitingastaðir, barir

og Fríhöfnin voru lokuð bróðurpart ársins. Íslendingar, sem alla tíð hafa verið minnstir drykkjumenn allra kristinna Evrópuþjóða og lengst af sögu sinni drukkið langminnst allra Vestur-Evrópuþúa, hafa á síðustu áratugum saxað hratt á forskotið og þokast úr botnsætinu – óháð því hvaða augum menn kunna að líta þennan aukna drykkjuþrótt. Drifkraftur í þessum vexti er bjórneysla en meðaltalsneysla fullorðinna á bjór liggur í dag nærri vestur-evrópsku meðaltali. Það er vert að taka fram að aukningin er meiri í lítrum en vínanda, þar sem tilfærsla úr lotudrykkju sterkvíns yfir í hóflegri neyslu léttvína og bjóra er uppistaða þessarar breytingar.

Ef miðað er við 18 ára og eldri, til að hafa samanburðarhæfni við erlend gögn, þá var meðalneysla á Íslandi um 72,8 lítrar af bjór á mann á ári miðið við mannfjöldatölur Hagstofunnar fyrir 2020 og selda lítra bjórs í ÁTVR. Ætla má að þetta sé nokkuð nærri lagi þar sem að Fríhafnarsalan og veitingasala var hverfandi sökum COVID og þau tímabil sem þetta skekkir, leiðréttast þar sem útlendingar versla einnig við ÁTVR en þó í miklu minna mæli en Íslendingar. Þessi tala er því líklega nokkuð nærri raunveruleikanum.

Af þessum 20 milljónum lítra eru tíu vinsælustu bjórtegundirnar um helmingurinn, eða 52,4% allra seldra lítra. Það eru nær einvörðungu léttir lagerbjórar frá stærstu íslensku framleiðendum. Allur þorri bjórneyslunnar er ljós lagerbjór með áfengisstyrk í kringum 5% frá stórum framleiðendum. Auðvelt aðgengi að þessum bjórum og lágt verð gera þá að fýsilegum kosti fyrir ungmenni enda má ætla að fyrstu kynni stórs hluta unglinga af áfengi séu í gegnum ódýra fjöldaframleidda lagerbjóra.

Handverksbrugghús

Handverksbrugghús íslensku, það er íslenskir framleiðendur aðrir en Ölgerðin og undirbrugghús hennar og Viking á Akureyri ásamt samstarfaðilum í Einstök, ráða yfir 2,3% íslenska bjórmarkaðarins í ÁTVR. Það er dvergvoxin tala og minnkar enn ef haft er í huga að af þessum 2,3% gnæfir Kaldi frá Árskógssandi yfir keppinauta sína með 1,1%. Kaldi er einn og sér nánast jafnstór og allir hinir smáframleiðendurnir samanlagt. Í lítrum talið er einungis um 477 þúsund lítra í heild að ræða af 20 milljón lítrum og þar af Kaldi með um 237 þúsund. Íslenskur handverksbjór verður því að teljast afar lítill hlutur af bjórlítrum, líkt og áður sagði.

Til að setja þetta í annað samhengi voru heildar áfengisgjöld af bjórsölu í ÁTVR árið 2020 7.254 milljónir. Áfengisgjöldin af bjórsölu þessa handverkshluta var einungis um 188 milljónir. Það er að vísu 2,6% af heildaráfengisgjöldunum enda eru handverksbjórarinnir alla jafna eilítið áfengari eins og vikið verður að.

Erfitt er að áætla hversu stór hluti af viðskiptum lítilla brugghúsa muni koma til með að vera „beint frá býli“ ef af samþykkt frumvarpsins verður. Ágiskunin um 10-20% er ekki fráleitari en hver önnur. Sem dæmi má nefna að erfitt er að sjá Kalda sem hefur notið vaxandi vinsælda í Vínbúðinni færa sig yfir í sölu frá bruggstað, nema að verulega litlu leyti. Þá stunda risarnir tveir, Ölgerðin og Viking Brugghús (CCEP) ekki smásölu, ekki er hægt að kaupa rútu af Pepsí eða fáeinar flöskur af Coke í smásölu þar. Þannig mætti gera ráð fyrir því að það yrðu einungis þessir allra smæstu aðilar sem myndu njóta góðs af þessum breytingum. Og trauðla yrði það hrein söluaukning heldur yrði hún að hluta til tilfærsla viðskipta frá ÁTVR til framleiðendanna sjálfra.

Af þessum tölum er þó ljóst að um mjög óverulegan hluta af heildarsölu bjórs yrði að ræða. ÁTVR mun tæpast verða vart við breytinguna. Bjórarnir sem hér er um að ræða eiga það nær allir sameiginlegt að vera dýrari en gerist og gengur og sérvískulegri í stílum og hráefnisnotkun. Þeir eru fæstir við alþýðuskap og ætti allt þetta að draga verulega úr líkunum á því að óharðnaðir unglingar leiti í þessar veigar þótt færi kynni að gefast.

Líkleg áhrif frumvarps

Ef gengið væri út frá því að um hreina 15% (meðalvegurinn) söluaukningu yrði að ræða hjá öllum þessum smáframleiðendum, nema Kalda þar sem um 5% aukningu væri að ræða enda vandséð af hverju Kaldi ætti að draga úr árangri sínum í Vínbúðinni, þýddi það mögulega aukningu upp á 47 þúsund lítra. Það er innan við 0,2% á heildar lítrum svo að um afar lítið magn er að ræða. Þá ítreka umsagnaraðilar þá skoðun sína að hér verði fremur um tilfærslu en aukningu að ræða. Þá má einnig setja þetta í samhengi við mannfjölda, 18 ára og eldri en þessir 47 þúsund lítrar væru um 16 cl. á mann á ári, eða um hálf lítil dós. Til að setja þetta í annað samhengi er þetta álíka og velta eins lítills til meðalstórs skemmtistaðar í miðborg Reykjavíkur í bjór á ári.

Þá ber að hafa í huga að flest þessara brugghúsa starfrækja nú þegar gestastofur þar sem að þau kynna framleiðslu sína á verklegan hátt fyrir gestum og gangandi. Engar vísbendingar eru um að stofur þessar hafi laðað til sín tánínga á refilstigum eða að tengja megi ungmennadrykkju við þá staði og er sú hugmynd raunar fjarstæðukennd.

Eftir stendur hin nóturlega staðreynd málsins: íslenski handverksbjóriðnaðurinn er víðs fjarri því að vera sú efnilega og vaxandi iðngrein sem forsprakkar hennar vilja vera láta. Hún er langt frá því að vera sjálfbær heldur þrífst á þrotlausri sjálfboðavinnu og hugsjónaeldi þátttakenda sem líta svo á að óefnisleg borgun fyrir vel unnið starf sé ásættanleg umbun fyrir erfiðið. Þetta viðurkenna umsagnaraðilar þrátt fyrir að vera að öðru leyti miklir stuðningsmenn greinarinnar. Íslensku smábrugghúsin eru ekki sú mögulega kveikja nýsköpunar og vaxtar sem sumir vilja vera láta en á sama hátt eru þau ekki minnsta lýðheilsuógn eins og aðrir óttast. Til þess eru þau einfaldlega of lítil og léttvæg.

Ef hins vegar horft er til Maine í Bandaríkjunum þar sem fyrir nokkru var leyft svipað fyrirkomulag og hér er rökrætt, sést hins vegar að þessi iðnaður gæti þrífist og blómstrað. Ef farið er í höfðatölu reikninga má ráða af skýrslu sem unnin var af hagfræðideild ¹University of Maine fyrir Samtök handverksbrugghúsa í því fylki (Main Brewers Guild) um hagræn áhrif handverksbrugghúsa að hér ættu til samanburðar að vera um 36 handverksbrugghús. Í samtökum handverksbrugghúsa voru við síðustu uppfærslu um 25 félagar en það bætast við sífellt ný. Bein og afleidd störf gætu verið tæplega 700 í samanburði en töluvert vantar upp á slíkt hér. Skv. upplýsingum frá samtökum handverksbrugghúsa áætla þeir að einungis um 200 störf bein og afleidd séu af iðnaðinum hér á landi. Það er því ljóst að sala beint frá brugghúsi gæti haft jákvæðar efnahagslegar afleiðingar í för með sér. Þetta er ágætt að hafa í huga á tímum mikils atvinnuleysis tengdu ferðapjónustu. En einnig þegar horft er til afleiðingasiðfræðinnar (nytjastefnunnar) hvar segir að velja skuli þá athöfn sem hámarkar samanlagða nytsemi fyrir þá er ákvörðunin varðar.

¹ <https://www.craftbrewingbusiness.com/wp-content/uploads/2019/01/2018-Economic-Impact-Report.pdf>

Þó ber að taka fram að áhrifin hér verða alltaf hóflegri þar sem áfengisgjöld skekkja ávallt myndina. Framlegðin umfram að selja í ÁTVR er einungis 18% ef bjórinn á að kosta það sama og slíka álagningu er erfitt að finna flata á allar vörur, óháð veltuhraða.

Sölukerfi ÁTVR: Staðreyndir og mýtur

Í umfjöllun um frumvarpið í fjölmiðlum, sem og í fyrstu umræðu þess á þinginu, hefur mikið borið á missögnum um ríkjandi sölukerfi áfengis á Íslandi sem umsagnaraðilum finnst mikilvægt að leiðrétta.

Mörgum þátttakendum í umræðunni verður tíðrætt um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og rekstur hennar, sem er eðlilegt í ljósi stærðar hennar á íslenska áfengismarkaðnum. Verra er að sú umfjöllun byggist oft á úreltum upplýsingum og sleggjudómum um rekstur fyrirtækisins. Sitthvað má finna að ÁTVR og gætu umsagnaraðilar haft um það langt mál. ÁTVR er rótgróin ríkisstofnun og sem slík stundum nokkuð þunglamaleg, einkum í augum utanaðkomandi, en fram hjá því verður ekki litið að sölukerfi hennar er fullkomlega gagnsætt og setur alla sölu- og framleiðsluaðila við sama borð. Raunar mætti rökstyðja að Vínbúðir ÁTVR séu fyrirheitna landið fyrir frjálshyggjufólk sem trúir á styrk óheftrar samkeppni.

Rökin fyrir þessu eru einföld: aðgangur að hillum verslana ÁTVR stendur öllum söluaðilum opið eftir sömu skilmálum og á sömu kjörum. Það er ósambærilegt við alla aðra smásöluverslun á Íslandi, þar sem geðþóttaákvörðanir kaupmanna ráða því hvaða vörur eru teknar inn og hverjar ekki, innkaupsverð og álagning fylgja oftast nær duttlungum verslunarinnar sem að auki getur gert hver kyns kröfur til framleiðenda og dreifingaraðila um að viðkomandi sinni lagerhaldi, sjái um að koma vörunni í einstakar verslanir og raði þeim í hillur – allt kröfur sem gera einyrkjum og smáfyrirtækjum verulega erfitt uppdráttar.

Hjá ÁTVR reiðir framleiðslu- eða innflutningsaðili einfaldlega fram skráningargjald fyrir sína vöru og hún er þar með tekin í reynslusölu í lykilverslunum. Byggt á frammistöðu hennar í sölu eykst svo dreifingin eftir margslungnum reglum, sem eru vissulega flóknar en þó öllum ljósar niður í smæstu atriði. Niðurstaðan er sölukerfi sem hefur tryggt íslenskum kaupendum furðu fjölbreytt úrval og tryggt innlendum smáframleiðendum hámarks athygli fyrir vörur sínar – innan þeirra hamlandi marka sem eru sú staðreynd að á Íslandi er áfengi af sögulegum, menningarlegum og heilsufarslegum ástæðum skattlagt upp í rjáfur. Allur samanburður við lönd þar sem áfengir drykkir eru seldir í öðru skattaumhverfi er því fráleitur.

Þessu til viðbótar má einnig nefna að skv. skýrslu samkeppniseftirlitsins frá árinu 2012 (ekki fundust nýlegri gögn við þessa yfirferð) að þá var lægsta mögulega álagning á gosdrykki 25% og á safa 26% í stærstu stórmörkuðunum með mesta veltuhraðann. Hún er flöt 18% ofan á bjór hjá ÁTVR, þannig að leiða má líkur að því að álagning á áfengi myndi hækka verulega, einkum á þær vörutegundir sem hreyfðust hægar. Þá eru áfengisgjöldin líkt og áður sagði rúmum 7 milljarðar árið 2020 af bjórsölu eingöngu. Þannig er ótalinn fjármagnskostnaðurinn sem hlytist af því að lána þessa 7 milljarða í líðandi mánuð plús 20 daga líkt og tíðkast um viðskiptakjör víða. Hægt er að benda víða á dæmi en hægst er að skoða hálfan lítra af kolsýrðu vatni á allt að 395 krónur á algengnum útsölustöðum og bera saman við 0,5 lítra dós af vinsælasta 5% bjórnum, Egils Gull sem kostar 399 kr. í ÁTVR. Vatnið er kolsýrt beint á

flöskur meðan bjórinn er í kringum 20 daga í gerjun og lýtur þar að auki alls kyns strangari reglum um meðhöndlun.

Allt þetta leiðir til þess að núverandi fyrirkomulag tryggir neytendum alltof gott bjórúrval á alltof lágu verði miðað við smæð markaðarins og ofurhá áfengisgjöld. Það er því í besta falli broslengt að fylgjast með þeim sem hafa áhyggjur af ofneyslu áfengis berjast gegn afnámi einkasölnunar á þeim forsendum að tilfærsla til frjálsa markaðarins myndi leiða til verðlækkana. Hið gagnstæða yrði nær örugglega raunin. Reynslan sýnir jafnframt að verð hefur bein áhrif á sölumagn bjórs. Við stórfelldar áfengisgjaldahækkanir í kjölfar hrunsins áramótin 2008/2009 hrundi bjórsalan þannig að það tók um 8 ára að ná sama magni í lítrum.

Staðhæfingar, sem heyrst hafa í umræðu um málið, þess efnis að smábrugghús eigi bággt með að koma vörum sínum í hillur ÁTVR í héraði, byggjast að mestu á gömlum dæmum frá þeim árum þegar sölukerfið var ósveigjanlegra. Í dag hafa verslunarstjórar í einstökum útibúum mun meira svigrúm til að taka inn staðbundna framleiðslu enda er sú raunin í verslunum ÁTVR vítt og breitt um landið að framleiðsla heimamanna er í boði. Þetta getur hver sem er sannreynt með því að skoða vefsíðu Vínbúðarinnar sem ber af öllum heimasíðum á sviði smáverslunar í landinu með rauntímauppfærslum á birgðastöðu hverrar vöru eftir útibúum. Þá hefur Vínbúðin lengi boðið upp á endurgjaldslausu pöntunarþjónustu þannig að hægðarleikur er að fá hvaða vöru sem er senda hvert á land sem er.

Niðurstaða

Umsagnaraðilar benda á að til að tryggja að markmið frumvarpsins náist sem best gæti verið skynsamlegt að tiltaka að heimildin til áfengissölu út af stað miðist við framleiðsluvöru viðkomandi áfengisleyfishafa. Þannig yrði tryggt að ekki kæmi upp sú skringilega staða að handhafi áfengisframleiðsluleyfis í miðborg Reykjavíkur, sem jafnvel nýtti ekki leyfi sitt nema að takmörkuðu leyti, liti svo á að hann hefði frjálst leyfi til sölu á hvaða bjór sem er í neytendaumbúðum á sama tíma og samkeppnisaðila í næsta húsi væri stranglega bannað að selja út úr húsi. Þetta veldur að vísu vandamálum fyrir hin svokölluðu farandbrugghús (sem á nágrannatungunum eru kölluð sígaunabrugghús) sem leigja sér framleiðsluáðstöðu, en undirritaðir treysta löggjafanum til að finna lausn sem tryggir anda þessa frumvarps.

Frumvarpið gerir ráð fyrir ýmsum takmörkunum sem umsagnaraðilar telja óþörf og bæta litlu við efni þess. Þannig eru viðmiðunartölur um áfengisprósentu þess bjórs sem heimilt er að selja með þessu móti upp á 12%. Bjórar sem falla utan þeirrar skilgreiningar eru örfáir og einu bjórarinnar sem það gerðu á árinu 2020 eru framleiddir af Ölgerðinni. Að þeim meðtöldum eru lítrar af bjórum 12% og yfir að styrkleika 2.773 lítrar. Þessir bjórar eru flestir framleiddir með efnafræðilegum inngrípum, svo sem með frystingu, eru eins og sést algjört jaðarfyrirbæri og illskiljanlegt hvers vegna tekur því að útiloka þá í löggjöf þessari. Fyrir utan það að einungis áfengisgjöldin af 12% bjór í 33cl umbúðum með álagningu ÁTVR og virðisauka er 543kr. Þar sem að framleiðslutími á svo sterkum bjórum telur oftast en ekki í árum að auki er verðlagning þess lags bjóra alla jafna þannig að ekki þarf að óttast að hann verði keyptur í bílförnum. Á sama hátt er vandséð hvers vegna gera ætti greinarmun á bjór og öðrum mildum áfengistegundum sem framleiddar eru með gerjun, s.s. víni, sæder og miði. Þessar áfengistegundir eru framleiddar á Íslandi í snefilmagni og lítil sanngirni í að undanskilja þær með löggjöfinni.

Varðandi sterkari áfengistegundir sem unnar eru með eimingu hafa umsagnaraðilar ekki sérlega stekrar skoðanir en sjá þó lítil rök fyrir að meðhöndla þær sérstaklega. Sú staðreynd að höfundar frumvarpsins í ráðuneytinu hafi sérstaklega horft til finnskrar löggjafar við smíði þess kann að hafa leitt þá nokkuð af leið enda er allt önnur og meiri hefð fyrir heima- og smáframleiðslu á brenndum drykkjum í Finnlandi en á Íslandi.

Loks má nefna framleiðslumörk þau sem frumvarpið gerir ráð fyrir og nokkuð hafa verið rædd í opinberri umræðu. Það er ekki rétt sem staðhæft hefur verið að 500 þúsund lítra framleiðslumörk myndu útiloka Kalda, langstærsta smábrugghúsið, frá sölukerfinu. Á síðasta ári seldi Kaldi ekki nema 237 þúsund lítra í verslunum ÁTVR og þarf því stórkostlega söluaukningu til að hálftrar milljónar markið fari að bíta. Eigi síður eru slíkar áhyggju óþarfar enda eftir því sem framleiðandinn stækkar þeim mun minni hvati verður til að selja út frá sér í smásölu því að slíkt er mun dýrara en að afhenta vöruna til ÁTVR sem sér um allt ferlið í kjölfarið.

Umsagnaraðilar sjá þó lítinn tilgang með því að hafa slíkt hámark yfirhöfuð. Stóru bjórframleiðendurnir á Íslandi, Ölgerðin og Vífilfell eru einfaldlega fyrirtæki af þeirri stærðargráðu að smásöluverslun á framleiðslu þeirra er utan kjarnastarfsemi þeirra. Á sama hátt og þessi fyrirtæki reka ekki sína eigin söluturna til að selja Kók og Pepsí, er engin ástæða til að ætla að þau sjái hag sínum borgið með með því að selja bjór í kippuvís út um bakdyrnar. Einu líkurnar á að þessi fyrirtæki teldu rökrétt að selja beint úr húsi myndi tengjast fágætri sérvöru, svo sem sælkerabjórurum sem komnir væru úr sölu í ÁTVR. Vandséð er að slík sölumennska gengi gegn markmiðum frumvarpsins.

Í ljósi framangreindra athugasemda og að teknu tilliti til þeirra leggja umsagnaraðilar til að frumvarpið verði samþykkt. Trú þeirra er sú að það verði til bóta fyrir íslenska smábrugghúsaíðnaðinn en jafnframt að þeir sem telja að það valdi byltingum til hins betra eða verra muni verða fyrir miklum vonbrigðum. Hér er um mál að ræða sem mun hafa hverfandi áhrif á heildarneyslu áfengis í landinu, er síst til þess fallið að leiða ungmenni á stig glötunar og eykur ekki aðgengi að áfengi að neinu ráði. Hins vegar mun þetta styðja við rekstrargrundvöll smærri brugghúsa, einkum í brothættari byggðum án þess að fara fram úr hófi, þar sem áfengisgjöldin eru líklega þau hæstu á vestrænu bóli hérlandis. Dæmin hafa sýnt að slíkt er mun áhrifaríkara en fjöldi útsölustaða.

Virðingarfyllst



Stefán Pálsson
Bjóráhugamaður



Höskuldur Sæmundsson
Bjóráhugamaður

Heil og sæl.

Hérna er umsögn frá Dokkan Brugghús vegna máls nr. 504 frá nefndarsviði Alþingis.

Dokkan Brugghús er lítið brugghús staðsett á Ísafirði og eina brugghúsið á Vestfjörðum.

Haustið 2018 sáum við tækifæri í að koma af stað handverksbrugghúsi og pöntuðum því framleiðslutæki til að byrja ferlið. Þegar tækin voru kominn, mitt ár 2019 var hafist handa við að setja verksmiðjuna upp og koma framleiðslu í gang. Framleiðsla brugghúsins hefur síðan þá vaxið ört og eru orðnir fjórir starfsmenn. Við horfðum mikið á að selja vöruna okkar til ferðamanna sem koma á Vestfirði, en fyrir heimsfaraldur Covid-19 var Ísafjarðarhöfn að taka á móti um 130 skemmtiferðaskipum með farþegafjölda frá 500-3000 manns á dag. Flestir sem heimsækja okkur í Gestastofu Dokkunnar vildu fá að kaupa og taka með bjór sem minjagrip um heimsóknina á Ísafjörð.

Dokkan brugghús fagnar því að þetta frumvarp komi fram. Verði það samþykkt mun það styrkja og styðja rekstur smá framleiðenda um land allt og mun það leiða til meiri gæða til neytenda sem fá ferskari og fjölbreyttari vörur.

Fh, Dokkunar Brugghúss

Hákon Hermannsson
Framkvæmdastjóri

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað) – 504.mál.

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri á að veita umsögn um málið sem snýr að því að lagt er til að smærri brugghúsum verði gert kleift að selja áfengt öl í smásölu beint til neytenda að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Embætti landlæknis undirstrikar mikilvægi þess að allar breytingar á málaflokknum kalla á heildræna nálgun og að erfitt geti verið að einblína á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á áhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Embættið leggur til að breytingar eins og þær sem koma fram í frumvarpinu verði ekki innleiddar nema sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri *Stefnu í áfengis- og vímuevörnum* (rann út 2020) eða í nýrri stefnu.

Um er að ræða breytt fyrirkomulag um aukið aðgengi að áfengi sem getur leitt til aukinnar kröfu um frekari breytingar eða tilslakana á því annars góða fyrirkomulagi sem um ríkir góð sátt, og þannig að aðgengi að áfengi verði aukið enn frekar með tilslökunum á áfengisstefnunni.

Samkvæmt sölutölum um áfengi á vef Hagstofunnar hefur sala áfengis haldist nokkuð stöðug undanfarin ár. Heildarsalan hefur þó aukist verulega úr 4,53 ltr. árið 1988 í 7,72 ltr. af hreinu áfengi árið 2018 á íbúa 15 ára og eldri.

Embættið hvetur til að unnið verði að heildrænni stefnumótun í málaflokknum og varar við breytingum sem geta leitt til enn frekari tilslökunar án þess að fyrir liggi rammi eða umgjörð sem tekur tillit til forvarna og lýðheilsu. Í því samhengi vill embættið benda á verkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, [SAFER](#), sem ætlað er að draga úr áfengistengdum skaða með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum. Meðal aðgerða má nefna takmarkanir á aðgengi að áfengi og bann eða víðtækar takmarkanir á auglýsingum, kostun og markaðssetningu á áfengi.

Eftirfarandi spurningar og vangaveltur vakna þegar frumvarpið er lesið:

- Hvaða rök liggja fyrir viðmiði um 12% af hreinum vínanda?
- Mætti minnka styrkleika þess öls sem fellur undir leyfið?
- Hvernig verður tryggt að haldið verði utan um sölutölur?
- Hvernig verða áhrifin metin t.d. með tilliti til skaðlegra áhrifa og aukinnar sölu?

- Styrkja þarf enn frekar bann við auglýsingum, markaðssetningu og eftirliti með meintum brotum á banninu. Kanna þarf möguleika á að heilbrigðiseftirlitið sinni slíku eftirliti þar sem það sinnir nú þegar eftirliti með auglýsingum á tóbaki.
- Æskilegt að setja takmarkanir á hæfilegt magn sem kaupa má í hvert skipti.
- Tryggja þarf að ekki verði unnt að vera með tilboð eða tilboðsverð.

Að lokum vill embættið taka fram að sérfræðingar þess eru reiðubúnir til að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi áform eins og kveðið er á um í lögum um landlækni og lýðheilsu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis

Rafn M Jónsson
Sérfræðingur á lýðheilsusviði

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. marz 2021.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar dags. 22. febrúar sl. um ofangreint þingmál á þingskjali 850.

Með frumvarpinu er lagt til að brugghúsum, sem framleiða minna en 500.000 lítra af sterku öli á ári, verði gert kleift að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað og er því ætlað að styðja við smærri brugghús, sérstaklega á landsbyggðinni. FA lýsir yfir stuðningi við markmið frumvarpsins um að styðja við vaxandi grózkú í áfengisframleiðslu á Íslandi en telur að sá stuðningur eigi að vera víðtækari en lagt er til í frumvarpinu. Félagið telur að gera megir mun betur og útvíkka talsvert þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, m.a. til að hindra nýja mismunun og samkeppnishömlur á markaðnum. Jafnframt er FA þeirrar skoðunar að ákveðin atriði í frumvarpinu mættu vera skýrari, sbr. athugasemdir félagsins við drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda. Athugasemdir félagsins fara hér á eftir.

I. Almennt

FA tekur undir þau rök sem fram koma í greinargerð frumvarpsins, að það skjóti skökku við að brugghús, sem mörg hver hafa byggt upp ferðaþjónustu samhliða bruggstarfseminni, geti ekki selt gestum sínum vörur sínar í lokuðum umbúðum sem þeir geti haft með sér til eigin neyzlu. Félagið tekur einnig undir að ástæða sé til að auðvelda brugghúsum að selja beint til neytenda áfengistegundir sem framleiddar eru tímabundið eða í litlu magni og henta því mögulega ekki til sölu í Vínbúðum ríkisins. Af báðum þessum ástæðum er sjálfsagt að áfengisframleiðendur geti selt vörur sínar milliliðalaust til neytenda.

II. Jafnræðisregla EES-samningsins

Í fyrri athugasemdum sínum við lagasetningaráform og drög að frumvarpi þessu benti FA á nauðsyn þess að huga að jafnræðisreglu Evrópuréttarins; að innlendum framleiðendum sé ekki hyglað umfram framleiðendur sambærilegrar vöru í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Vitnaði FA þar m.a. til skýrslu sænskra stjórnvalda um möguleika á beinni sölu brugghúsa til viðskiptavina¹, en þar var það skýr niðurstaða skýrsluhöfunda að það gengi gegn jafnræðisreglu Evrópuréttarins að mismuna innlendum framleiðendum og framleiðendum sambærilegra vara í öðrum ESB-ríkjum. Með því að leyfa innlendum framleiðendum sölu á framleiðslustað hefðu þeir tækifæri til að koma vörum sínum á framfæri við neytendur bæði í sænsku ríkiseinkasölunni og í eigin sölu, en framleiðendur í öðrum aðildarríkjum ættu ekki aðra leið að neytendum en ríkiseinkasölu.

¹ Statens offentliga utredningar: *Gårdsförsäljning: Delbetänkande av Utredningen om vissa alkoholfrågor*. SOU 2010:98.

Í greinargerð frumvarpsins er þessum ábendingum FA í engu svarað, heldur því haldið fram að vegna þess að undanþágan frá einkarétti Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sem lögð er til í frumvarpinu, sé þröng og um litla söluaukningu að ræða, feli breytingin ekki í sér brot á EES-samningnum.

FA vekur athygli á að eftir að frumvarpsdrög dómsmálaráðherra voru til umsagnar í samráðsgáttinni tilkynntu sænsk stjórnvöld að gerð yrði ný úttekt á möguleikum á beinni sölu sænskra áfengisframleiðenda til neytenda.² Í tilkynningu sænska félagsmálaráðuneytisins kemur fram að eitt skilyrði þess að slík sala verði heimiluð, sé að engin mismunun eigi sér stað gagnvart öðrum aðildarríkjum Evrópusambandsins með því að hygla sérstaklega innlendum vörum og þjónustu. Í ákvörðun sænsku ríkisstjórnarinnar kemur fram að ein forsenda niðurstöðu í málinu sé greining á þeim álitamáli sem snúa að Evrópulöggjöfinni.³ Niðurstöðu úttektarinnar er að vænta í lok ársins.

Rétt er að halda því til haga að ólíkt því sem gefið er í skyn í greinargerð frumvarpsins er það ekki almenn regla í norrænu ríkjunum að smáframleiðendur hafi heimild til sölu áfengis á framleiðslustað. Í norrænum löndum þar sem ríkiseinkasala á áfengi er við lýði er það eingöngu í Færeyjum og Finnlandi sem slíkt á við. Færeyjar standa utan EES og þurfa ekki að huga að Evrópulöggjöfinni í þessu efni. Í Finnlandi var gerð lagabreyting 2018 sem leyfði smáframleiðendum öls að selja framleiðslu sína á framleiðslustað, en um leið var almennum verzlunum heimilað að selja m.a. sterkan bjór, allt að 5,5% og fengu því brugghús í öðrum ESB-ríkjum færi á að koma vöru sinni á framfæri við finnska neytendur með sambærilegum hætti og innlendir framleiðendur.

Sú Evrópuréttarlega greining, sem að baki frumvarpi þessu liggur, virðist harla rýr í roðinu ef marka má greinargerðina. FA leggur til að nefndin mæli með því við dómsmálaráðuneytið að það fylgist með vinnu sænskra stjórnvalda í málinu og eftir atvikum beri málið undir Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í því skyni að tryggja megi að framleiðendur sambærilegra áfengra drykkja í öðrum EES-ríkjum eigi ekki síðri möguleika á að koma vöru sinni á framfæri við íslenska neytendur en innlendir framleiðendur. FA vekur athygli á mikilvægi þess að það fyrirkomulag sem Alþingi ákveður haldi, verði látið á það reyna fyrir EFTA-dómstólnum.

III. Jafnræðisregla íslenzks réttar

FA hefur í fyrri umsögnum um málið lýst efasemdum um að mismunun brugghúsa á grundvelli stærðar standist jafnræðisreglu íslenzks réttar. Röksemdir um að brugghús hafi byggt upp ferðabjónustu samhliða framleiðslustarfsemi sinni og það skjóti skökku við að gestirnir fái ekki að kaupa vörur þeirra til að hafa með sér, eiga alveg jafnt við um smærri brugghús og fyrirtæki, sem vegna áskilnaðar um framleiðslu undir 500.000 lítrum af áfengu öli á ári falla utan gildissviðs þeirra ákvæða, sem lagt er til að bætist við áfengislögin. FA ítrekar að vandséð er með hvaða rökum eigi að mismuna fáeinum

² *Gårdsförsäljning av alkoholhaltiga drycker ska utredas*, fréttatilkynning sænska félagsmálaráðuneytisins frá 9. nóvember 2020, sótt á <https://www.regeringen.se/pressmeddelanden/2020/11/gardsforsaljning-av-alkoholhaltiga-drycker-ska-utredas/>

³ *Dir. 2020: 118 Kommittédirektiv: Gårdsförsäljning av alkoholhaltiga drycker, Beslut vid regeringssammanträde den 12 november 2020*. Sótt á https://www.regeringen.se/4ac845/contentassets/b6c036196be94c90a622be191baf00f/dir2020_118.pdf

fyrirtækjum að þessu leyti. Að heimila öllum framleiðendum sölu á framleiðslustað spillir a.m.k. ekki fyrir þeim auknu möguleikum sem heimildin veitir smærri framleiðendum.

FA hefur sömuleiðis bent á að sjálfsagt sé að framleiðendur sterkari drykkja fái sömu heimild til sölu á framleiðslustað, enda eiga nákvæmlega sömu rök við um þá og bjórframleiðendur hvað varðar uppbyggingu ferðaþjónustu og möguleika á að selja gestum vörur sínar til að hafa með sér að heimsókn lokinni.

Í þriðja lagi hefur FA bent á að 500.000 lítra hámarkið virðist ákveðið út í loftið án rökstuðnings. Félagið hefur bent á að slík handahófskennd mörk búi óhjákvæmilega til óæskilega hvata á markaðnum. Þau útiloki í fyrsta lagi einhverja núverandi framleiðendur, jafnvel þótt þeir séu staðsettir á landsbyggðinni og hafi ekki marga í vinnu, en yfirlýst markmið frumvarpsins er að styrkja smærri vinnustaði á landsbyggðinni. Þau hindri sömuleiðis brugghús í að vaxa upp fyrir 500.000 lítra markið, enda missa þau þá væntanlega smásöluheimildina. Loks búi þau til hvata fyrir stærri brugghús að skipta upp framleiðslu sinni og rekstri á fleiri kennitölur.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að ekki sé hyggilegt að víkka undanþáguna frá einkarétti ÁTVR svo mikið að hún nái til allrar eða nær allrar áfengisframleiðslu á Íslandi. Í umsögn FA um frumvarpsdrögin var bent á hugmynd úr áður nefndri skýrslu sænskra stjórnvalda frá 2010, sem er að setja tiltekið hámark á sölu á framleiðslustað á ársgrundvelli. Með því að allir áfengisframleiðendur hefðu heimild til slíkrar sölu, en eingöngu upp að tilteknu hámarki, væri undanþágan áfram þröng en jafnræðis væri betur gætt en í núverandi útgáfu frumvarpsins.

IV. Skýrleiki laganna

FA telur að skýra þurfi betur nokkur ákvæði í frumvarpinu. Þannig þarf að vera ljóst hvernig á að fara með tilvik, þar sem fleiri en einn seljandi/vörumerki samnýta bruggunartæki, en nokkur dæmi eru um slíkt hér á landi. Er 500.000 lítra markið þá bundið við seljandann/vörumerkið eða framleiðslutækin?

Jafnframt mætti vera skýrara hvort seljandi/vörumerki sem hefur framleiðsluleyfi en felur öðrum að framleiða fyrir sig eins og dæmi eru um, hefur leyfi til að selja vörur sínar á eigin starfsstöð þótt eiginleg framleiðsla fari ekki fram þar.

Í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir breytingum á 19. gr. áfengislaga, en þar er lagt blátt bann við því að viðskiptavinir beri með sér áfengi út af veitingastað. Ef heimila á veitingahúsum og krám, sem brugga eigið áfengi, sölu í neytendaumbúðum til viðskiptavina er nauðsynlegt að gera breytingar á því ákvæði laganna.

V. Breytingar á ákvæðum um áfengisauglýsingar

Ekki virðist heldur hafa verið hugsað fyrir breytingum á ákvæðum laganna um áfengisauglýsingar. Að mati FA er nauðsynlegt að gera breytingar á 20. gr. laganna og heimila áfengisframleiðendum að auglýsa framleiðslu sína t.d. með merkingum á byggingum og skiltum við þjóðvegi, enda er tilgangslítið að heimila fyrirtækjum að selja framleiðslu sína til neytenda án þess að þau hafi heimild til að segja viðskiptavininum frá því með einhverjum hætti að varan sé til sölu.

VI. Að lokum

FA hefur almennt jákvæða afstöðu til markmiða frumvarpsins og telur æskilegt að það verði að lögum, en leggur um leið ríka áherzlu á að leyst verði úr þeim álitamálum og ábendingum sem félagið hefur sett hér fram. Að öðrum kosti er hætt á að samþykkt frumvarpsins búi til nýtt ójafnræði og samkeppnishömlur á áfengismarkaðnum, þvert á markmiðin. Þá þarf ekki að hafa mörg orð um þá áhættu sem í því getur falizt fyrir íslenska ríkið ef fyrirkomulagið sem Alþingi samþykkir stenztt ekki EES-samninginn.

Félagið er að sjálfsgöðu reiðubúið að funda með þingnefndinni um málið. FA áskilur sér ennfremur rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á seinni stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA



Félagsráðgjafafélag Íslands

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefnasvið@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2021.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 850 - 504. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á áfengislögum, lögum um verslun með áfengi og tóbak og lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Í greinargerð með frumvarpinu er rakið tilefni og nauðsyn lagasetningar þar sem meðal annars er vísað til þess að með frumvarpinu sé leitast við að styðja við áframhaldandi vöxt og þróun á rekstrarumhverfi smærri brugghúsa á Íslandi. Þá kemur fram að frumvarpið stuðli að því að styrkja atvinnufrelsi og jafnrétti með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 og að með því sé reynt að koma til móts við sjónarmið þeirra sem vilja aukið frjálsræði í verslun með áfengi og þeirra sem kjósa aðhaldssama áfengisstefnu. Rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi leiði til aukinnar neyslu þess og það er þekkt að skaðleg áhrif af neyslu áfengis og annarra vímuefna eru fjölbætt sem birtast meðal annars í sjúkdómum, ótímabærum dauðsföllum og miklum samfélagslegum kostnaði.

Hér á landi hefur ríkt aðhaldssöm stefna í áfengismálum í fjölda ára sem fram kemur í gildandi lögum. Árið 2013 settu stjórnvöld fram stefnu í áfengis- og vímuvernum til ársins 2020 en tók stefnan til forvarna, meðferðarúrræða, eftirfylgni í kjölfar meðferðar og endurhæfingar auk lagaramma þessara mála og varða starfsemi ríkis og sveitarfélaga, heilsugæslu, félagsþjónustu, menntakerfisins, frjálsra félagasamtaka, löggæslu og tollayfirvalda. Með stefnunni og aðgerðaáætlun sem átti að fylgja voru gefin skýr skilaboð til samfélagsins um hvert eigi að stefna og hvernig unnt sé með markvissum aðgerðum að draga úr andlegum, félagslegum og líkamlegum skaða og kostnaði einstaklinga, fjölskyldna, fyrirtækja og samfélagsins alls vegna neyslu vímujafa. Yfirmarkmið stefnunar voru:

- *Að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímujöfum.*
- *Að vernda viðkvæma hópa fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímujafa.*
- *Að koma í veg fyrir að ungmenni byrji að nota áfengi eða aðra vímujafa.*
- *Að fækka þeim sem þróa með sér skaðlegt neyslumynstur áfengis eða annarra vímujafa.*
- *Að tryggja aðgengi fólks, sem á í vanda vegna misnotkunar eða ávana, að samfelldri og samþættri þjónustu sem byggir á bestu þekkingu og kröfum um gæði.*
- *Að draga úr skaða og fjölda dauðsfalla vegna eigin neyslu eða annarra á áfengi eða öðrum vímujöfum.*

<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skvrsalur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

Fyrirliggjandi frumvarp er í mótsögn við ofangreinda stefnu og það er einnig í mótsögn við leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) sem hefur ítrekað bent á að áhrifaríkustu aðferðirnar til að minnka áfengisneyslu séu í höndum stjórnvalda en margar rannsóknir sýna að álagning skatta, takmörkun fjölda sölustaða og takmarkaður sölutíma virki einna best. Hafa ber í huga að í skýrslu Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar kemur fram að áfengisneysla sé á meðal þeirra 10 þátta sem hafa mest áhrif á dánartíðni Íslendinga. Þá hefur stofnunin lagt áherslu á mikilvægi þess að draga úr áfengisneyslu til að bæta heilsufar þjóða. Aldurstakmarkanir á áfengis kaupum virðast vera leið sem hefur dregið úr unglíngadrykkju auk breyttra viðhorfa í samfélaginu. Þar sem heildar áfengisneysla þjóðar hefur áhrif á heilbrigði og sjúkdóma hefur aukning eða minnkun áfengisneyslu bein áhrif á tíðni ákveðinna sjúkdóma og dauðsfalla. Ákvarðanir stjórnvalda verða að byggja á bestu þekkingu, núverandi fyrirkomulag hefur gefist vel og almenn sátt ríkt um það. Frumvarp sem stuðlar að frjálsum verslun með áfengi er í andstöðu við bestu þekkingu og áform um að bæta lýðheilsu þjóðarinnar, þjóðar sem hefur vakið athygli á heimsvísu vegna árangurs í áfengis- og tóbaksvörnum.

Frumvarp það sem nú liggur fyrir hefur neikvæð áhrif á forvarnar- og lýðheilsumál Íslendinga. Þingmönnum og stjórnvöldum ber að hafa hag barna og ungmenna sem og stefnu í áfengis- og vímuevörnum að leiðarljósi í allri umræðu og afgreiðslu um frumvarpið. Á undanförunum árum hefur náðst góður árangur í að minnka neyslu unglínga á áfengi og öðrum vímuegjöfum og stefnir frumvarpið þeim árangri í hættu. Samfélagsleg sjónarmið hljóta að vega þyngra en stuðningur við rekstrarumhverfi brugghúsa. Verði frumvarpið hins vegar að lögum er brýnt að fjármagni verði veitt til að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem styðja við fyrirnefnda stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuevörnum til ársins 2020.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður

Umsögn Foreldrafélags gegn áfengisauglýsingum um sölu áfengis beint út á götu úr brugghúsum

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 850 — 504. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu [á áfengislögum, nr. 75/1998](#) (sala á framleiðslustað).

Áfengisneysla mun aukast. Núna má ekki selja áfengi út af veitingastöðum. Ljóst er að neyslan mun aukast og jafnvel mest í kjölfar þess að fólk gangi út af stöðunum með poka af bjór og hefji jafnvel neyslu strax í kjölfar þess að það yfirgefur staðin. Lögbrotum mun fjölga en áfengisneysla á almannafæri er ekki heimil í dag en með því að fólk geti farið út með bjór í poka þá munu fleiri stelast til að drekka ölið þegar út er komið og á leið heim.

Aðrir staðir sem selja áfengi eins og krár munu eflaust vilja í anda jafnræðis og mismunar óska eftir að selja sitt áfengi út úr húsi líka. Þau munu jafnvel opna lítil brugghorn þar sem framleitt verður bjór til að selja út með gestum sem yfirgefa staðin.

Áfengissala eykst ár frá ári og þessum brugghúsum hefur gengið ágætlega að selja framleiðslu sína. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um að varan seljist ekki, að rekstur sé í járnum og götusölu þurfi til að glæða lífi í reksturinn.

Lög þar sem framleiðendum er mismunað munu snúast í andhverfu sína þegar fram í sækir. En í tillögunni mega lítil brugghús selja út á götu en ekki stór. Þarf að jafna stöðu smárra og stórra framleiðanda? Hér er verið að búa til regluverk og skrifræði sem er flókið og ýtir undir að það þurfi að hafa aðila sem sjá um eftirlit og umsýslu mála.

Í greinagerð höfunda frumvarpsins um frumvarpið stendur:

... síðastliðna áratugi hefur fjöldi sölustaða áfengis aukist umtalsvert og á það bæði við um fjölda verslana ÁTVR sem og fjölda vínveitingaleyfa án þess að samsvarandi aukning hafi orðið á áfengisneyslu meðal þjóðarinnar. Styðst það meðal annars við upplýsingar frá embætti landlæknis um áfengisneyslu á Íslandi

Þetta er röng fullyrðing en gögn frá Hagstofunni sýna að umtalsverð aukning hefur orðið í sölu áfengis en árið 1998 var hún 5.56 lítrar á mann en hefur verið síðustu ár milli sjö og átta lítrar. Ekki liggja þessar upplýsingar fyrir frá embætti landlæknis þar sem tengt er saman fjöldi sölustaða áfengis og neysla hvers meðlmanns. Hér er rætt um alla sölustaði eða vínveitingastaði og vínbúðir. Bæði hefur sölustöðum fjölgað umtalsvert og neysla aukist umtalsvert. Fleiri sölustaðir og fleiri söluleiðir munu auka heildarneysluna og það hefur neikvæða áhrif á heilbrigði íslensku þjóðarinnar.

Það er jákvætt að margir útsölustaðir vínbúðanna hafa mjög takmarkaðan opnunartíma á landsbyggðinni oft 2-4 tíma á dag. Sala beint frá framleiðslustað mun auka framboð á áfengi og neyslan mun aukast og gögn styðja það.

Áfengisneysla hefur mikil áhrif á líf fólks á Íslandi. Samkvæmt skýrslu Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er áfengisneysla á meðal þeirra 10 þátta sem hafa mest áhrif á dánartíðni Íslendinga. Í Evrópskýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar eru birtar mælingar á áhrifum ólíkra aðferða við að draga úr vandamálum tengdum áfengisneyslu. Þar kemur fram að heildaráfengisneysla þjóðar hefur áhrif á heilbrigði og sjúkdóma. Aukning eða minnkun áfengisneyslu hefur bein áhrif á tíðni ákveðinna sjúkdóma og dauðsfalla. Stjórnun á aðgengi og eftirlit með framboði áfengis hafa, samkvæmt Evrópskýrslunni, reynst árangursríkustu og hagkvæmstu leiðirnar til þess að koma í veg fyrir skaða af völdum þess. Margar rannsóknir ýta undir það að álagning skatta, takmörkun fjölda sölustaða og takmarkaður sölutíma virki einna best. Aldurstakmarkanir á áfengis kaupum virðist vera leið sem hefur dregið úr unglíngadrykkju auk breyttra viðhorfa í samfélaginu.

Núverandi fyrirkomulag er ágætt. Áfengiseinokunarsölnar sýna hlutleysi í markaðssetningu og almennt er spornað gegn auglýsingum og almennri markaðssetningu. Þetta fyrirkomulag hefur gengið ágætlega og ríkir almenn sátt um það. Því er óljóst hvaða samfélagslegi ávinningur felst í því að breyta þessu fyrirkomulagi og byrja að selja áfengi beint út frá brugghúsum?

Í okkar þjóðfélagi er eðlilegt að aðgengi að hættulegum vörum sé takmarkað. Lyf, byssur, eitur, sprengjur, gas og tóbak eru meðal annars vörur sem við getum ekki keypt í næsta stórmarkaði. Það er eflaust einhver hópur sem vill aukið aðgengi að þessum vörum en aukið aðgengi landsmanna að þessum vörum mun trúlega þýða aukna misnotkun og jafnvel takmarkaðra vöruúrval. Er ekki eðlilegt að vörur sem eru hættulegar lúti reglum sem takmarkar aðgengi að þeim? Áfengi er hættulegt, það er misnotað, það hefur áhrif á fleiri aðila en þann sem neytir þess. Það liggur alveg fyrir og allir átta sig á því að aukið aðgengi að vörum þýðir að öðru jöfnu aukna neyslu. Því mun frumvarpið, ef

Það verður samþykkt auka neyslu landsmanna á áfengi og því mælum við gegn því að það verði samþykkt.

Ætla má að auglýsingar og önnur markaðssetning framleiðanda á áfengi og brugghúsum muni aukast til muna. Því miður sanna dæmin að margir framleiðendur og söluaðilar áfengis hafa ekki virt þau lög eða teygt á þeim sem gilda varðandi auglýsingabann. Með harðnandi samkeppni og auknu aðgengi sem lögin fela í sér má auðveldlega ætla að öll markaðssetning verði aukin. Fleiri auglýsingar, hvort sem þær eru beinar eða óbeinar munu á einhvern hátt beinast að saklausum börnum, unglungum og þeim sem eru áhrifagjarnir.

Varla þarf að minna á þann árangur sem náðst hefur varðandi unglindrykkju. Slíkan árangur þarf að viðhalda og halda þarf áfram með öflugt fyrirbyggjandi starf fyrir eldri aldurshópa milli 16 og 19 ára. Áfengi er ekki vara eins og matvara heldur sem efni sem við þurfum að umgangast með aðgát. Lög okkar eiga að leggja áhersla á að takmarka aðgengi að áfengi og vernda sérstaklega hópa eins og börn og unglunga.

Foreldrafélag gegn áfengisauglýsingum telur því fátt mæla með því að breyta fyrirkomulagi varðandi sölu áfengis og leggst gegn frumvarpinu.

Fyrir hönd stjórnar



Geir Bjarnason

Gjaldkeri Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum

kt. 3006665829

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent rafrænt á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2021.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað). Þingskjal 850 — 504. mál. Stjórnarfrumvarp. Lagt fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021.

FRÆ - Fræðsla og forvarnir leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum og vandamálum tengdum neyslu áfengis er að takmarka aðgengi að því. Það er meðal annars gert með söluþyrirkomulagi áfengis. Frumvarpið felur í sér aukið aðgengi að áfengi með fjölgun sölustaða.

Núverandi söluþyrirkomulag áfengis hefur dugað vel eins og sést á því að áfengisneysla Íslendinga er með því minnsta sem þekkt í okkar heimshluta. Á undanförunum árum hefur einnig náðst umtalsverður árangur hér á landi í því að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu meðal ungs fólks sem hefur dregist saman svo vakið hefur heimsathygli. Sá árangur hefur náðst með þrotlausu og víðtæku samstarfi þeirra sem sinna rannsóknum, stefnumótun og störfum í þágu barna og unglunga, sem og foreldra; árangri sem meðal annars byggir á takmörkunum á aðgengi að áfengi.

Breyting á þessari stefnu sem hefur reynst svo vel kallar á vandaðra mat/lýðheilsumat á líklegum áhrifum á heildarneyslu áfengis og áhrifum á lýðheilsu og samfélag en fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Þar er einungis sagt að ekki sé: „... talið að þessi breyting muni hafa teljandi áhrif á lýðheilsu þjóðarinnar þrátt fyrir að breytingin feli í sér fjölgun á áfengisútsölustöðum.“ Í ljósi þess að heilsufarslegur og samfélagslegur vandi vegna áfengisneyslu er umtalsverður þarf að koma fram á hverju þessi spá er byggð. Hlutverk stjórnvalda er að gæta að áhrifum á heilsu og líðan íbúa í samfélaginu við stefnumótun og stjórnsýsluákvæðanir og byggja þær á traustri þekkingu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir einnig að ekki sé: „... gert ráð fyrir teljandi áhrifum á áfengissölu ÁTVR.“ Hér skortir einnig forsendur enda felur þessi spá í sér annað tveggja að nánast ekkert áfengi muni seljast á hinum nýju sölustöðum áfengis eða að salan á þessum nýju stöðum verði hrein viðbót við það áfengi sem nú er selt í landinu. Verði hið síðarnefnda raunin er trúverðugleiki þeirrar staðhæfingar sem fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu að því sé: „...ekki ætlað að stuðla að aukinni neyslu“, að engu orðinn.

Fyrir hönd Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

Þekking í þágu forvarna



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Borg, 4. mars 2021

Efni: Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 3. mars s.l. var tekið fyrir erindi frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál. Eftirfarandi bókun var gerð:

10. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður framkomið frumvarp, enda mun það hafa jákvæð áhrif á minni brugghús og styrkja rekstrargrundvöll þeirra, auk þess sem það mun stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Húsavík 2. mars. 2021

Alþingi Íslands.

Umsögn frá Húsavík öl um þingskjal 850 — 504. Mál.

Húsavík öl er lítið brugghús staðsett á Húsavík og framleiðum við allskyns tegundir bjóra. Við viljum ekki hengja okkur á að vera að brugga ætíð það sama ásamt því að vinna mikið úr árstíðarbundnum og staðbundnum hráefnum, sem oft gefast aðeins í örfáa daga á ári og því aðeins bruggað úr þeim einu sinni á ári.

Verkferli ÁTVR hentar okkur því engann veginn enda er það tímafrekt, sem bitnar á ferskleika vörunnar, en einnig er lager þeirra langt frá því að vera til fyrirmyndar sem fer ekki vel með ferskvöru. Þ.a.l höfum við lítinn áhuga á selja okkar vörur í gegnum ÁTVR.

Á Húsavík erum við aftur á móti með bruggstofu, gestastofu í brugghúsi okkar, þar sem við tökum á móti heimamönnum, erlendum og innlendum ferðamönnum. Í bruggstofu okkar væri kjörið að afgreiða út, beint úr framleiðslu og af fagfólki. Eðlilega er markaður fyrir því.

Að því sögðu, ef leyft yrði að selja í lausasölu út úr framleiðslu, myndi það styrkja fyrirtækið svo um munar. Við gætum aukið framleiðslu okkar, stækkað við okkur, búið til fleiri störf og bætt þjónustu á Húsavík.

Við fögnum svo sannarlega löngu tímabæru frumvarpi!

En set þó spurningamerki við þessa afturhaldssemi;

“Óheimilt er að afhenda áfengi á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.”

Að það sé óheimilt að afhenda áfengi úr húsi á handahófskenndum dögum og einhverjum dögum kirkjunnar er reyndar alveg út í hött og er þar enn og aftur verið að mismuna og gera áfengisframleiðendum erfiðara fyrir en öðrum veitingaframleiðendum, sem mega selja sína vöru hvaða dag sem sé.

Svo ekki verður talað um tímaskekkjunni að troða kirkjunni inn í svona mál, hvernig kemur kirkjan málinu við?

Fyrir hönd Dondi ehf. / Húsavík öl

Þorsteinn S. Benediktsson.

Eigandi og bruggari.

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík



ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjörður, 23. febrúar 2020

Tv. 2021010023

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað)

Ísafjarðarbæ barst beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998, 504. mál, þann 18. febrúar 2021. Ísafjarðarbær þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið. Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 22. febrúar 2020.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar bókaði eftirfarandi um erindið:

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar styður framkomið frumvarp enda mun það hafa jákvæð áhrif á minni brugghús til uppbyggingar atvinnulífs, sérstaklega á landsbyggðinni.“

F.h. Ísafjarðarbæjar

Bryndís Ósk Jónsdóttir
Bryndís Ósk Jónsdóttir

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / Bæjarráttari



Hafnarfjörður 2. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað)

Íslensk hollusta er fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði og framleiðir áfengi undir merkinu Og natura. Í þrjú ár höfum við framleitt vín úr íslenskum hráefnum, eftir gömlum íslenskum aðferðum og erum við eina fyrirtækið á landinu sem býr til vín úr berjum frá grunni. Við hvetjum því til þess að lagafrumvarpið verði opnara fyrir fjölbreyttari drykkjum þannig að nýsköpun eins og vínframleiðslan okkar falli undir lagarammann.

Með sölu beint frá framleiðanda hafa litlu brugghúsin og vínframleiðendur meira frelsi til að bjóða upp á fjölbreyttara vöruúrval. Ásamt því að auka framboð á ferskari drykkjarvörur og árganga af mismunandi vörum án þess að reiða sig á að halda úti lager hjá Vínbúðinni, sem setur kröfur á ákveðna sölu og takmarkaðan búðarfjölda sem stakt vörunúmer getur verið í.

Lagabreyting þessi stuðlar að sanngirni á markaði, styður við lítil íslensk fyrirtæki og styrkir nýsköpun í drykkjarframleiðslu.

Fyrir hönd Íslenskrar Hollustu

Liljar Már Þorbjörnsson

Ragnheiður Eyjólfsdóttir

Stjórnarmenn Íslenskrar hollustu og stofnendur Og natura

Ég er einn eigandi KHB-Bruggúss á Borgarfirði eystri. Þetta frumvarp, **Frumvarp til laga**

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), skiptir miklu máli fyrir okkur og okkar möguleika á að skapa atvinnu í brothættu byggðarlagi. Einnig mun frumvarpið auðvelda okkur að koma vörum okkar í sölu en ég hefði einnig viljað sjá leyfi til netsölu enda netsala á erlendu áfengi leyfð á Íslandi.

Þetta frumvarp fær þrátt fyrir það allan okkar stuðning og hvetjum við Alþingi til að samþykkja það sem fyrst.

Virðingarfyllt,

Helgi Sigurðsson

fh.KHB-Bruggúss

Reykjavík 3. mars 2021

Efni: Umsögn um mál 504, frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað)

Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, hefur unnið að forvarnarmálum í marga áratugi og lætur sig lýðheilsumál skipta miklu máli.



Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Áfengi er vara sem veldur margvíslegu tjóni meðal einstaklinga, fjölskyldna og í öllu samfélaginu. Áfengi er stór áhættuþáttur fyrir krabbamein.

Í fjölda rannsókna hefur verið sýnt fram á tengsl milli áfengisneyslu og nokkurra tegunda krabbameina. Því hefur áfengisneysla verið flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC).

Áfengisdrykkja getur valdið að minnsta kosti sjö mismunandi krabbameinum: Í munni, vélinda, koki, barka, lifur, ristli, endaparmi og brjóstum. Vísbendingar eru einnig um að áfengi auki líkur á fleiri tegundum krabbameina.

Þar af leiðandi getur Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins ekki mælt með frumvarpi dómsmálaráðherra, frumvarpi sem stuðlar að auknu aðgengi að áfengi. Þetta frumvarpi gengur þannig þvert á stefnu t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Stofnunin hefur um áratugaskeið lagt til við aðildarþjóðir sínar að unnið verði markvisst að því að draga úr heildarneyslu áfengis, ekki síst með því að takmarka framboð á áfengi.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er talað um að leggja sérstaka áherslu á forvarnir og lýðheilsu. Frumvarp dómsmálaráðherra gengur í berhögg við þann sáttmála.

Virðingarfyllt,

Árni Einarsson
formaður
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins



Krabbameinsfélagið

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 1. mars 2021

Efni: Umsögn um mál 504, frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað).

Í drögum að frumvarpi dómsmálaráðherra sem felur í sér breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað) er lagt til að leyfa smærri brugghúsum að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað.

Lengi hefur verið vitað að neysla áfengis eykur líkur á krabbameinum í munnholi, koki, barkakýli, vélinda, lifur, brjóstum, ristli og endaparmi. Áfengi veldur til dæmis 5% brjóstakrabbameina og 3% krabbameina í ristli og endaparmi á Norðurlöndum.

Miðað við óbreyttar drykkjuvenjur á Norðurlöndunum má búast við að áfengisneysla muni valda 83.000 krabbameinstilfellum næstu 30 árin. Ef drykkja minnkaði og helmingur þeirra sem drekka 1-4 glös af áfengi á dag myndi hætta að drekka áfengi væri hægt koma í veg fyrir 21.500 krabbameinstilvik.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að draga úr áfengisneyslu til að bæta heilsufar þjóða. Ennfremur hefur stofnunin ítrekað bent á að langáhrifaríkustu aðferðirnar til að minnka áfengisneyslu séu í höndum stjórnvalda; verðstýring, aðgangstakmörkun og auglýsingabann. Því miður hefur fræðsla ekki nærri eins mikil áhrif og þessar takmarkanir.

Ákvarðanir stjórnvalda hljóta alltaf að byggja á bestu þekkingu. Augljóst er að ekki fer saman að Alþingi leyfi frjálsari verslun með áfengi, sem getur meðal annars fjölgað dauðsföllum, sjúkdómum og hækkað kostnað í heilbrigðiskerfinu, á sama tíma og vinna á eftir nýrri íslenskri krabbameinsáætlun og lýðheilsuáætlunum með forvarnir að leiðarljósi. Stjórnvaldsaðgerðir hafa skipt sköpum í þeim árangri sem Íslendingar hafa náð í tóbaksvörnum og vekur þessi árangur athygli á heimsvísu. Lærum af reynslunni og vinnum að betri lýðheilsu, til dæmis með aðgangstakmörkunum og skattlagningu.

Krabbameinsfélag Íslands hvetur þjóðkjörna fulltrúa til að nýta möguleika sína til að vinna að aukinni velferð íslensku þjóðarinnar og forgangsraða aðgerðum í þágu bættrar lýðheilsu.

Virðingarfyllt,
f.h. Krabbameinsfélags Íslands


Halla Þorvaldsdóttir



Umsögn um mál nr. 504, stjórnarfrumvarp um breytingar á áfengislögum

Inngangur:

Litla Brugghúsið er örlítið ungt handverksbrugghús sem tók til starfa árið 2020 í miðjum Covid faraldri, en þrátt fyrir streð höldum við ótrauðir áfram. Vegna samkomutakmarkana höfum við ekki átt kost á því að opna ölstofu líkt og mörg önnur handverksbrugghús og því eigum við mikið undir því að sala á afurðum okkar gangi upp. Nýlega lagt fram frumvarp til breytinga á áfengislögum sem heimilar sölu handverksbrugghúsa á afurðum sínum á framleiðslustað myndi vera mikil lyftistöng fyrir okkur.

En algengt er að handverksbrugghús bjóði uppá heimsóknir á framleiðslustað til kynningar gegn vægu gjaldi. Í slíkum ferðum hafa gestir sem aldur hafa til getað fengið að smakka á afurðum þeirra og fundið sér t.a.m. nýjan uppáhalds drykk. Sá einstaklingur má þó ekki í dag versla sér þann drykk í neytendapakningum til að taka með sér heim. Oft á tíðum væri slík vara ekki fánleg í nema örfáum vínbúðum vegna þess að vara gæti verið árstíðabundin, eða jafnvel bara fánleg í mjög takmörkuðu upplagi.

Hversu rökrétt er það að handverksbrugghús sé bundið t.d. því að vörur sínar þurfi að fara í gegnum 6 mánaða samþykktarferli hjá ÁTVR, nema þær detti í Sérflokk og þá um leið bindur líka handverksbrugghúsin taka við þeirri vöru sem ekki selst innan 6 mánaða gegn endurgreiðslu.

Handverksbrugghús leggja áherslu á að vörur sínar séu ferskar þegar þær eru til sölu, og því upplagt fyrir einstaklinga og hópa sem koma í kynningu á starfseminni og fengið smakk af t.d. 3-6 mismunandi bjórum eigi kost á því að versla sér eins og kippu eða tvær af þeim bjór sem þeim fannst bestur, eða vilji leyfa vinum sínum sem ekki komust í kynningu smakk.

Sala á afurðum handverksbrugghúsa beint úr húsi gefur þeim líka þann möguleika á að vera með örlítið betri verð á afurðum sínum því álagning ÁTVR ein og sér hefur heilmikið að segja um afdrif brugghúsanna.

Sala á handverksbjórum aukist um ca. 54% á sl. ári. Gæti verið að bjórmening á Íslandi sé að þróast og þroskast í þá átt að flestir sem versli sér bjóra frá handverksbrugghúsum sé að leitast meira eftir því að njóta íslenskrar nýsköpunar, styðja við íslenska framleiðslu og njóta ferskari veiga en hingað til hafa fengist í vínbúðunum. Það eru ekki allir sem versla sér bjór að sækjast eftir slíkri drykkju að verða ofurölvi. Íslenskur handverksbjór er bæði í öðrum verðflokki heldur en þær veigar sem helst eru nýttar til fyllerís, sem og með það í fyrirrúmi að vera með gæðavörur með fjölbreyttari útfærslum en hafa fengist hingað til hér á landi.

Handverksbrugghús sem fengju heimild til sölu á eigin framleiðslu á framleiðslustað yrði bundin samþykki þess sveitarfélags/sveitarstjórnar. Söluaðili myndi bera ábyrgð á því að selja ekki vörur sínar til einstaklinga undir lögaldri til drykkju og eftirlit með slíku tel ég að yrði mjög sterkt í hverju því bæjarfélagi sem handverksbrugghús sé starfrækt.

Sveitarstjórn/bæjar eða borgarstjórn gæti því sett skilyrði um að opnunartíma og sé framleiðsla handverksbrugghúss komið á það stig að vera „stór framleiðandi“ væri hægt að draga úr ofangreindum heimildum.

Til upplýsinga má það koma fram að fjöldi Vínbúða hefur fjölgað umtalsvert á sl. árum auk þess sem að Vínbúðin starfrækir vefverslun með vörur sínar sem eykur aðgengi Íslendinga umtalsvert, nokkur handverksbrugghús með skertan opnunartíma geta því varla talist mikil aukning á aðgengi að hættulegum vörum gagnvart lýðheilsu. Nóg er af öðrum vörum á markaðnum sem eru talsvert hættulegri heilsu einstaklinga heldur en áfengi.

Fyrir hönd Litla Brugghússins,

Kristján Carlsson Gränz

Kristinn Bergsson

Davíð Ásgeirsson

Markús Arnar Finnbjörnsson

Á fundi byggðarráðs Norðurþings í morgun var tekið fyrir ofangreint mál.
Á fundinum var bókað;

*„Byggðarráð Norðurþings styður framkomið frumvarp enda mun það hafa jákvæð áhrif á minni
brugghús til uppbyggingar atvinnulífs, sérstaklega í landsbyggðunum.“*

Þessi umsögn ráðsins tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Drífa Valdimarsdóttir
Fjármálastjóri Norðurþings og staðgengill sveitarstjóra



Stjórnsýsluhús
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
Sími 464 6100

Norðurþing



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023



Reykjavík 26. febrúar 2021

Alþingi Íslands
Varðar umsögn um
151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 850 — 504. mál.

RVK Brewing Co. er lítið brugghús í hjarta Reykjavíkur. Félagið hefur starfað í þrjú ár og á þeim tíma gert tugi mismunandi bjóra, með gæði, fjölbreytni og smá ævintýramennsku að leiðarljósi, með það að markmiði að veita okkar viðskiptavinum betri upplifun. Auk bjórgerðar þá er rekin lítil bruggstofa á framleiðslustað félagsins skammt fyrir ofan Hlemm, þar sem viðskiptavinir sem hafa aldur til geta komið inn, fengið upplýsingar og fræðslu um vöruna frá fyrstu hendi og smakkað á vörum félagsins til að njóta á staðnum, enda hefur félagið áfengissöluleyfi til að reka þar bar.

Fyrir lítið brugghús eins og RVK Brewing Co. myndi það skipta verulega miklu máli að geta líka selt gestum bjór til að taka með heim, hvort heldur í pökkuðum umbúðum eða í endurnýtanlegum fjölnota umbúðum. Það myndi skjóta frekari stoðum undir rekstur félagsins, auk þess sem það gæfi okkur kost á að auka enn fjölbreytni í okkar vörum og veita viðskiptavinum og velunurum okkar aukna upplifun og ánægju.

RVK Brewing fagnar því að þetta frumvarp komi fram nú. Verði það samþykkt mun það styrkja og styðja rekstur smárra framleiðenda um land allt og það mun leiða til meiri gæða hjá neytendum sem fá ferskari og fjölbreyttari vörur á hagkvæmari hátt fyrir þá og umhverfið.

F.h. S.B. brugghúss ehf. / RVK Brewing Co.

Sigurður P. Snorrason
Meðstofnandi og framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2021

2102047SA KB/bg
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað),
504. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Markmið frumvarpsins er að styðja við áframhaldandi vöxt og þróun á rekstrarumhverfi smærri brugghúsa á Íslandi með því að gefa þeim kleift að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Að mati sambandsins hefur frumvarpið tekið jákvæðum breytingum frá því að drög voru lögð fram í samráðsgátt þann 20. september 2020. Í þeim drögum kom fram að sækja skyldi um framleiðslusöluleyfi til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi. Í fyrirbyggjandi frumvarpi kemur fram að sækja skuli um framleiðslusöluleyfi til sýslumanns sem leitar umsagnar hjá viðkomandi sveitarfélagi og óheimilt sé að gefa út leyfi ef sveitarstjórn leggst gegn útgáfu þess og að leyfið skuli bundið þeim skilyrðum er koma fram í umsögn sveitarfélags. Tekur sambandið undir það mat er kemur fram í greinargerðinni að með þessu fyrirkomulagi sé aðkoma sveitarstjórna tryggð samhliða því að einfalda stjórnarsýslu leyfisveitinga.

Sambandið tekur ekki afstöðu til þess hvort samþykka eigi frumvarpið en telur þó að samþykkt þess geti stutt við starfsemi brugghúsa sem eru að miklu leyti staðsett á landsbyggðinni. Sambandið telur einnig að ef heimila á sölu á framleiðslustað sé leyfisveingarferlið, eins og það er útfærð í 4. gr., ákjósanlegt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2021
Tilv.: 2102011

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Með bréfi dags 18. febrúar 2021, óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað). Með frumvarpinu er lagt til að smásala á áfengu öli verði heimiluð á framleiðslustað að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt frumvarpinu er markmið þessarar breytingar að styðja við smærri brugghús og jafna samkeppnisstöðu þeirra og stærri áfengisframleiðenda.

Líkt og frumvarpið ber með sér, þá felur framangreint í sér undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins („ÁTVR“) á smásölu áfengis til neytenda, sem er lögfest í 10. gr. áfengislaga, nr. 77/1998, og 1. mgr. 7. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.

Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt að koma eftirfarandi umsögn á framfæri með vísan til c-liðar 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, en þar er kveðið á um það hlutverk eftirlitsins að „benda stjórnvöldum á leiðir til að gera samkeppni virkari“.

I.

Samkeppniseftirlitið hefur áður veitt umsagnir við sambærileg frumvörp um breytingar á smásölu áfengis og komið á framfæri sjónarmiðum sem varða m.a. markmið samkeppnislaga, að samkeppni í viðskiptum sé bæði æskileg og nauðsynleg þar sem hún m.a. auki velferð neytenda, eykur jöfnuð og stuðli að hagkvæmi og þróttmiklu atvinnulífi.¹ Hins vegar er viðurkennt að í tilteknum tilvikum kunni að vera nauðsyn til þess að víkja frá frjálsri samkeppni í því skyni að vernda tiltekna almannahagsmuni.

Í frumvarpinu sem hér er til umsagnar, er vikið að þeim samkeppnislegu hindrunum sem smærri brugghús hafa rekið sig á við að fá vörur sínar seldar í verslunum ÁTVR, jafnvel nærri framleiðslustað, sérstaklega áfengistegundir sem eru framleiddar einungis tímabundið eða í litlu magni. Hefur það skapað samkeppnisumhverfi þar sem hallar á smærri brugghús, sem eiga umtalsvert erfiðara með að selja vörur sínar til neytenda en stærri samkeppnisaðilar. Þannig kann rekstur áfengisframleiðanda að stand og falla með því að fá vörur sínar seldar í verslunum

¹ Sjá m.a. eldri umsagnir Samkeppniseftirlitsins frá 2018 (https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2017/Umsogn_3_2017-Frumvarp-til-breytinga-a-logum-um-verslum-med-afengi.pdf) og frá 2014 (https://www.samkeppni.is/media/umsagnir-2014/Umsogn_8_2014_um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-verlum-med-afengi-og-tobak.pdf).



ÁTVR. Samkvæmt frumvarpinu er tillögum þess ætlað að jafna stöðu smærri brugghúsa og þeirra stærri hvað þetta varðar.

Í fyrri umsögnum Samkeppniseftirlitsins, hefur verið gerð grein fyrir ýmsum ábendingum og kvörtunum sem eftirlitinu hafa borist um háttsemi ÁTVR á áfengismarkað og tengjast m.a. þessum samkeppnislegu hindrunum sem vikið er að í frumvarpinu. Kvartanirnar hafa einkum varðað vöruvalsreglur fyrirtækisins, synjun þess að taka vörur í reynslusölu, stærðartakmarkanir á sölueiningum áfengra drykkja sem heimilt er að bjóða til sölu í verslunum ÁTVR, framsetningu/uppstillingu drykkja í verslunum ÁTVR, meintar ávirðingar þess efnis að ráðgjafar á vegum ÁTVR hygji ákveðnum aðilum umfram aðra og greiðslufyrirkomulag ÁTVR á áfengi sem er í reynslusölu.

II.

Með hliðsjón af framangreindu er Samkeppniseftirlitið fylgjandi því að núgildandi fyrirkomulag við sölu áfengis verði endurskoðað, og styður því umrædda breytingartillögu. Eftirlitinu er ljóst mikilvægi þess að löggjafinn leitist við að vernda samfélagið og einstaklinga frá þeirri vá sem neysla áfengis getur haft í för með sér. Til þess á hins vegar að velja þær aðferðir sem skerða frjálsa samkeppni sem minnst.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið



Guðmundur Haukur Guðmundsson

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík 3. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, mál 504.

Hinn 18. febrúar 2021 barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF tölvupóstur þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til breytinga á lögum á áfengislögum, nr. 75/1998, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Í frumvarpinu er mælt fyrir um að smærri brugghúsum verði gert mögulegt að selja áfengt öl í smásölu beint til viðskiptavina á framleiðslustað. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SAF og vilja samtökin koma nokkrum athugasemdum á framfæri.

Inngangur

Frumvarp þetta, eða drög að frumvarpi sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda sl. haust um breytingar á áfengislögum snýst ekki um áfengisneyslu, aukið aðgengi eða aukin sýnileika á áfengi eða aukna markaðssetningu á áfengi. Frumvarpið sem er til umfjöllunar hér snýst um að heimila smærri brugghúsum að selja vöruna sína í smásölu á framleiðslustað og að styðja við atvinnurekstur sem nú þegar er til staðar til að gera þeim auðveldara að stunda sína atvinnu víðsvegar um landið.

Ánægjulegt skref

SAF vilja byrja á því að lýsa yfir ánægju sinni með að frumvarpið taki það skref að heimila smærri brugghúsum að selja áfengt öl í smásölu beint til viðskiptavina á framleiðslustað. Í dag geta þau boðið gestum uppá vörur sínar í gegnum veitingaleyfi en ekki selt þær í smásölu á framleiðslustaðnum. Það hamlar tækifærum til að koma vöru á framfæri, sérstaklega í ljósi þess að sömu framleiðendur geta átt í erfiðleikum með að fá vörur sínar seldar í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Mikilvægt er að rekstraraðilar brugghúsa geti boðið gestum upp á að kaupa á staðnum. Flest þessara fyrirtækja eru á landsbyggðinni þannig að mikilvægi fyrirliggjandi lagabreytingar er enn meiri til að styrkja fjölbreytta atvinnustarfsemi um land allt og verja afkomu fjölda frumkvöðlafyrirtækja og starfsfólks þeirra.

Hænskref

Samtökin vilja lýsa yfir furðu sinni á þeim breytingum sem frumvarpið hefur tekið frá því það var kynnt á samráðsgátt stjórnvalda sl. haust., mál nr. 200/2020 en eru þó hænskref í átt að auknu frelsi.

Í frumvarpsdrögum sem birtust á samráðsgáttinni var einnig ráðgerð heimild til að starfrækja vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. SAF telja að þar hafi verið um litlar og einfaldar breytingar að ræða en þó þýðingamiklar breytingar fyrir atvinnulífið í landinu. Með því var stigið varlega til jarðar og þær breytingar ættu ekki að auka sýnileika eða aðgengi áfengis í samfélaginu.

Aðgengi neytenda að áfengi á Íslandi er gott í dag. Það hentar mjög vel stórum framleiðendum sem hafa nægt hillupláss í vínbúðunum. Þeir hafa tryggn kaupandi (ríkið) í smásölnni. Starfa í umhverfi þar sem óheimilt er að setja upp innlenda vefverslun með innlendar vörur og allar nýjungar í framleiðslu frá nýjum framleiðenda eiga ekki greiðan aðgang að eina sölustað með áfengi hér á landi. Hins vegar eiga stóru brugghúsin greiðari aðgang að útsölustöðum smáseljanda. Nógildandi kerfi er því gott fyrir stóra og þekktu framleiðendur hér á landi en mjög vont fyrir nýja litla framleiðendur.

Ef það er vilji stjórnvalda að halda áfram að styðja við hina stóru og þekktu framleiðendur er óþarfi að breyta nógildandi kerfi en ef þau vilja styðja við „litla manninn“ þá þarf að taka upp frumvarpið sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda sl. haust.

Aðgengi að áfengi í dag

Í dag er heimilt að kaupa áfengi í gegnum erlendar vefverslanir og í gegnum vefsíðu Vínbúðarinnar. Það þarf hins vegar að sækja áfengið sem er verslað í gegnum vefverslun Vínbúðarinnar. Hins vegar er áfengið sem er pantað í gegnum erlendar vefverslanir afhent heim að dyrum íslenskra heimila.

Frumvarpsdrögin sem birtust á samráðsgáttinni voru ætluð að jafna stöðu innlendar og erlendar verslunar að þessu leyti. Sumir myndu halda að það ætti að vera sjálfsagt, sérstaklega í ljósi EES-samningsins. Með þeirri breytingu yrði sýnileiki áfengis ekki aukinn eða aðgengi að því aukið. Breytingin, sem mælt var fyrir um á samráðsgáttinni, myndi stuðla að því að tryggð yrði að starf, í vefversluninni sem þjónustar íslenskan viðskiptavin, yrði staðsett á Íslandi en ekki erlendis. Þannig yrði m.a. hægt að auka möguleika íslenskra fyrirtækja til að verja afkomu sína og þá sérstaklega veitingarstaða sem urðu fyrir gríðarlegu tekjufalli í heimsfaraldrinum. Þó viðskiptavinir hafi pantað mat heim þá vantaði það val að geta pantað áfengi heim og þar með bæta upp tekjutapið. Það ætti að vera einfalt að setja fram skilyrði og takmarkanir í stað skilyrðislauss banns.

Að mati SAF var fyrrgreind nálgun, í frumvarpsdrögum á samráðsgáttinni, mjög skynsamleg og sanngjörn. Sérstaklega ef horft var til þess að nú er hvort sem er heimilað að selja áfengi í gegnum verslanir sem starfræktar eru á netinu, erlendar vefverslanir. Það yrði engin breyting nema á þá leið að vefverslunin yrði starfrækt á Íslandi en ekki erlendis.

Breytingin yrði mikil bragabót fyrir neytendur því þá gætu neytendur valið t.d. íslenskan bjór í stað hins erlenda í vefverslunum og haldið verðmætunum enn frekar innanlands

og látið það ganga. Þannig yrði breytingin einnig góð fyrir íslenska áfengisframleiðendur.

Í frumvarpsdrögnum í samráðsgátt var dregið fram dæmi um gildandi lagaumhverfi. Þar var nefnt dæmi um innlenda áfengisframleiðendur sem hafa reynt að mæta þörfum neytenda með því að bjóða uppá innlenda vöru í gegnum erlendra vefverslun. Vörurnar eru seldar til íslenskra neytenda í gegnum erlendu vefverslunina. Þannig hefur vara verið flutt frá Íslandi í þeim eina tilgangi að vera send aftur til landsins. Þetta dæmi er gjörsamlega galið og því verður að breyta lögnum með fyrrgreindum hætti. Að frumvarpið nú skuli ýta undir þá framkvæmd eru mikil vonbrigði og óskiljanlegt að frumvarpið hafi tekið þessum breytingum.

Það að vera andvíg frumvarpinu sem var sett inná samráðsgátt lýsir hvað stjórnvöld geta verið svifasein að átta sig á nútímanum og stöðunni eins og hún er. Stundum veltir maður fyrir sér hvort það þurfi að kynna stjórnvöldum þá þróun sem veraldarvefurinn hefur borið með sér hvað varðar framboð og sölu á vöru og þjónustu.

Samtökin skora á þingnefndina

Samtökin vilja ítreka ánægju sína með frumvarpsdrögin úr samráðsgátt sl. haust og mæla með því að frumvarpið sem liggur fyrir Alþingi verði breytt í samræmi við frumvarpsdrögin sem þá voru birt. Að lágmarki að núverandi frumvarp verði samþykkt óbreytt að svo stöddu þó að aðeins sé um hænuskref að ræða. Það yrði til bóta frá núverandi framkvæmd en augljóslega ekki nóg.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri



Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 4. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „**SI eða Samtökin**“) fengu stjórnarfrumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), 504. mál til umsagnar. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 sem og lögum um aukatekjur ríkisins nr. 88/1991. Helstu breytingar frumvarpsins er að heimila að veita smærri brugghúsum, handverksbrugghúsum, smásölu á áfengu öli á framleiðslustað. Samtökin fagna frumvarpinu en vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í frumvarpinu er bent á að sala á grundvelli framleiðslusöluleyfis muni fyrst og fremst eiga sér stað í tengslum við ferðaþjónustu hjá leyfishafa og styrkja sölu leyfishafa í nærumhverfi. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins mun breyting á þessu styrkja rekstur þeirra áfengisframleiðenda sem frumvarpið nær til. SI telur að það kunni að skjóta skökku við að hafa efri mörk fyrir útgáfu framleiðsluleyfis þ.e. 500 þúsund lítrar. Þrátt fyrir að langstærsti hluti framleiðenda sem frumvarpið eigi að ná yfir framleiði undir 200 þúsund lítrum á ári þá eru handverksbrugghús sem framleiða meira en mörk frumvarps fyrir framleiðslusöluleyfi gera ráð fyrir. Slík mörk munu útiloka þá framleiðendur og í sumum tilfellum reynast neikvæður hvati fyrir önnur handverksbrugghús að framleiða ekki meira en tiltekin mörk heimila.

SI veltir þeirri spurningu upp hvort ekki væri skynsamlegra að veita framleiðslusöluleyfi á grundvelli seldra lítra á framleiðslustað. Með slíku yrði komið í veg fyrir að neikvæður hvati myndist fyrir framleiðendur að fara yfir tiltekin mörk, hvort sem í slíku myndi felast að draga úr framleiðslu með tilheyrandi áhrifum á nærumhverfi, til að mynda með fækkun starfa eða að skipta framleiðslu upp í framleiðslueiningar.

Hafa ber í huga að frumvarpið takmarkar engu að síður aðra handverksframleiðendur að fá framleiðslusöluleyfi fyrir sterkara áfengi en sem nemur 12% af hreinum vínanda að rúmmáli og einungis taki framleiðslusöluleyfið til áfengis gerjað úr möltuðu og ómöltuðu korni. Rök fyrir þeim takmörkunum eru sögð að tilætlan frumvarpsins felist ekki því að heimila smásölu sterks áfengis á framleiðslustað og að eyða öllum vafa um heimild fyrir framleiðslusöluleyfis annarra áfengra drykkja. SI gerir alvarlegar athugasemdir við þessar takmarkanir. Fela þær í sér mikið ójafnræði fyrir fjölda íslenskra handverksframleiðenda sem framleiða sterkari áfengi en nemur



12% af hreinum vínanda og þeirra er gerja öl úr öðru en möltuðu og ómöltuðu korni. Bent er á að samkvæmt frumvarpi eru breytingunum ætlað að styðja við smærri brugghús og jafna samkeppnisstöðu þeirra við stærri áfengisframleiðendur. Það skítur því skökku við að undanskilja þau handverksbrugghús sem framleiða sterkara áfengi en 12% af hreinum vínanda og þeirra er nota annað en maltað og ómaltað korn sem grunn að áfengi.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Sigurðarson', written over a horizontal line.

Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Samtök íslenskra handverksbrugghúsa

Reykjavík 1. mars 2021

Alþingi Íslands

Umsögn um þingskjal 850 — 504. mál.

Samtök íslenskra handverksbrugghúsa eru hagsmunasamtök 25 handverksbrugghúsa um land allt. Brugghúsin eru smá, hafa gæði og frumleika að markmiði og þau leitast við að gera úrvæls vörur í nánú samstarfi við sitt nærumhverfi. Þau skapa atvinnu fyrir allt að 200 manns, auka lífsgæði í sínu héraði og stuðla að aukinni ferðamennsku með því að laða til sín gesti sem vilja heimsækja brugghús og upplifa vörur gerðar á þeim svæðum sem þeir sækja heim.

Það frumvarp sem nú liggur frammi til breytinga á áfengislögum mun heimila litlum brugghúsum sem framleiða áfengi úr möltuðu eða ómöltuðu korni, allt að 500 þúsund lítra á ári, að selja áfengi allt að 12% alc/vol beint til kaupenda frá framleiðslustað með sérstöðu framleiðslusöluleyfi.

Í þessu frumvarpi er sjónarmiðum Samtakanna sem þau áður hafa komið á framfæri í Samráðsgátt vel gerð skil, enda eru Samtökin í megin dráttum sammála þessu frumvarpi, en hafa ábendingar um frekari útfærslu einstakra atriða er varðar stærð brugghúsa, hráefni og áfengisprósentu.

Samtök íslenskra handverksbrugghúsa setja 3 skilyrði fyrir aðild: stærð, eignarhald og áherslu á gæði. Handverksbrugghús starfa af ástríðu, leggja metnað og kraft í að gera vandaða vöru og því hafa þau öll gæði að leiðarljósi. Við stærð er miðað við að framleiðandi hafi leyfi til áfengisframleiðslu og framleiði innan við eina milljón lítra af bjór á ári, eða samsvarandi magn annars áfengis. Í raun eru öll brugghúsin mun minni en það, sbr. að samanlögð markaðshlutdeild allra aðila í Samtökunum var aðeins 2,1% af bjórsölu ÁTVR árið 2020. Þá miðar eignarhald við að félagið geti að hámarki verið 25% í eigu stærri áfengisframleiðanda. Í reynd eru allir aðilar að Samtökunum sjálfstæðir framleiðendur sem tengjast ekki stórum innlendum eða erlendum framleiðendum.

Af 25 aðilum í Samtökunum eru 22 brugghús sem framleiða bjór úr möltuðu eða ómöltuðu korni. Öll brugghúsin eru smá, öll framleiða langt undir 500 þúsund lítum sem miðað er við í frumvarpinu, fyrir utan Bjórsmiðjuna Kalda sem er stærri en 500 þúsund lítrar. Kaldi er frumkvöðull á innlendum markaði, elsta sjálfstæða handverksbrugghúsið á Íslandi sem enn er starfandi, og lang stærst af öllum óháðu handverksbrugghúsunum. Ef mörk fyrir útgáfu framleiðslusöluleyfis eru miðuð við 500 þúsund lítra myndi það útiloka þennan eina aðila Samtakanna frá því að fá framleiðslusöluleyfi á grundvelli stærðar.

Auk þessara 22 bjórframleiðenda eru 3 framleiðendur sem framleiða annars konar áfengi: einn framleiðir mjöð úr hunangi, einn framleiðir létt og sterk vín úr íslenskum berjum og

öðru íslensku hráefni, og einn framleiðir eimaða drykki frá grunni úr íslensku byggi. Þar sem þessir framleiðendur gera drykki sem ekki eru gerðir úr möltuðu korni fengju þessir aðilar ekki framleiðslusöluleyfi á grundvelli þess. Þá er eðli þessara drykkja að þeir eru hærrí í áfengisprósentu en bjór, svo takmörk við 12% áfengismagn myndi útiloka þau frá að selja meirihluta sinnar framleiðslu, þó svo þau fengju framleiðslusöluleyfi.

Sala beint út frá smáum brugghúsum mun ekki auka aðgengi að áfengi að neinu ráði, enda væri framboð áfengis sem selt væri á framleiðslustað lítið í samanburði við núverandi verslanir ÁTVR. Þá er miðað við að sala sé aðeins heimil á þeim dögum sem verslanir ÁTVR eru opnar. Nokkur handverksbrugghús starfa í byggðarlögum þar sem ekki er til staðar verslun ÁTVR: í Garði, á Breiðdalsvík, á Hólum í Hjaltadal og á Bakkagerði Borgarfirði eystri. Þannig fengju íbúar og gestir þessara byggðalaga að njóta framleiðslu sem gerð er í heimabyggð án fyrirhafnar við að leita út fyrir sína heimabyggð til að fara í næstu verslun ÁTVR.

Sala beint frá framleiðslustað mun styðja við litlu brugghúsin í landinu til að vaxa og dafna, treysta grundvöll fjölda manns sem hafa beinar eða óbeinar tekjur af handverksbrugghúsum, auka fjölbreitni og ferskleika fyrir neytendur, hjálpa við að gera Ísland enn eftirsóttara í augum gesta sem sækja okkur heim, og stuðla að betri áfengismenningu með því að taka burt hindranir fyrir framleiðendur til að koma vöru sinni á markað.

Stjórn Samtaka íslenskra handverksbrugghúsa

Sigurður Pétur Snorrason, formaður

Laufey Sif Lárusdóttir, ritari

Haraldur Þorkelsson, gjaldkeri

Jóhann Guðmundsson, meðstjórnandi

Aðilar að Samtökum íslenskra handverksbrugghúsa í mars 2021

22.10 brugghús	Blómsturvöllum 8, 240 Grindavík
6a Kraftöl	Eyralandsvegi 14, 600 Akureyri
Álfur brugghús	Kársnesbraut 112, 200 Kópavogur
Austri brugghús	Fagradalsbraut 25, 700 Egilsstöðum
Beljandi brugghús	Sólvellir 2, 760 Breiðdalsvík
Bjórsetur Íslands	Hólum, 551 Sauðárkrókur
Bruggús Steðja	Steðja, 311 Borgarnes
Bruggsmiðjan/Kaldi	Öldugötu 22, 621 Dalvík (dreifbýli)
Dokkan brugghús	Sindragata 11, 400 Ísafjörður
Eimverk distillery	Lyngás 13, 210 Garðabær
Gæðingur öl	Nýbýlavegi 8, 200 Kópavogur

Húsavík Öl	Héðinsbraut 4, 640 Húsavík
Jón Ríki brewery & restaurant	Hólmur, 781 Höfn í Hornafirði
KHB-Brugghús	Gamla Kaupfélagið, 720 Borgarfjörður eystri
Litla brugghúsið	Iðnagarðar 9, 250 Garði
Malbygg	Skútuvogi 1G, 104 Reykjavík
Og Natura	Skútahrauni 7, 220 Hafnarfjörður
Öldur/öldurhúsið	Desjamýri 8, 270 Mosfellsbæ
Ölverk	Breiðumörk 2, 810 Hveragerði
Ölvisholt brugghús	Ölvisholt, 801 Selfoss
RVK Brewing Co.	Skipholt 31, 105 Reykjavík
Segull 67 brewery	Vetrarbraut 8-10, 580 Siglufjörður
Smiðjan brugghús	Sunnubraut 15, 870 Vík
The Brothers Brewery	Hvítingavegi 6, 900 Vestmannaeyjar
Ægir brugghús	Eyjarslóð 5, 101 Reykjavík



Alþingi Íslands
Varðar umsögn um
151. löggjafarþing 2020-2021.
Þingskjal 850 — 504. mál.

Við hér á Siglufirði í brugghúsi Seguls 67 styðjum frumvarpið. Það er kominn tími til að bæta stöðu smábrugghúsa. Frumvarpið mun auka innkomu og styrkja reksturinn.

Við tökum á móti stórum sem smáum hópum frá heimsins hornum. Hér kemur fólk sem er að keyra hringveginn og vill taka brugghús kynningu og það vill gjarnan taka með öl til smökkunar síðar. Einnig koma hópar frá ferðaskrifstofum og skemmtiferðaskipum sem allir vilja kaupa til að taka með.

Fyrir hönd Seguls 67 / Sunna ehf.
Marteinn Brynjólfur Haraldsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4.3.2021
Tilvísun: 20210203838

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað) - 504. mál, þskj. 850.

Ríkisskattstjóri móttók þann 22. febrúar sl. tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingmál. Telur embættið tilefni til eftirfarandi ábendinga:

Með frumvarpinu er gerð tillaga um undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til endanlegra neytenda. Undanþágan felur það í sér að smærri brugghúsum, sem framleiða minna magn en 500.000 lítra af áfengi á almanaksárinu, yrði gert kleift að selja áfengt öl í smásölu beint til neytenda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Að veittu framleiðslusöluleyfi sýslumanns megi þeir stunda á framleiðslustað, svo sem skilgreint er, framleiðslusölu, þ.e. smásölu á eigin framleiðslu til neytenda.

Alls sættu 28 framleiðendur áfengis öls álagningu áfengisgjalds á árinu 2020 og nam álagning samtals um 5,2 milljörðum króna. Þar af hefðu 25 framleiðendur uppfyllt forsendur frumvarpsins um að vera undir tilgreindu framleiðslumagni, þ.e. undir 500.000 lítrum. Hluttur þessara 25 framleiðenda í álagningu 2020 nam um 4% af heildarþjárhæð. Smærri framleiðendum hefur farið fjölgandi undanfarin ár og búast má við því að sú þróun haldi áfram.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. áfengislaga nr. 75/1998 þarf leyfi til framleiðslu á áfengi og fer um leyfisveitingar samkvæmt lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Leyfisveiting er m.a. bundin því skilyrði að um starfsemina hafi verið tilkynnt til ríkisskattstjóra og viðkomandi aðili skráður í fyrirtækjaskrá og á virðisaukaskattskrá, sbr. 1. mgr. 5. gr. fyrrnefndu laganna. Þá kemur fram í 4. mgr. 4. gr. að lögregla, tollgæsla og skattyfirvöld annist eftirlit með þeim sem hafa leyfi til atvinnustarfsemi samkvæmt lögum þessum. Þá eru í gildi m.a. reglugerð um áfengisgjald nr. 505/1998, með síðari breytingum, og reglur ríkisskattstjóra nr. 118/2008, um skyldur áfengisframleiðanda við framleiðslu, geymslu, flutning, förgun, sölu eða afhendingu á áfengi.

Samkvæmt frumvarpinu er framleiðslusöluleyfi bundið við að framleiðsla áfengis fari samtals ekki fram úr 500.000 lítrum á almanaksárinu. Ríkisskattstjóri bendir á nauðsyn þess að skýrt sé tekið á því hvernig þau viðmið horfi við á gildistökuári laganna, hvort heldur starfsemi er þegar hafin eða hefst eftir gildistöku þessara breytinga. Einnig er nauðsynlegt að skýrt komi fram hvernig fari almennt með tilvik þar sem aðili hefur framleiðslusölu eftir upphaf almanaksárs. Í þessu sambandi er einnig vert að vekja athygli á að liggja þarf ljóst fyrir hver viðbrögð skuli verða ef farið er fram úr því hámarki framleiðslu áfengis á almanaksárinu sem undanþágan miðast við. Þessu tengt er þörf á því að kveða á um upplýsingagjöf frá eftirlitsaðila til þess

sýslumannsembættis sem annast veitingu leyfis til framleiðslusölu, í tilvikum þar sem framangreint hefur átt sér stað.

Ríkisskattstjóri vekur ennfremur athygli á að ekki kemur fram í frumvarpi þessu hver skuli fara með eftirlit með því að viðmið um framleiðslumagn séu uppfyllt. Ætla má að við það verkefni gagnist helst áfengisgjaldsskýrslur sem skilað er til ríkisskattstjóra ásamt áfengisgjaldi eigi síðar en á gjalddaga, þ.e. annan virkan dag eftir lok uppgjörstímabils, sbr. 6. gr. reglna nr. 118/2008. Ekki virðist unnt að leiða af þeim reglum, eða reglugerð nr. 505/1998, þá ályktun að eftirlit með viðmiðum frumvarpsins um framleiðslumagn falli að óbreyttu undir verksvið ríkisskattstjóra.

Áréttað skal að eftirlit ríkisskattstjóra með framleiðslu á áfengi byggir á afstemmingu ýmissa þátta frá framleiðslu til átöppunar og loks til afhendingar og sölu. Ljóst er að þegar enn einn afhendingarmáti áfengis, þ.e. framleiðslusala, bætist við þá mun flækjustig og umfang eftirlits með áfengisframleiðendum aukast og því er óhjákvæmilegt að gera verði ráð fyrir auknum kostnaði við eftirlitsverkefni embættisins.

Að lokum bendir ríkisskattstjóri á að þrátt fyrir að ljóst sé að undir smásölu á eigin framleiðslu til neytenda hljóti að falla sala á áfengu öli að ákveðnum styrkleika á flöskum og dósum, þá liggur ekki eins ljóst fyrir að afhending eða sala öls á kútum fengi talist til slíkrar smásölu. Rétt væri að löggjafinn tæki af allan vafa þar að lútandi.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson

Smiðjan Brugghús er staðsett í Vík í Mýrdal og hefur starfað síðan 2018 og erum við með bæði veitingastað og brugghús. Við leggjum mikinn metnað í það sem við gerum og viljum að neytendur geti treyst því að þegar þeir komi til okkar að þá fái þau bjórinn sem ferskastann og að þau geti fengið að heyra fræðslu um bjórana og jafnvel einhverjar sögur tengdar gerð þeirra eða nöfnum. Þetta er eitthvað sem neytendur geta ekki upplifað þegar þeir fara í Vínbúðir að versla okkar vörur.

Fyrir okkur að geta selt vörurnar okkar út úr brugghúsinu en ekki bara í opnum umbúðum getur skipt okkur gífurlegu máli, til dæmis árið 2019 þá yfir sumarið voru 70% af okkur viðskiptavinum bjóráhugamenn frá Bandaríkjunum sem fannst frábært að komast í lítinn smábæ í landinu okkar og fá að sjá hvernig bjórinn er gerður, fá að smakka hann og heyra sögurnar af þeim, en þeim fannst að við mættum ekki selja þeim bjór til þess að taka með sér heim til að kynna fyrir fleiri bjóráhugamönnum vera álíka fíranlegt og að bjór hafi verið bannaður hér til 1989.

Með því að leyfa okkur að selja vörur út úr brugghúsinu erum við ekki bara að tala um krónur og aura í þeirri sölu heldur viljum við að bjórarnir okkar og annara íslenskra brugghúsa komist erlendis og að það muni auka fjölda bjórferðamanna til landsins.

Okkur finnst einnig að þetta frumvarp sé mjög gott fyrsta skref en okkur finnst að við eigum alveg eins og starfsmenn Vínbúðarinnar að mega selja vörurnar okkar úr húsi og ætti það ekki að skipta máli með bæði magn og prósentu.

Einnig teljum við að það sé þörf á að skoða afslátt á afengisgjöldum til smærri framleiðenda til þess að auka samkeppnishæfi okkar við hina stóru framleiðendur.

Sveinn Sigurðsson meðstofnandi Smiðjunnar Brugghúss
Þórey Richardt Úlfarsdóttir Meðstofnandi Smiðjunnar Brugghúss

Til umsagnar 504. mál frá nefndasviði Alþingis

Við undirrituð fögnum því að hreyfing sé komin á breytingu á regluverki áfengislöggjafarinnar. Þessi breyting er ágæt byrjun og mun að öllum líkindum rétta aðeins hlut smærri brugghúsa.

Það er hins vegar hræsni að ganga ekki lengra og laga regluverkið þannig að brugghúsum hér á landi er gert hærra undir höfði.

Íslensk brugghús skapa störf og verðmæti fyrir þjóðarbúið.

Ferðamenn vilja njóta afurða hvers héraðs og lands er þeir sækja og brugghúsin eru mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Við, íslensk brugghús, sitjum ekki einu sinni við sama borð og brugghús erlendis, sem geta í skjóli EES reglna selt til íslenskra neytendi í gegnum netið. Ef rökin eru lýðheilsusjónarmið þá finnst okkur það skjóta skökku við að segja að útlenskar afurðir séu betri kostur enn innlendar. Við rekum varla samfélag á þessum grunni. Þetta kallast mismunun! En ef þetta vilji ráðamanna þjóðarinnar þá væri réttara að banna alfarið framleiðslu áfengis á Íslandi og erlenda netsölu, en að vera með þetta hálfkák.

En það er ekki aðeins með vefsölunni að brotið er á rétti okkar heldur hefur ÁTVR fullt vald á að haga hlutum eins og þeim þóknast. ÁTVR er ríki innan ríkisins. Það er ekki einu sinni stjórn yfir þessari stofnun. Heldur forstjóri yfir aðstoðarforstjóra yfir aðstoðar-aðstoðarforstjóra osfrv. Þessu er öllu saman stjórnað eftir peningaflæði og geðþótta. Ríkisstofnum á borð við ÁTVR ætti með öllum ráðum að hygla íslenskri framleiðslu, með því til dæmis að hafa íslenska framleiðslu í ÖLLUM vínbúðum landsins. Þar sem allir íslenskir framleiðendur sitja við sama borð, sama hversu litlir þeir eru.

Þetta er réttlætismál í hnotskurn og sé einhver vilji til að koma til móts við íslenska framleiðendur og neytendur, þá þarf að sýna það í verki.

Virðingarfyllst,
f.h. Brugghús Steðja ehf
Dagbjartur Arilíusson
Svanhildur Valdimarsdóttir

Reykjavík, 4. mars 2021

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað)

Hinn 4. febrúar síðastliðinn lagði dómsmálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, (pskj. nr. 850 í 504. máli). Eins og efnistilgreining frumvarpsins ber með sér felur frumvarpið í sér tillögu um undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til neytenda, þ.e. lagt er upp með að heimila smærri brugghúsum að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Í I. kafla greinargerðar frumvarpsins er eftirfarandi umfjöllun um tilgang þess að finna:

Frumvarpinu er ætlað að styðja við smærri brugghús, sérstaklega á landsbyggðinni, en umtalsverð gróska hefur verið hérlendis í bruggun áfengs öls á síðastliðnum árum. Þannig eru tugir smærri brugghúsa starfandi um allt land, sem framleiða fjölbreytt úrval afurða með skírskotun til íslenskrar menningar og staðháttá. Við gerð frumvarpsins var meðal annars horft til lagasetningar annars staðar á Norðurlöndunum en í nágrennalöndum Íslands er smærri brugghúsum almennt heimilt að selja áfengt öl í smásölu, þó með mismunandi takmörkunum. Sérstaklega var horft til lagasetningar í Finnlandi en árið 2018 tóku gildi lög þar í landi sem heimila sölu áfengs öls á framleiðslustað í smásölu til neytenda með ákveðnum takmörkunum.


Efni frumvarpsins hefur verið tekið til umfjöllunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og er talin ástæða til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum. Umfjölluninni verður þannig háttað að fyrst er fjallað um grundvallartillögu SVP frá 14. júní 2019, þau efnisatriði sem þykir vanta í frumvarpið, þá um ríkjandi aðgengi að smásölumarkaði fyrir áfengi, áhrif frumvarpsins og að lokum sett fram afstaða SVP.

Að framangreindu sögðu er rétt að taka fram að SVP hafa í gegnum tíðina lagt ríka áherslu á aukið verslunarfrelsi enda er tilgangur samtakanna m.a. að stuðla að framförum í verslun og þjónustu, bættum starfsskilyrðum og aukinni samkeppnishæfni.

Grundvallartillaga SVP

Hinn 14. júní 2019 sendu SVP velferðarnefnd Alþingis umsögn um 110. mál á 149. löggjafarþingi en í því frumvarpi var gerð tillaga að takmörkuðu afnámi einkaleyfis ÁTVR til smásölu áfengis.¹ Lögðu SVP til að afnámið yrði ríkara en mundi eiga sér stað í nokkrum skrefum, á nokkrum tíma og með aðlögun í huga. Tillagan kemur fram á eftirfarandi mynd.

¹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-5769.pdf>



Í fyrsta áfanga tillögunnar er að finna þrjú skref sem gert var ráð fyrir að yrðu tekin samhliða, þ.e. að heimilað yrði að (1) selja öl og vín í brugghúsum, (2) að selja öl og léttvín í sérverslunum, og (3) að selja öl og léttvín í netverslunum. Sé efni frumvarpsins borið saman við framangreinda tillögu fellur efni frumvarpsins einvörðungu að takmörkuðu leyti að einum þætti fyrsta skrefs tillögunnar, þ.e. (1) að heimilað verði að selja öl í brugghúsum, en þó ekki léttvín.

Tillaga SVP grundvallaðist á því að andstaða við breytingar á fyrirkomulagi smásölu áfengis virtist fyrst og fremst helgast af óvissu en óvissu yrði aðeins eytt með vissu sem gæti fengist með reynslu. Var tekið fram að reynsluna af hverju skrefi mætti nýta við undirbúning næsta skrefs. Við vinnslu tillögunnar var litið til þróunar sem hefði orðið og mundi verða í verslunarháttum, m.a. í ljósi aukinnar sjálfvirkni.

Það sem á vantar

Eins og áður segir inniheldur frumvarpið tillögu um að heimila smærri brugghúsum að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað. Á undirbúningsstigum voru drög að frumvarpinu birt í tvígang á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is, að hluta til með öðru efni² en við þau tilefni var lagt til að með takmörkunum yrði heimilaður rekstur innlendra vefverslana með áfengi í smásölu til neytenda. Til grundvallar þeirri tillögu lágu þau rök að æskilegt væri að jafna stöðu innlendarar og erlendarar verslunar í ljósi þess að almenningi væri heimilt að versla áfengi í gegnum netverslun frá útlöndum og flytja til landsins til einkaneyslu á meðan slík verslun væri

² Sjá á vefslóðunum [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2789](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2789) og [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2624](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2624).

ekki heimil í netverslun sem væri starfrækt hér á landi. Var eftirfarandi m.a. tekið fram í umfjöllun um tilefni og nauðsyn lagasetningar:

Í gildandi lagaumhverfi, þar sem Íslendingar geta pantað áfengi heim að dyrum úr erlendum áfengisverslunum, hafa innlendir áfengisframleiðendur reynt að mæta þörfum neytenda með því að bjóða upp á sömu þjónustu. Dæmi eru um að innlendir framleiðendur áfengis selji vörur sínar til erlendra vefverslana. Vörurnar eru svo seldar áfram til íslenskra neytenda í gegnum erlendu vefverslunina. Þannig hefur varan verið flutt frá Íslandi í þeim eina tilgangi að vera send aftur til landsins, með tilheyrandi kostnaði og losun gróðurhúsalofttegunda. Ljóst er að þetta fyrirkomulag felur í sér ójafnræði fyrir bæði íslenska áfengisframleiðendur og innlenda verslun. Gildandi lagaumhverfi gerir neytendum kleift að versla áfengi að vild frá erlendum áfengisverslunum, aðallega á netinu, án þess að þeim sé heimilt að gera slíkt hið sama í innlendri vefverslun. Með því að heimila innlenda vefverslun með áfengi er lagaleg staða innletrar og erletrar vefverslunar með áfengi jöfnuð. Erfitt er að réttlæta bann við atvinnurekstri er varðar sölu á vöru sem almenningur getur flutt inn að vild til einkaneyslu.

Ef tekið er mið af þróun netverslunar að undanfögnu hefur sennilega aldrei verið eins brýnt að brugðist verði við því ójafnræði sem hlýst af núverandi fyrirkomulagi, þar sem aðgangur erlendra netverslana að íslenskum neytendamarkaði er ótakmarkaður en aðgangur innletrar netverslana bannaður.

Íslensk netverslun jókst verulega milli áráanna 2019 og 2020 og nam vöxturinn t.d. um 368% á milli nóvember 2019 og sama mánaðar 2020 samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknasetri verslunarinnar. Á heimasíðu setursins segir m.a.:

Velta vex hinsvegar í öllum helstu vöruflokkum vefverslunar milli ára. Neysla í stórmörkuðum og dagvöruverslun vex hlutfallslega mest á milli ára, alls +282%, verslanir með heimilisbúnað +239% og lyfja-, heilsu- og snyrtivöruverslanir +217%.³

Velta stórmarkaða og dagvöruverslana nam einum milljarði á netinu og álíka mikil velta var á netinu með fót. Raf- og heimilistækjaverslanir veltu 1,6 milljarði í gegn um Íslensk kort og verslanir með heimilisbúnað tæpum 1,3 milljörðum.⁴

Það gefur auga leið að eftir því sem notkun íslenskra neytenda á netverslun eykst batna forsendur til rekstrar netverslana sem selja Íslendingum vörur. Fleiri netverslanir munu því óhjákvæmilega taka að líta til íslensks neytendamarkaðar. Á [heimasíðu Hugsmiðjunnar](#) er fjallað um markaðsrannsókn sem EMC rannsóknir gerðu í samstarfi við Hugsmiðjuna og þar kemur eftirfarandi m.a. fram:

Netkaup eru mjög almenn á Íslandi og kaupa langflestir einhverja vöru eða þjónustu í gegnum netið (96%). Meira en tveir af hverjum þremur kaupa oft eða stundum í gegnum netið.


Við sjáum að Þúsaldarkynslóðin sker sig úr þegar kemur að netverslun og X-kynslóðin kemur þar á eftir.

³ Sjá frétt á vef Rannsóknaseturs verslunarinnar: <https://www.rsv.is/post/innlend-kortavelta-j%C3%B3kst-milli-%C3%A1ra-%C3%AD-jan%C3%BAar>

⁴ Sjá frétt á vef Rannsóknaseturs verslunarinnar: <https://www.rsv.is/post/sprenging-%C3%AD-netverslun-%C3%AD-n%C3%B3vember>

Flestir gera ráð fyrir að auka kaup í gegnum netið á næstu árum. Meira en tveir af hverjum þremur gera ráð fyrir að auka netkaup sín og 30% að þau standi í stað. Mjög fáir gera ráð fyrir að þau minnki.

Þegar eru starfræktar sérstakar leitarsíður vegna vínkaupa á netinu, t.d. Wine-Searcher.com.




Leitarvél Wine-Searcher.com er orðið mjög handhæg og er nú fánlegt sem smáforrit (app) sem gerir neytendum fært að skoða og panta vín í gegnum snjallsíma nær hvar og hvenær sem er.

The premier cru of wine apps.
Wine-Searcher on your phone.

Download the free app to find more.



Neytendum stendur jafnframt til boða að kaupa vín á tilboðskjörum enda er það meðal þeirra leitarflokka sem sérstaklega eru birtir í leitarvélinni.




Þegar eru starfræktar nokkuð öflugar netverslanir með öl og vín erlendis, t.d.:

- Wtso.com
- Invino.com
- GreatWine2U.com
- supervin.dk
- jyskvin.dk
- vinoteket.se

Nokkur fyrirtæki selja vín aðeins á netinu - svo sem Wine.com, ShopWineDirect.com og Vinfoлио.com. Yfirleitt er unnt að kaupa vín á nokkuð viðuráðanlegu verði í netverslunum og jafnvel án flutningskostnaðar séu innkaupin nægileg að umfangi. Meira að segja vefverslun Amazon í Bretlandi selur vín til Íslands og virðist samkvæmt upplýsingum SVP innheimta

Íslenska skatta og gjöld í innkaupaferlinu og standa skil á þeim fyrir hönd íslenskra viðskiptavina.



Íslenskir aðilar sem starfa erlendis selja vín hingað til lands og starfrækja í því skyni vefsíður á íslensku.



Þá hefur fjöldi vínklúbba sprottið upp á netinu sem gera út á vínaskrift og reglulegar vínsendingar erlendis frá.



Til að endurspeglar þróunina enn betur er rétt að benda á að sprottið hafa upp fyrirtæki erlendis sem sérhæfa sig í sölu netverslunarlausna fyrir vínsejendur.

Selling Wine Online with 3dcart


Are you a wine lover, or do you just want to share your passion with the world? 3dcart has everything you need to sell wine online, including tools to help you meet the legal requirements for online alcohol sales in your area.

Restricted shipping ensures customers cannot order if they can't legally receive wine in their location, and age verification keeps shoppers legal. Built-in tax management ensures compliance with varying alcohol sales taxes in different locations. Plus, in addition to a full-featured online store with detailed product pages, 3dcart includes a built-in blog perfect for sharing wine reviews and news that will attract customers. You can even set up your own Wine of the Month subscription box with our Awarding Recurring Orders feature.

Learn More


- [How to Sell Wine Online](#)
- [How to Sell Glassware Online](#)

Af framangreindu leiðir að markaður fyrir netverslun með öl og vín erlendis frá er mjög virkur og landamæri Íslands eru slíkum aðilum lítill tálmi. Á alþjóðavísu hefur fyrirkomulag verslunar tekið breytingum sem hafa verið farvatninu. Á eftirfarandi mynd⁵ má t.d. sjá hvernig fjöldi hefðbundinna verslunarstarfa staðnaði í Bandaríkjunum á árinu 2016 og tók að dragast saman árið eftir.




⁵ Sjá á vefslóðinni <https://www.hiringlab.org/2018/10/25/retail-job-growth-slowed-in-q3/>. Rétt er að taka fram að orðalagið „Brick and Mortar“ vísar til hefðbundinnar smásöluverslunar.

Á móti má sjá á á eftirfarandi mynd⁶ hvernig umfang netverslunar hefur þróast á alþjóðavísu frá 2014 ásamt spá til og með árinu 2023.



Þá ber eftirfarandi mynd⁷ með sér að áhugi á netverslun með áfengi hefur vaxið í huga neytenda á tímum heimsfaraldurs COVID-19 en búist er við því að sá áhugi mun ekki aðeins verða áfram til staðar að faraldrinum afloknum heldur halda áfram að aukast.

How often do you shop for wine online?




⁶ Sjá á vefslóðinni <https://www.statista.com/statistics/379046/worldwide-retail-e-commerce-sales/>.

⁷ Sjá á vefslóðinni <https://www.marketwatchmag.com/wine-e-commerce-sales-move-mainstream-during-pandemic/>.

Til viðbótar er rétt að geta þess að í ljósi eðlis netverslunar hafa komið fram vísbendingar um að það halli á innlenda framleiðslu þegar kemur að vöruvali. Ætla verður að aukið umfang erlendra netverslunar hér á landi án þátttöku innlendra netverslana muni hafa margföld slík áhrif.

E-Commerce Growth: skews imports

E-commerce and new/non-traditional distribution channels are **rapidly growing**: Notably Wine.com does 53% of its business with imported wines vs. 27% for traditional retail.



Samandregið hefur umfang netverslunar aukist hröðum skrefum undanfarin ár og þá ekki síst vegna áhrifa sóttvarnaráðstafana í ljósi heimsfaraldurs COVID-19. Ljóst er að erlendis eru verulegar forsendur til að stunda netverslun með áfengi. Í raun sætir netverslun ekki verulegum takmörkunum vegna landamæra, unnt er að starfrækja slíka verslun nær allsstaðar og þjóna nær öllum markaðssvæðum. Eftir því sem tímanum vindur fram mun hlutdeild erlendra netverslunar með áfengi innanlands aukast. Sú aukning verður óhjákvæmilega á kostnað innlendra smásölu. Aðgengi innlendra neytenda að áfengi hefur aukist með fjölgun útsölastaða ÁTVR og síðar tilkomu erlendra netverslana. Næsti kafli er hins vegar hafinn með auknu umfangi netverslunar erlendis frá. Að óbreyttu mun íslensk netverslun ekki taka þátt og virkni smásölufyrirkomulagsins innanlands í raun verða til þess að hægt og rólega dregur úr innlendri smásölu áfengis. Hætt er við að samdrátturinn komi niður á innlendum framleiðendum áfengis.

Takmarkað aðgengi að smásölumarkaði

Eins og fram hefur komið nýtur ÁTVR einkaréttar til smásölu áfengis innanlands á grundvelli ákvæða 10. gr. áfengislaga, nr. 75/1998. Eru þannig reistar verulegar hömlur við verslunarfrelsi með þessa verslunarvöru. Leiðir framleiðenda og innflytjenda til að koma áfengi á framfæri við neytendur eru ávallt í gegnum þá sem selja eða veita áfengi í atvinnuskyni, þ.e. til veitingamanna, tollfrjálsra verslana eða ÁTVR. Að reglum áfengislöggjafarinnar slepptum er sala áfengis til veitingamanna fyrst og fremst viðfangsefni samninga- og kröfuréttar. Sala til tollfrjálsra verslana er háð skilyrðum sem koma fram í tollalöggjöfinni. Sala áfengis til ÁTVR

fellur hins vegar undir gildissvið laga um verslun með áfengi og tóbak, reglur stjórnsýsluréttar og ákvæði EES-samningsins, þ.m.t. 16. gr. samningsins sem setur innkaupum ÁTVR tiltekin mörk. Í því ljósi hafa ÁTVR verið settar viðamiklar vöruvalsreglur með reglugerð nr. [1106/2015](#), um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, með síðari breytingum.

ÁTVR er opinber stofnun sem sinnir smásölu áfengis undir stjórn fjármála- og efnahagsráðherra og hefur m.a. það lögbundna hlutverk að annast innkaup og smásölu áfengis í áfengisverslunum sínum. Álagning áfengis er lögbundin, 12–18%, og vöruverð skal vera hið sama um land allt. Við útgáfu ársskýrslu ÁTVR 2019 voru áfengisverslanir stofnunarinnar 51 talsins og 5.366 einstaklingar að meðaltali um hverja verslun.

Í III. kafla reglugerðar nr. 1106/2015 er áfengi í smásölu skipt í fjóra flokka, þ.e. reynsluflokk, kjarnaflokk, tímabilsflokk og sérflokk. Í tímabilsflokk og sérflokk fellur áfengi sem eru tengdar tilteknum árstíma og vörur sem ætlað er að tryggja fjölbreytileika og gæði í vöruúrvali ÁTVR og kalla mætt sérvörur. Kjarnaflokkur er aðalsöluflokkur ÁTVR og er ætlaður vörum sem njóta mikillar og stöðugar eftirspurnar. Í reynsluflokk fellur áfengi sem ÁTVR tekur í sölu til reynslu, þ.e. að hámarki í 16 mánuði. Slíkt áfengi getur flust í kjarnaflokk ef sala þess er nægileg.

Hið opinbera er traustasti viðskiptavinur söluaðila vara og þjónustu á Íslandi en eins og áður segir er álagning áfengis í áfengisverslunum ÁTVR lögbundin og verðlagning hin sama um land allt. ÁTVR tekur á móti vörum til dreifingar og sölu í verslunum stofnunarinnar að Stuðlahálsi í Reykjavík. Að meginstefnu er engum öðrum heimilt að selja áfengi í smásölu innan tollsvæðis ríkisins.

Áhrif frumvarpsins

Verði frumvarpið samþykkt án breytinga verður sú staða uppi að möguleikum til smásölu áfengis mun fjölga. Í stað þess að ÁTVR sitji ein að einkaréttinum mun innlendum framleiðendum, sem framleiða minna en 500.000 lítra af áfengi á almanaksári, verða heimilt að selja áfengt öl í smásölu á framleiðslustað að fengnu framleiðslusöluleyfi. Þar með mun svo einhverju nemi draga úr aðgangstakmörkunum að smásölumarkaði hérlendis.

Undir þessum kringumstæðum munu hins vegar skapast ýmis álitamál og meðal þeirra eru að:

- Hvati mun skapast til að reka ölframleiðslu í minni einingum, þ.e. einingum sem framleiða undir 500 þús. lítra magnmörkum.
- Álitamál munu skapast um hvort fyrirkomulagið komi með misjöfnum hætti niður á innflytjendum áfengs öls og innlendum framleiðendum og það fari þannig í bága við ákvæði EES-samningsins.

Afstaða SVP

SVP eru jákvæð í garð efnisatriða frumvarpsins en telja þó ekki nægilega langt gengið í átt til aukins verslunarfrelsis.

Í ljósi þróunar verslunarháttá má segja að fjarvera heimildar til sölu öls og léttvins í netverslun innanlands sé tímaskekkja sem eigi eftir að draga úr tækifærum innlendra framleiðenda og innflytjenda þegar tímanum vindur fram.

Taka áfengis til sölu í verslunum ÁTVR felur í sér úthlutun takmarkaðra gæða undir kringumstæðum þar sem viðskiptin við kaupandann eru einföld, hagnaðarvon góð, dreifingar- og sölukerfi rótgróin og viðskiptaöryggi mikið. Þeim sem þegar eru í viðskiptasambandi við ÁTVR dettur því ekki í hug að styðja breytingar á fyrirkomulaginu, þeir búa einfaldlega við stöðugar og nokkuð þægilegar aðstæður og aðhyllast því eðlilega ekki breytingar.

Sú tilhliðrun sem felst í frumvarpinu snýr að hagsmunum afmarkaðs hóps innlendra framleiðenda. Hætt er við að afleiðingin verði sú að komið verði á kerfi þar sem stærri framleiðendur og innflytjendur sitja nær einir um hituna í vöruvali ÁTVR en innlendir ölfraðleiðendur sitji að smásölumarkaði fyrir séröl. Ætla verður að álitamál muni skapast um hvort sú staða samræmist skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum.

Tillögur samtakanna frá 14. júní 2019 grundvölluðust á sjónarmiðum um varfærni og jafnræði að teknu tilliti til sjónarmiða sem liggja að baki áfengisstefnunni, þ.e. færslu áfengisneyslu úr sterku víni í öl og léttvín. Með frumvarpinu er fyrsta skrefið aðeins stigið að litlum hluta en ekki gætt að því að tryggja jafna stöðu leikenda á markaði.

Í ljósi framangreinds lýsa SVP því yfir að þau geta þá aðeins stutt afgreiðslu frumvarpsins að því verði breytt í þá veru að innlend netverslun með öl og léttvín verði heimiluð samhliða því að innlendum framleiðendum verði heimiluð smásala á framleiðslustað.

Í framangreindu samhengi leyfa SVP sér enda umsögn þessa á að rifja upp merkilega hluta af þingræðum Jónasar Árnasonar og Sigurlaugar Bjarnadóttur alþingismanna í umræðum um tillögu til þingsályktunar um litasjónvarp frá 98. löggjafarþingi ([bski. 49 í 48. máli](#)):

(Jónas)

Herra forseti. Margur er hégóminn, sem ríður húsum hjá þessari þjóð og mörg fordildin, sem Íslendingar ana eftir öðrum þjóðum. Skelfileg er sú árátta þeirra að þurfa endilega að kalla yfir sig hverja þá plágu fordildarinnar sem þjakar aðrar þjóðir.

Sjónvarp er mikil plága með ýmsum þjóðum. Til eru lönd þar sem vísindamenn rekja marga verstu sálarkvilla fólks til þessarar plágu. Í slíkum löndum hellist sjónvarpsefni frá mörgum stöðvum dag og nótt yfir unga sem gamla. Til eru þeir sem halda því fram að sjónvarp sé líka orðið plága hér á landi. Ég tek ekki undir það.

Enda þótt sjónvarpið hafi ýmsa galla, þá hefur það marga kosti líka. Og það er a.m.k. mikil bót í máli að hér er aðeins sjónvarpað á kvöldin og ekki nema 6 kvöld í viku. Þjóðin er alveg laus við sjónvarp einn dag vikunnar og þar að auki einn mánuð á sumrin. Skynsamlegt fólk, sem kemur hingað frá þeim löndum þar sem sjónvarpið er orðið hvað verst plága, segir að þetta sé að sínum dómi einn helsti kosturinn við íslenskt þjóðfélag, þessi takmörkun á sjónvarpsútsendingum. Hitt er svo alveg vist, að kröfur um lengdan útsendingartíma sjónvarps munu að sjálfsgöðu magnast, kröfur um fleiri stöðvar, frjálst sjónvarp, og sporgöngumenn slíkra hugsjóna mun ekki skorta skrautleg rök. Erum við Íslendingar ekki vestræn lýðræðisþjóð? Hví skyldum við ekki fá að njóta sjónvarps til jafns við aðrar vestrænar lýðræðisþjóðir? Eða er nokkur þjóð raunverulega frjálst sem ekki á þess kost að glápa á sjónvarp frá morgni til kvölds? Og hégóminn mun magnast að sama skapi og fordildin sem er að verða eitt sterkasta aflið í þjóðfélagi okkar.

Ég lýsi andstöðu minni við þessa þróun. Ég lýsi andstöðu minni við þá viðleitni að gera sjónvarp á Íslandi að sams konar plágu og sjónvarpið er orðið víða um heim. Tilfnið, sem ég nota til að gefa þessa yfirlýsingu, er sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir. Þessi tillaga gerir að vísu ekki ráð fyrir lengingu á útsendingartíma sjónvarps hér á landi, en þetta er hégómatillaga, fordildartillaga.

Ég hef átt þess kost að horfa á litasjónvarp erlendis. Venjulega hafa litirnir verið svo þjagaðir og svo afskræmdir og svo fjarri öllum eðlilegum litum að hefur verið til stórra leiðinda á að horfa — og reyndar áttakanlegt stundum. Einu sinni sá ég sjálfan Bandaríkjaforseta með heiðgul eyru og grænt nef. Stundum kemst ólag á litaútsendinguna og þá kemur myndin allt í einu í svarthvítu upp á gamla móðinn og mikið verður maður þá feginn. En þetta breytir að sjálfsögðu engu um það að almenningur í þessum löndum, þar sem ég hef séð slíkt sjónvarp, sækist mjög eftir litasjónvarpi. Hinir ríku eru að sjálfsögðu ekki í neinum vandræðum með að útvega sér litasjónvarpstæki, og hinir fátæku spara við sig helstu lífsnauðsynjar til að geta eignast slík tæki, því fordildin þjakar einnig þá fátæku í þessum löndum þar sem allir eru meira og minna truflaðir af auglýsingabrambolti gróðaafla. Kapphlaupið um hégómann, stöðutáknin, — litasjónvarpið er eitt stöðutáknanna, — þetta kapphlaup er þreytt í öllum stéttum og allir eiga það sammerkt að sjá ekki eða vilja ekki sjá að margt af sjónvarpsefninu og kannske flest af því kæmi miklu betur út í svarthvítu upp á gamla móðinn. Nei, við höfum margt miklu, miklu þarfara að gera heldur en að fara að koma á hjá okkur litasjónvarpi.

[...]

(Sigurlaug)

Herra forseti. Fordildartillaga var einkunnin sem þetta hv. þingmál fékk hjá háttvirtum 5. þingmanni Vesturlands. Ég hlýt að jata að ég er þessum háttvirtum þingmanni sammála um mjög margt sem hann sagði, og við erum þó a.m.k. þrír yfirlýstir þingmenn í háttvirtri neðri deild Alþingis sem eigum bággt með að skilja ásókn fólks í litasjónvarp. Það litla sem ég hef séð af litasjónvarpi erlendis hefur mér fundist nákvæmlega eins og háttvirtur þingmaður Jónas Árnason lýsti því: afskræmdir, ósannir gervilitir sem í mörgum tilfellum geta skemmt myndefnið sem um er að ræða. En hvað um það, ég ætla að hafa um þetta örfá orð og ég ætla að styðja þessa tillögu. Ég ætla að styðja hana, og meginrök mín fyrir því, að ég styð hana, eru þau, að ég tel loksins hilla undir einhverja möguleika á því að sjónvarpinu verði gert fjárhagslega kleift að endurbæta svo dreifikerfi sitt, að því langþráða og sjálfsagða takmarki verði náð að þetta menningartæki — skulum við segja — nái til allra landsmanna.

[...]

Ég styð þessa tillögu vegna þess að mér fyndist óraunsætt að standa á móti henni eftir því hvemig mál hafa þróast. Og ég treysti því, að háttvirtur 11. þingmaður Reykjavíkur standi við þau orð sem hann lét falla í framsögu sinni og túlkuðu greinilega einlægán áhuga á því að þetta takmark okkar dreifbýlismanna náist, að sjónvarpið nái til helst allra á Íslandi sem á annað borð vilja hafa það á heimilum sínum.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

Sæll / Sæl

Hér er umsögn frá The Brothers Brewery ehf vegna 504. máls frá nefndasviði Alþingis

The Brothers Brewery ehf er lítið brugghús á paradísareyjunni Heimaey í Vestmannaeyjum. Upphaflega var félagið stofnað utan um 50L framleiðslutæki til þess að brugga bjór fyrir einn veitingastað hér í Eyjum en fljótlega varð eftirspurnin mun meiri en framleiðslugeta þannig að menn fóru að skoða möguleika til stækkunar. Seint árið 2016 festum við svo kaup á bruggtækjum til framleiðslu á 500L af bjór í einu og opnuðum litla Ölstofu hér í Eyjum í mars 2017. Framleiðsla brugghúsins hefur svo vaxið síðustu ár þar til 2020 þar sem hún stóð nánast í stað á milli ár þar sem okkur var gert að loka Ölstofunni sem að seldi langmesta hluta framleiðslunnar til að njóta inná staðnum. Okkar viðskiptamódel var í raun aldrei að selja mikið af bjór í ÁTVR þar sem við viljum frekar framleiða margar mismunandi tegundir og margar uppskriftirnar hafa eingöngu verið framleiddar í 500L upplagi og seldar í gegnum krana á Ölstofunni okkar. Með lokun vegna covid urðum við hinsvegar að leita leiða til að fá einhverjar tekjur í félagið til þess að halda því á floti og fórum því í það að koma nánast öllum okkar vörum í ÁTVR með miklu tilkostnaði og lítilli sem engri framlegð þar sem lang stærsti hlutinn fer beint í áfengisgjöld, umsóknargjöld og sölubóknun til ríkisins. The Brothers Brewery framleiddi 27þús lítra árið 2020 og seldi af því 17þús lítra í ÁTVR eða rétt innan við 0,1% af heildar bjórsölu Vínbúðarinnar.

Fyrir lítið brugghús eins og okkar myndi það skipta verulega miklu máli að geta líka selt gestum bjór til að taka með heim, hvort heldur í pökkuðum umbúðum eða í endurnýtanlegum fjölnota umbúðum. Það myndi skjóta frekari stoðum undir rekstur félagsins, auk þess sem það gæfi okkur kost á að auka enn fjölbreytni í okkar vörum og veita viðskiptavinum og velunurum okkar aukna upplifun og ánægju.

The Brothers Brewery fagnar því að þetta frumvarp komi fram nú. Verði það samþykkt mun það styrkja og styðja rekstur smárra framleiðenda um land allt og það mun leiða til meiri gæða hjá neytendum sem fá ferskari og fjölbreyttari vörur á hagkvæmari hátt fyrir þá og umhverfið.

F.h. The Brothers Brewery ehf.

Jóhann Guðmundsson

Framkvæmdastjóri og einn af eigendum

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 5. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað). (Mál nr. 504)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp til breytinga á áfengislögum. Ráðið studdi frumvarp til breytingar á áfengislögum er lagt var fram á síðasta ári þar sem lagt var til að íslensk netverslun með áfengi yrði heimiluð, til jafns við erlenda. Viðskiptaráð styður fyrirbyggjandi frumvarp en telur það ganga of skammt. Mikilvægt er að ganga lengra í þessum efnum og afnema einokunarverslun ríkisins á smásölu með áfengi. Ráðið leggur áherslu á eftirfarandi:

- Viðskiptaráð styður að smásala á áfengu öli sé heimiluð á framleiðslustað
- Ganga þarf lengra og afnema að fullu einokunarverslun ríkisins á smásölu með áfengi
- Aðgengi að áfengi má takmarka án þess að samhliða sé dregið úr atvinnufrelsi

Aukið atvinnufrelsi bætir lífskjör

Það hefur ávallt verið mat Viðskiptaráðs og meginstef, að einkaaðilar séu að jafnaði betur til þess fallnir að standa í atvinnurekstri en hið opinbera. Með kröftum samkeppninnar skapast sterkir hvatar til að veita sem besta þjónustu á sem lægstu verði sem eykur hagkvæmni öllum til hagsbóta. Slíkir kraftar eru ekki til staðar við einokun hins opinbera. Reynslan af íslenskum smásölumarkaði sýnir þetta svart á hvítu, en aukið frelsi í verslunarrekstri hefur á undanförunum áratugum stuðlað að verulegum kjarabótum fyrir neytendur hérlendis.

Einokunarstaða ÁTVR hefur þær afleiðingar að kraftar samkeppni leiða ekki til aukinnar hagkvæmni í rekstri líkt og raunin hefur verið í verslun með aðrar vörutegundir. Því er það jákvætt skref að heimila smásölu á áfengu öli á framleiðslustað, en Viðskiptaráð telur þó mikilvægt að gengið sé lengra og einokun ríkisins á rekstri vínbúða verði afnumið.

Af hverju einokun?

Helstu rökin fyrir einokun ríkisvaldsins á smásölu með áfengi byggjast á sjónarmiðum um lýðheilsu, en í þjóðfélagsumræðu og þinglegri meðferð fyrri mála tengdum áfengislögum hefur m.a. verið nefnt að núverandi fyrirkomulag takmarki *annars vegar* aðgengi ungmenna að áfengi og takmarki *hins vegar* aðgengi allra einstaklinga að áfengi.

Það verður ekki séð að einokunarverslun ríkisins með áfengi í núverandi mynd takmarki aðgengi að áfengi. Þannig hefur fjöldi áfengisverslana ÁTVR fjórfaldast á 30 árum, verslanirnar eru orðnar 50 talsins og aðgengi að þeim gott um land allt. Þess má geta að verslanir Krónunnar eru 26 og verslanir Bónus 31. Þá heldur ÁTVR úti öflugum kynningarstarfi á metnaðarfullri vefsíðu sinni þar sem vöruúrval og fleira er til kynningar.

Þá er það mat Viðskiptaráðs að hæglega megi ná ofangreindum markmiðum í tengslum við lýðheilsu án þess að draga úr atvinnufrelsi og að ekki sé þörf sé á heilli ríkisstofnun í því skyni. Þannig væri skynsamlegra að í stað einokunar kæmu annars vegar ströng skilyrði fyrir veitingu áfengissöluleyfa og hins vegar ströng viðurlög gegn brotum á umræddum lagaákvæðum. Slíkt fyrirkomulag hefur gefið góða raun þegar kemur að smásölu á tóbaki.

Hið opinbera beitir sértækum sköttum til að hækka verð á áfengi og takmarkar þannig aðgengi að því. Verði einokun ÁTVR afnumin munu þeir skattar enn vera við lýði. Sé það vilji löggjafans að takmarka aðgengi að áfengi enn frekar með hærra vöruverði er hreinlegasta leiðin til þess að hækka neysluskatta í stað þess að handstýra álagningu í gegnum opinberan rekstur. Í öllu falli er eðlilegt að nálgun hins opinbera sé markvissari en svo að mörgum mismunandi aðferðum sé beitt í sértækum afskiptum af fyrirtækjum.

Áfengi er engin venjuleg neysluvara og verður því ekki haldið fram hér. Ekki er þar með sagt að hið opinbera þurfti að standa að sölu þess, en ýmsar vörur sem almennt teljast ekki til venjulegra neysluvara, s.s. lyf, skotvopn og flugeldar hafa um árabíl verið á boðstólum hjá einkaaðilum. Fáir eru væntanlega þeirrar skoðunar að ríkið eigi að taka yfir sölu á þessum vörum. Standi vilji til afskipta af hálfu hins opinbera af einhverjum tilteknum viðskiptum er lykilatriðið að traustur rammi sé mótaður um slíka starfsemi með lögum og reglum. Forvarnir og öflug meðferðarúrræði eru umfram allt árangursríkasta leiðin til að draga úr neikvæðum afleiðingum áfengisneyslu, en ekki takmarkanir á frelsi fullorðinna einstaklinga til neyslu þess.

Neikvæð áhrif einokunar ÁTVR á umferð og umhverfi

Til viðbótar eru allar líkur á að draga megi úr umferð, bæta þannig loftgæði og draga úr annarri mengun með því að afnema einokun á áfengissölu. Eins og staðan er í dag eru viðskiptavinir oft knúnir til þess að fara akandi í vínbúð þar sem aðeins 13 útsölustaðir eru á öllu höfuðborgarsvæðinu. Væri netverslun með heimsendingu gefin frjálst væri augljóslega dregið úr umferð og þá skapast á jaðrinum sterkari forsenda fyrir bíllausum lífstíl. Með aukinni samkeppni má þá ennfremur ætla að fleiri útsölustaðir væru opnaðir sem aftur þýddi að í mörgum tilfellum þyrfti ekki að fara um eins langan veg. Þau áhrif væru svo enn sterkari ef áfengissala, a.m.k. á léttvíni, væri leyfileg í matvöruverslunum, þar sem hægt er að samnýta verslunarferðina og ferðast um styttri veg þar sem margfalt fleiri matvöruverslanir eru á höfuðborgarsvæðinu heldur en Vínbúðir. Verði af einhverjum af þessum breytingum myndi þó aðgengi að einhverju leyti aukast samhliða jákvæðum umhverfisáhrifum. Því skal ítrekað að forvarnir og meðferðarúrræði skipta mestu máli til að lágmarka neikvæð áhrif áfengisneyslu.

Frelsi til áfengisauglýsinga ætti að fylgja í kjölfarið

Þá telur Viðskiptaráð mikilvægt að endurskoða tilgang 20. gr. laganna sem bannar hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum. Bann við áfengisauglýsingum hefur verið við lýði frá 1928, en Ísland er eitt fárra Evrópulanda þar sem almennt bann er lagt við áfengisauglýsingum. Með tilkomu samfélagsmiðla og annarra netmiðla hafa auglýsingar á tóbaki og áfengi aukist til muna, og eru þær orðnar mjög útbreiddar á samfélagsmiðlum. Auglýsingabannið héraðsgerir því lítið annað en að veikja stöðu íslenskra áfengisframleiðenda gagnvart erlendum og úr því þarf að bæta. Augljóslega er umrætt lagaákvæði úrelt og nauðsynlegt að fella það úr gildi svo leikendur á markaði sitji við sama borð.


Áður hafa komið fram hugmyndir um að áfengisauglýsingar verði heimilari að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þar á meðal að samhliða sé upplýst og frætt um skaðleg áhrif áfengis. Slík nálgun getur vel

svarað þeim áhyggjum sem uppi eru um áfengisauklýsingar hér á landi. Þannig mætti vel taka mið af þeim skilyrðum sem sett eru í hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB, þar sem tekið er t.a.m. fram að áfengisauklýsingar megi ekki beinast sérstaklega að ólögráða börnum, ekki megi tengja neyslu áfengis við bættu líkamlega hæfni eða aksturog að ekki eigi að skapa þá ímynd að neysla áfengis stuðli að félagslegri velgengi, ásamt fleiri skilyrðum er hafa forvarnargildi.

Við þetta er að bæta að reglulega og ítrekað birtast auklýsingar ÁTVR, stundum í dýrum auklýsingaplássum, þar sem starfsemi ÁTVR er auklýst. Til dæmis hefur stofnunin iðulega séð tilefni til að minna viðskiptavinum sína á að hafa skilríki meðferðis þegar þeir komi við í verslun ÁTVR. Þetta byggist á 18. gr. áfengislaga sem er öllum aðgengileg í lagasafni og engin sjáanleg ástæða til að auklýsa sérstaklega, enda alkunna að 20 ára aldurstakmark gildi til að kaupa á áfengi og að viðskiptavinir þurfi að geta sannað að þeir hafi náð áfengiskaupaaldri.

Í ljósi framangreinds telur Viðskiptaráð tímabært að gera breytingar á íslenskri áfengislöggjöf. Ráðið telur að hægt sé að ná heilsuverndarmarkmiðum á skilvirkari og áhrifaríkari hátt án þess að íslensk verslun beri skarðan hlut frá borði.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.


Aðla Eir Vilhjálmsson
lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



Kópavogur 4. mars 2021

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp lagt fram á 151. löggjafarþing 2020–2021 af dómsmálaráðherra, Þingskjal 850 — 504. mál,^[1] um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað).

Æskan leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi um breytingar á áfengislögum. Dómsmálaráðherra hefur margreynt að veikja forvarnir gegn áfengi. Núna vill hún undanþágur á einokun ÁTVR á smásölu áfengis, með því að heimila framleiðendum áfengis að selja áfengi til neytenda á framleiðslustað. Áformin fjalla um breytingar á áfengislögum nr. 75/1998 og lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak.^[2]

Æskan vinnur með börnum og fullorðnum í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Frumvarp þetta er í algerri mótsögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.^{[3][4]} Frumvarpið vinnur gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna, kvenna^[5], jafnréttis og ofbeldis ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna^[6] sem er hluti íslenskra laga. **Við köllum eftir heildstæðri stefnu í lýðheilsumálum þar sem forvarnir áfengis og annara vímuefna eru settar í forgang.**

Í fyrri umsögnum Æskunnar sem lesa má á vef alþingis, hafa komið fram margar traustar heimildir sem eru gefnar út á ábyrgð viðurkenndra stofnana, innlendra og alþjóðlegra um vandann sem neysla áfengis veldur. Af þeim er ljóst að vandinn vegna neyslu áfengis er gifurlegur og mikilvægt að leita allra mögulegra leiða til þess að halda honum í skefjum. Umfram allt eru þær þó staðfesting og áminning um að *áfengi er engin venjuleg neysluvara* og eðlilegt að um hana gildi um margt annað fyrirkomulag og reglur en ýmsar aðrar vörur.^[7]

Félagar Æskunnar og vinir vilja þakka sérstaklega fyrir hve vel yfirvöldum tókst að hefta útbreiðslu COVID-19 faraldursins á Íslandi og ber að þakka þeim fyrir fumulauis viðbrögð og staðfestu. Æskan hvetur yfirvöld til að standa líka svona vel að vörnum gegn faraldri áfengis og annara vímuefna.

Áfengisneysla á meðgöngu stofnar lífi og heilsu móður, fóstur og ungabarns í hættu. Það er brýn þörf á að bæta heilsu kvenna á meðgöngu sem og barna þeirra með því að bera kennsl á þætti sem auka áhættu þeirra og grípa til ráðstafana til úrbóta.^[8]

Á heimsvísu má rekja 90.000 dauðsföll vegna ofbeldis til áfengis. Börn eru ósjálfbjarga fórnarlömb allskyns ofbeldis þar sem áfengi er annars vegar. Í skýrslu velferðarráðherra 2010 - 2011 um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum,^[9] kemur skýrt fram „Stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og þar með ofbeldi sem tengist henni. Áhrifaríkustu forvarnirnar eru verðstýring og takmarkað aðgengi að áfengi.“^[10]

Áfengisskaði er faraldur um allan heim. Ungt fólk verður fyrir hlutfallslega meiri skaða vegna áfengis en aðrir aldurshópar. Áfengi stefnir menntun í hættu. Neysla áfengis og annarra skaðlegra efna hefur verið tengt við fjölda neikvæðra afleiðinga þegar kemur að menntun, þar með talin léleg ástundun, lélegur námsárangur og brottfall úr skóla. Það liggur eindregin sönnun fyrir því að áfengisneysla hefur slæm áhrif á heilsufar, félagslíf og menntun. Áfengi er það vímuefni sem börn á aldrinum 13 – 15 ára nota mest. Áfengi grefur undan venjum og forsendum fyrir árangur í námi. Áfengisnotkun innan fjölskyldunnar og í samfélaginu er verulegur áhættuþáttur fyrir lélegan námsárangur. Áfengi er skýr áhættuþáttur fyrir öllu ofangreindu og leiðir til þess að:

Foreldrahlutverkið er vanrækt og yfirgefið. Fábrotnum úrræðum er sóað í áfengi í stað hollrar fæðu, tómstunda og námsgagna. Veikindi sem til koma vegna áfengis auka enn á brýnt ástandið og kynda upp í víthringnum. Venjur og skilyrði fyrir námsárangur veikjast og grotna í sundur. Áfengisvandamál foreldra auka verulega líkurnar á því að börnin þeirra muni þróa með sér áfengisvanda síðar á ævinni. Milljónir fullorðinna í Evrópu og Norður-Ameríku (þar sem vandamálið er viðurkennt og rannsakað) glíma við áhrif erfiðra atburða í æsku á lífsgæði (e. Adverse Childhood Experiences - ACEs). 10% lækkan á tíðni ACEs gæti sparað sem samsvarar 3 milljónum svokallaðra „glataðra góðra æviára“ (e. disability-adjusted life years – DALYs) eða 105 milljörðum dollara. Áfengisforvarnir þurfa að horfa líka á áhrif erfiðra atburða á lífsgæði.^[11]

Frábær árangur: Varla þarf að minna á þann árangur sem náðst hefur varðandi vimefnaneyslu barna og ungs fólks. Slíkan árangur þarf að viðhalda og halda þarf áfram með öflugt fyrirbyggjandi starf fyrir eldri aldurshópa milli 16 og 19 ára. Einnig þarf öflugt fyrirbyggjandi starf fyrir fullorðna, sérstaklega foreldra. Áfengi er ekki vara eins og matvara heldur sem fíkniefni sem við þurfum að umgangast með aðgát. Lög okkar eiga að leggja áhersla á að takmarka aðgengi að áfengi og vernda sérstaklega hópa eins og börn og unglínga. Áformin varða líka jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar þar sem áfengisíðnaðurinn ýtir undir neikvæðar ímyndir kvenfólks og hlutgerir þær. Lýðheilsusjónarmið, Barnasáttmáli og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ganga framár hagsmunum áfengisíðnaðarins.

Fulltrúar Æskunnar eru tilbúnir að leggja lið við frekari vinnu við stefnumörkun í forvörnum.

[1] <https://www.althingi.is/altext/151/s/0850.html>

[2] http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf

[3] <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[4] https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuv_firlysing/

[5] <https://unric.org/is/heimsmarkmid-um-sjalfbaera-throun/>

[6] <https://www.barnasattmali.is/is>

[7] <https://www.who.int/news-room/articles-detail/global-action-plan-to-reduce-the-harmful-use-of-alcohol>

[8] <http://iogt.is/2021/02/11/2847/>

[9] <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1214.pdf>

[10] [https://apps.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB146/B146\(14\)-en.pdf](https://apps.who.int/gb/ebwha/pdf_files/EB146/B146(14)-en.pdf)

[11] <http://iogt.is/wp-content/uploads/2020/08/Alcohol-and-SDGs-Movendi-2.0-ISL-2-29-06-2020-Endanleg-AG.pdf>

Öldur ehf er fyrsta og eina mjaðargerð Íslands. Félagið hefur starfað í rúm 3 ár og hefur að leiðarljósi að kynna mjöð aftur fyrir Íslendingum.

Við fögnum frumvarpi um breytingum á áfengislögum en við dettum algerlega út fyrir þann ramma sem gefin er upp samkvæmt 4. grein.

Mjöður, eða hunangs-vín er eðli sínu samkvæmt bruggaður úr hunangi, en ekki bygg eins og tiltekið er í 4. grein frumvarpsins. Mjöður er mjög fjölbreytilegur og getur verið mjög léttur, eða frá um 3%af styrkleika og alveg upp í léttvíns styrkleika eða 16-17% en samkvæmt frumvarpinu gætum við ekki selt neitt af okkar vörum þar sem í fyrsta lagi má einungis selja vörur úr bygg og í öðru lagi dettur út um helmingur af þeim vörum sem við framleiðum vegna 12% reglunnar. Þó svo að það sé gott og gilt sjónarmið að leyfa ekki sölu á áfengum gosdrykkjum eða sterku víni að þá verðum við að mótmæla þessum takmörkunum því vörur Öldurs liggja algerlega fyrir utan þessar reglur. Mjöður er hvorki sterkt vín né áfengt gos. Mjöður er elsti áfengi drykkur mannkynssögunnar og okkur finnst það glapræði að skilja þennan forna og merka drykk út undan því að fá leyfi til þess að selja hann frá framleiðslustað.

Fyrir hönd Öldurs ehf
Sigurjón Friðrik Garðarsson
Meðstofnandi og framkvæmdastjóri

www.öldur.is



ÖLDUR

Ölverk brugghús í Hveragerði fagnar því unnið sé að breytingum á áfengislögum Íslands. Þykir okkur það afar ánægjulegt að upplifa það að þessum tiltölulega nýja og blómlega iðnaði sé gefið tækifæri til þess að dafna enn frekar.

Eigendur Ölverk brugghúss styður þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á áfengislögum en með þeim;

- Mun áfengissala á Ísland færast til samræmis við það sem tíðkast í löndum sem Ísland vill bera sig saman við en munu þessar breytingar styðja við litlu brugghúsin í landinu og veitir þeim aukið svigrúm til að vaxa og dafna.

- Þær munu tryggja grundvöll fjölda manns sem hafa beinar eða óbeinar tekjur af handverksbrugghúsum sem eru í dag staðsett allstaðar á landinu og mörg hver á svæðum er teljast til brotthættari byggða þar sem hver starf skiptir sköpum.

- Mun verður fjölbreytni og ferskleika vöru til neytenda tryggð.

- Ísland mun efla sína stöðu sem einn af vinsælustu viðkomustöðum heims en ferðamennska í tengslum við matar,- og drykkjarupplifanir, og þá sérstaklega bjórtengd ferðamennska, hefur sótt verulega í sig veðrið á síðustu árum. Það er hagar Íslands að vera leiðandi á þessu sviði í stað þess að leggja steina og íþyngjandi regluverk á íslensk hugvit og sköpun.

Heimild til þess að selja áfengi í smásölu til neytenda mun ekki þýða aukinn sýnileika á umræddum vörum þar sem salan mun fara fram inn á leyfis,- og eftirlitsskyldum stöðum. Hægt verður að selja umræddar vörur í bestu mögulegu gæðum og verður það að teljast ómetanleg upplifun fyrir áhugasama neytendur, hvaðanæva úr heiminum að eiga kost á því að versla vöru sem er hvergi annars staðar fáanleg, beint af framleiðslustað og taka með heim.

Á framleiðslustað er að finna aðila sem hafa mikla þekkingu á sínum eigin vörum og afar velviljaðir til þess að upplýsa og fræða áhugasama viðskiptavini um eigin vörur og ágæti þeirra svo að hverju sinni verði tryggt að hin fullkoma vara verði keypt. Sannarlega væri svo hægt, í samráði í við leyfisveitendur eins og til dæmis sveitarfélögin sjálf, að setja mörk um það magn sem leyfilegt væri að versla og hver afgreiðslutíminn yrði.

Við hvetjum einnig til þess að horft verði sérstaklega til þess að heimilt verði að afhenda vörurnar í endurnýtanlegum umbúðum eða í svokölluðum “growlers”. Er það í takt við tíðarandann og þá stefnu að í öllum viðskiptum skuli unnið markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif af viðkomandi starfsemmum.

Það í hag alls landsins, og alls heimsins ef út í það er farið, að sníða áfengisframleiðendum þannig stakk að þeim sé gert mögulegt að lágmarka sitt umhverfisþor. Umbúðarlaus viðskipti eru hluti af þeirri framtíðarneysluhegðu sem allir vilja reyna að tileinka sér og bjórframleiðendur, aðrir áfengisframleiðendur og neytendur hérlendis vilja vera þar í fararbroddi og að aðrir þjóðir heimsins muni líti til okkar og þeirra lausna sem við muni innleiða.

Laufey Sif Lárusdóttir (meðstofnandi og framkvæmdarstjóri Ölverk)

Elvar Þrastarson (meðstofnandi og bruggmeistari Ölverk)